RÓSA STEFÁNSDÓTTIR

Heldur upp á muni með sögu

• heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

FASTEIGNIR

Nýtt og vel skipulagt einbýlishús

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

GUÐBJÖRG ASTRID SKÚLADÓTTIR

Lætur gott af sér leiða í dansi

Klassíski listdansskólinn fimmtán ára

TÍMAMÓT 18

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. september 2008 — 237. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Spurt er um blöðrubólgu

Auður Alfífa og Feministafélagið halda pub-quiz með fjölbreyttara spurningavali en tíðkast.

FÓLK 30

Sló kennurum sínum við

Arkitektinn Guðni Björn Valberg átti þátt í vinningstillögu að Listaháskóla Íslands. Hann hafði betur gegn gömlum kennurum sínum úr skólanum.

FÓLK 30

Bestu pólitíkusarnir

Íslendingar eru ekki bara bestu handboltamennirnir heldur líka bestu stjórnmálamennirnir, skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 16

Fjölnir í úrslitaleikinn



Tómas Leifsson tryggði Fjölnismönnum sigur, 3-4, á ögurstundu gegn Fylki í gær.

ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



BJART Í FYRSTU Í dag verða norðlægar áttir, 3-10 m/s, hvassast með ströndum. Rigning norðan og austan til en bjart veður fram eftir degi á landinu sunnan- og vestanverðu. Hiti 10-17 stig, hlýjast syðst.

VEÐUR 4

Þingmenn tefja reglurnar um eigin hagsmunatengsl

Um átján mánuðir eru síðan drög að reglum um eignir þingmanna voru send til allra flokka. VG var eini flokkurinn sem svaraði. Ekki verður skylt að gefa upp eignir. „Við hvað eru menn hræddir?“ spyr prófessor.

STJÓRNMÁL Drög að reglum um skráningu á fjárhagslegum hagsmunatengslum alþingismanna voru send úr forsætisnefnd til umsagnar þingflokka í mars 2007.

Enginn þingflokkur svaraði erindinu nema VG, sem kom með breytingartillögur, um að hert yrði á reglunum og þær festar í lög, svo refsa mætti fyrir brot á þeim.

Enginn þingflokksformaður hinna flokkanna man nákvæmlega hvers vegna bréfinu var ekki svarað á sínum tíma, en þess skal getið að tveir þeirra voru ekki þingsflokksformenn þá. Málið er sagt hafa gleymst í aðdraganda alþingiskosninga í maí. Drögin eru að danskri fyrirmynd og samkvæmt þeim myndu þingmenn meðal annars gefa upp eignir sínar og gjafir sem þeir þiggja, yfir ákveðnu verðmæti. Bréfið hefur nú verið ítrekað, og liggur hjá þingflokksformönnum.

„Það er eina vitið að menn setji heildstæðar reglur um þessa hluti, þannig að þetta sé gegnsætt,“ segir Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingar.

Siv Friðleifsdóttir, formaður þingflokks Framsóknar, segir reglurnar lítið mál fyrir flokkinn.

„Því við birtum þetta nú þegar á heimasíðu okkar. Við erum mjög opin fyrir þessu,“ segir hún.

Vinstri græn birta einnig á heimasíðu sinni upplýsingar um eignir þingmanna og Þuríður Backman, fulltrúi VG í forsætisnefnd, segir að flokkur hennar hafi lengi kallað eftir slíkum reglum. Verst sé að drögin geri ráð fyrir að þingmenn velji hvort það fylgi reglunum eður ei.

Valkvæðnin er „tóm vitleysa“ að mati Kristins H. Gunnarssonar, þingflokksformanns Frjálslyndra.

„Það væri nær að gera þetta með lagafrumvarpi, svo þetta hafi einhverja lagalega stoð. Annað er tvískinnungur,“ segir hann.

Annars er ekki á Kristni að heyra að þingmenn eigi að þurfa að gefa upp þessa hluti.

Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður þingflokks sjálfstæðismanna, telur ekki að reglurnar eigi að binda í lög.

„Nei, ég sé enga ástæðu til þess. Kjörnir fulltrúar bera fyrst og fremst ábyrgð gagnvart kjósendum sínum,“ segir hún.

Baldur Þórhallsson, prófessor við Háskóla Íslands, segir valkvæðar reglur „hálfkák“. „Annað hvort er að hafa reglur sem öllum ber að fylgja eða ekki. Og það má spyrja í framhaldinu: við hvað eru menn hræddir?“ **- kóþ / sjá síðu 2**

BÚIST TIL BROTTFARAR Íbúar New Orleans voru hvattir til að yfirgefa borgina í gær fyrir komu fellibylsins Gústavs. Talið er að stormurinn komi til New Orleans í dag. Íbúar eru enn að jafna sig eftir að stormurinn Katrína fór þar um fyrir þremur árum og lagði borgina í rúst, segir Gestur Ólafsson prófessor sem býr norðvestan við New Orleans. **Sjá síðu 4.** NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Kjaramál ljósmæðra:

Svartsýnar á að deilan leysist

KJARAMÁL Samningafundi ljósmæðra og samninganefndar ríkisins í gær lauk án árangurs. Guðlaug Einarsdóttir, formaður Ljósmæðrafélags Íslands, segist ekki sjá neina viðleitni hjá samninganefnd ríkisins til þess að leysa deiluna.

GUÐLAUG EINARSDÓTTIR

„Það ber mikið í milli. Við erum svartsýnar á að þetta leysist næstu daga.“

Verkföll ljósmæðra hefjast að óbreyttu á fimmtudag.

Að sögn Guðlaugar er næsti fundur klukkan tvö í dag. Einnig er félagsfundur hjá Ljósmæðrafélaginu í kvöld þar sem þessi mál verða rædd. - þeb

Mikil eftirspurn eftir kvikmyndatökum á Íslandi eftir hrun krónunnar:

Aldrei verið meira að gera

FÓLK Íslensk fyrirtæki sem sinna erlendum kvikmyndafyrirtækjum hafa sjaldan haft jafn mikið að gera og í sumar. Helga Margrét Reykdal hjá True North segir að fyrirtækið hafi haft í nægu að snúast síðustu vikur. „Ágústmánuður er búinn að vera sérstaklega þéttur og fjörugur.“ segir Helga. Magnús Viðar Jónsson hjá Saga-Film og Andrea Brabin hjá Eskimo hafa sömu sögu að segja. „Það hefur verið töluvert mikið að gera hjá okkur í sumar, mun meira en á sama tíma í fyrra. Fyrirspurnum frá erlendum fyrirtækjum hefur einnig fjölgað til muna,“ segir Magnús Viðar. Ástæðan að baki þessu mun vera slæmt gengi krónunnar. „Staða krónunnar er mjög veik miðað við erlenda gjaldmiðla og það er fyrirtækjum eins og okkar í hag,“ segir Magnús Viðar.

- sm / sjá síðu 30

SPURNING DAGSINS

Guðrún, ertu með svona safarík læri?

„Je, men!“

Sunnudagslæri hjá Guðrúnu Ögmundsdóttur var slegið á 120 þúsund krónur á uppboði til styrktar hjálparstarfi í Jemen.

Prófessor segir „engin vinnubrögð“ að eignareglur þingmanna verði valkvæðar:

Á ekki að vera feimnismál

STJÓRNMÁL Þingsætin hækka í verði með hverju árinu, því prófkjörsbaráttan verður sífellt dýrari, og getur numið mörgum milljónum. Það er því nauðsynlegt að kjósendur viti hverjir eru bakhjarlar þingmanna þeirra og það á ekki að vera feimnismál.

Þetta er skoðun Baldurs Þórhallssonar, prófessors í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Hann telur hugmyndir, um reglur fyrir þingmenn sem sumir geti farið eftir og aðrir ekki, vera „hálfkák“.

„Ef sú er raunin, þá eru þetta engin vinnubrögð. Í þessu prófkjörsumhverfi þurfa frambjóðendur sífellt að leita víðar fanga til að tryggja sér þingsæti og endurkjör og það vita það allir,“ segir hann.

Eignir og hagsmunatengsl þurfi því að vera uppi á borðinu, þetta efli lýðræði og stuðli að gagnsæi.

„Það er rökrétt að settar séu reglur sem eru bindandi, þannig að þingmenn þurfi að fylgja þeim. Það væri líka rökrétt framhald af nýsettum lögum um fjármál stjórnmálaflokka,“ segir Baldur.

Ákvæði um siðareglur er að finna í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Þar segir að „ráðherrum, alþingismönnum og stjórnsýslu ríkisins [verði] settar siðareglur“.

- kóþ

BALDUR ÞÓRHALLSSON Segir að rökrétt sé að setja bindandi reglur um eignir og hagsmunatengsl þingmanna. Annað sé hálfkák. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skáksveit Rimaskóla:

Norðurlandameistarar í skák

SKÁK Skáksveit Rimaskóla tryggði sér í gær sigur á Norðurlandamóti grunnskólasveita í skák. Í lokaumferðinni vann liðið stórsigur á dönsku sveitinni. Sigurinn á mótinu var nokkuð öruggur en fyrir síðustu umferðina hafði sveitin eins og hálfs vinnings forskot á norsku sveitina.

Sveit Rimaskóla skipa Hjörvar Steinn Grétarsson, Hörður Aron Hauksson, Sigríður Björg Helgadóttir, Dagur Ragnarsson og Jón Trausti Harðarson. Hjörvar stóð sig best af keppendunum með fjóra og hálfan vinning af fimm mögulegum. - ges

Lífi blásið í konu eftir slys á sirkussýningu

Jafnvægisatriði fór úrskeiðis á sirkussýningu á Akureyri í gær þegar stúlka féll fimm metra á höfuðið. Áhorfendur og starfsmenn sirkussins héldu að stúlkan hefði látist. Kraftaverk að hún skyldi ekki slasast alvarlega. Viðstaddir í áfalli.

SLYS „Stórkostlegt kraftaverk er að hún skuli vera á lífi,“ segir Jörn Kvist, stjórnandi Sirkus Agora, en jafnvægisatriði fór úrskeiðis á sýningu hans á Akureyri með þeim afleiðingum að loftfimleikakona, Ludvika Berouskova, féll fimm metra niður úr stiga með höfuðið á undan.

„Ég hélt fyrst að hún hefði hálsbrotnað og dáið. Þetta er mesta áfall sem ég hef fengið. Hjartað tók aukaslag,“ segir Jörn. „Hún hætti að anda í smástund en maðurinn hennar blés í hana lífi.“

Þorgerður Kristín Jónsdóttir, sem varð vitni að slysinu, tekur í sama streng. „Ég hélt hún væri dáin. Mér líður ennþá illa.“

„Þetta er mjög hættulegt fag,“ segir Jörn. „Systir einnar í hópnum okkar lést í svipuðu slysi fyrir fimm árum, þannig að við vorum öll mjög slegin,“ segir hann. „Hún fékk heilahristing og er marin í andliti en ekkert er brotið og það blæddi ekki inn á heilann.“

Ludviku líður vel að eigin sögn. „Það hlýtur að fylgja mér verndarengill,“ segir hún. „Fyrir það er ég þakklát. Ég reikna með að geta unnið aftur eftir nokkra daga.“

Jörn segir að undirlag tjaldsins hafi forðað frekari hörmungum. „Það er gras undir tjaldinu á Akureyri. Ef þetta hefði gerst í Reykjavík er ég ekki viss um að hún væri með okkur í dag.“

Jörn segir að ýmislegt hafi haft áhrif á að slysið varð. „Við náðum ekki að setja tjaldið upp fyrr en á síðustu stundu vegna veðurs. Þess vegna fengum við of lítinn tíma til að æfa okkur. Svo var þetta fyrsta sýningin þeirra þannig að þau hafa ekki mikla reynslu. Ludvika var í öryggislínu,“ heldur hann áfram, „en sá sem hélt í línuna togaði of fast í hana með þeim afleiðingum að stiginn datt. Línan hélt henni þó uppi í nokkrar sekúndur þar til hún gaf sig.“

BORUBRÖTT Ludvika Berouskova ber sig vel þrátt fyrir fimm metra fall á höfuðið. Með henni er Jörn Kvist. MYND/SINDRI SVAN

Þorgerður segir að mikil óvissa hafi verið meðal áhorfendanna. „Fólk vissi ekki hvað var að gerast enda gerðist þetta svo hratt.“ Áhorfendur héldu þó ró sinni og var meðal annars einn læknir í áhorfendahópnum sem hljóp til og hlúði að konunni.“ **gudmundure@frettabladid.is**

HALLANDI RÚTA Hallinn á rútunni var töluverður en sem betur fer valt hún ekki. MYND/HALLDÓR ÞORSTEINSSON

Farþegar forðuðu slysi:

Valt næstum niður tvo metra

SLYS Minnstu munaði að full rúta af fólki ylti niður tveggja metra háan kant að morgni föstudags. „Ökumaður rútunnar bað farþegana að færa sig yfir í þá hlið rútunnar sem var fjær kantinum,“ segir Finnbogi Leifsson, bóndi í Hítardal, og telur það hafa skipt sköpum um að hún hafi ekki oltið.

Kantur vegarins gaf sig þegar ökumaður sveigði framhjá djúpri holu, en mikið er af slíkum holum í veginum, samkvæmt Finnboga. „Ómögulegt er að segja til um afleiðingarnar hefði rútan oltið,“ segir hann að lokum. **- ges**

Slökkvilið sýndi snarræði:

Eldur á Keflavíkurflugvelli

ELDUR Eldur kviknaði í rafmagnsbúnaði á Keflavíkurflugvelli í gærmorgun. Spennufall hjá Hitaveitu Suðurnesja er talið hafa valdið brunanum.

Slökkvilið kom strax á staðinn og engin hætta var á alvarlegu slysi. Smávægilegar tafir urðu á innritun og brottför á Keflavíkurflugvelli en úðakerfi vallarins fór í gang, auk þess sem rafmagnslaust var í skamma stund. Varafmagnskerfið tók þó fljótlega við. - ges

ZOCALO-TORG Í MEXÍKÓBORG Erfiðlega hefur gengið að draga úr glæpum í Mexíkó. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tugir þúsunda mótmæla:

Mexíkóar mótmæla glæpum

MEXÍKÓ, AP Yfir 150 þúsund manns komu saman á Zocalo-torgi í Mexíkóborg í fyrrakvöld til að mótmæla glæpaöldu í landinu. Mótmælendurnir voru flestir klæddir í hvítt, héldu á kertum og sungu þjóðsöng Mexíkó.

Að minnsta kosti 2.700 hafa verið myrtir í Mexíkó það sem af er árinu og þrjú hundruð rænt, að miklu leyti í tengslum við eiturlyfjaverslun.

Felipe Calderon, forseti Mexíkó, hefur gert baráttu gegn glæpum að sínu helsta stefnumáli. Lögreglumönnum hefur verið fjölgað og eru þeir nú betur vopnaðir. Erfiðlega hefur hins vegar gengið að knésetja vel skipulögð glæpagengi landsins.

- gh

SUÐURLAND

Sluppu vel úr bílveltu

Fimm manns sluppu án alvarlegra áverka eftir að bíll þeirra valt í gærnótt. Ökumaðurinn missti stjórn á bílnum á Biskupstungnabraut eftir miðnætti í gær með þeim afleiðingum að hann valt. Ökumaðurinn var sendur til skoðunar á slysadeild.

Íslendingur í Bandaríkjunum skilaði pappírum vegna landvistarleyfis of seint:

Íslendingur hefur þurft að dúsa í mánuð í bandarísku fangelsi

BANDARÍKIN Íslenskum manni, Fannari Gunnlaugssyni, hefur verið haldið í fangelsi í Reno í Nevada-ríki í Bandaríkjunum síðstliðinn mánuð vegna vandamála við umsókn hans um landvistarleyfi. Hann fluttist til Bandaríkjanna fyrir tveimur árum og giftist bandarískri konu. Hann sótti um landvistarleyfi í Bandaríkjunum þegar níutíu daga landvistarleyfi hans var runnið út.

„Fyrir fjórum vikum mætti hann á fund og var handtekinn á þeim forsendum að hann hefði sent inn pappíra tveimur dögum of seint, umfram níutíu daga landvistarleyfið,“ segir Gunnlaugur Hafsteinsson, faðir Fannars, sem er einnig búsettur í Bandaríkjunum. Hann segir son sinn láta illa af vistinni í fangelsinu, þar sem hann sé lokaður inni í átta fermetra klefa með öðrum manni í allt að 23 tíma á sólarhring. Fangelsisvistin hafi því tekið mikið á hann.

Gunnlaugur segist hafa verið í sambandi við íslenska sendiráðið í Washington frá upphafi og fengið staðfest að síðustu þrjár vikur hafi Fannar átt bókað far heim til Íslands frá Minneapolis. Því hafi verið frestað, auk þess sem ekki sé vitað hver eigi að borga flutning Fannars frá Reno til Minneapolis. Feðgarnir vita því ekkert hvenær Fannar verður sendur heim til Íslands. **- þeb**

FEÐGARNIR Gunnlaugur segir að syni hans líði illa í fangelsinu og hafi meðal annars lést mikið á þeim mánuði sem hann hefur verið í haldi þar. Þeir vita ekki hvenær Fannar kemst heim til Íslands.

Bíó-kortin fjölka

Tilboðið gildir til 5. sept!

6 x í Bíó! – og 2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. með öllum símatilboðum Nova!

DAGUR & STEINI

BÍÓKORT NOVA

Nokia 6120

útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

Sony Ericsson K660i

útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

Samsung L760

útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

Þú borgar 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði fyrir farsímann og færð 2.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði – þú ert í raun ekki að borga neitt fyrir símann. Að auki fylgir Bíókort Nova – 6x frítt í bíó með öllum símatilboðum í áskrift og frelsi til 5. september. Skiptu núna!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Bankastræti og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

NOVA

Greiðslumáti: Mánaðarleg 2.000 kr. afborgun í 12 mánuði greidd með kreditkorti. Greiðsludreifingargjald 150 kr./mán. Fullt verð - Þá þarf ekki kreditkort.

GENGIÐ 29.08.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	82,7	83,1
Sterlingspund	151,23	151,97
Evra	121,75	122,43
Dönsk króna	16,323	16,419
Norsk króna	15,332	15,422
Sænsk króna	12,895	12,971
Japanskt jen	0,7600	0,7644
SDR	129,77	130,55

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
158,8986

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Leitað að staðsetningu og unnið að málum hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi:

Vinna getur hafist á þessu ári

FÉLAGSMÁL Undirbúningsvinna fyrir byggingu þrjátíu rýma hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi er hafin. Fyrr í sumar ákvað bærinn að hætta við þátttöku í byggingu níutíu rýma hjúkrunarheimilis á Lýsislóðinni í vesturbæ Reykjavíkur.

Félagsmálaráðherra hefur staðfest við bæjarstjóra Seltjarnarness að gert sé ráð fyrir að hjúkrunarheimili verði reist og undirbúningur að því geti hafist á þessu ári.

Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, segir að þegar ákveðið hafi verið að hætta við samstarf um hjúkrunarheimili á Lýsislóð hafi verið skipaður vinnuhópur, „sem í sitja fulltrúar meirihluta og minnihluta til að vinna áfram að stefnumörkun og hugmyndafræði heimilisins, um mögulega samstarfsaðila og auðvitað líka til viðræðna við ríkið um undirbúning málsins“.

Jónmundur segir að vinna hópsins hafi gengið vel og verið sé að skoða staðsetningar fyrir væntanlegt heimili. Þá sé einnig verið að skoða nýja hugmyndafræði þar sem önnur þjónusta verði tengd við heimilið og staðsett á sama stað. „Þá erum við að tala um miðstöð heimaþjónustu, mögulega aðstöðu fyrir félagsstarf eldri borgara og dagvistina okkar.“ Jónmundur telur raunhæft að vinna við heimilið geti hafist á þessu ári.

- þeb

UNDIRRITUN Jónmundur, Siv Friðleifsdóttir, þáverandi heilbrigðisráðherra, og Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þáverandi borgarstjóri, við undirritun samningsins fyrir tveimur árum.

Móttaka strákanna okkar:

Sex milljónir í hátíðarhöldin

STJÓRNSÝSLA Kostnaður menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar vegna hátíðarhalda í tilefni af heimkomu íslensku Ólympíufaranna nam tæpum sex milljónum króna. Ríki, borg og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands stóðu sameiginlega að skipulagningu og kostnaði.

Kostnaður við svið, hljóðkerfi, tjald, tæknimenn, gæslu og sviðsstjórn var stærsti kostnaðarliðurinn, 2,7 milljónir króna. Kostnaður við listamenn var 1,2 milljónir króna og gjafir til landsliðsins kostuðu 1,1 milljón. Þá fóru 435 þúsund krónur í akstur og 415 þúsund í veitingar.

- þeb

FLUGVÉL RYANAIR Tilvikum þar sem flugvélar þurfa að lenda tafarlaust vegna lítils eldsneytis hefur farið fjölgandi í Bretlandi.

Flugmönnum hjá Ryanair:

Skipað að takmarka eldsneyti

SAMGÖNGUR Flugmenn hafa brugðist ókvæða við tilmælum lággjaldaflugfélagsins Ryanair um að þeir skuli takmarka magn varaeldsneytis sem þeir setja á flugvélar, að því er The Sunday Times greinir frá. Segja þeir það stefna flugöryggi í hættu.

Samkvæmt Evrópureglum verður að vera nægt eldsneyti í flugvélum til að komast á varaflugvöll auk fimm prósenta varabirgða. Auk þess er ætlast til að flugmenn áætli nauðsyn á frekari aukabirgðum, meðal annars með hliðsjón af veðri. Ryanair hefur sagt að þetta magn megi ekki fara yfir þrjú hundruð kíló, nema í undantekningartilvikum.

Ekki eru í gildi slíkar takmarkanir hjá íslenskum flugfélögum, að sögn Jóhannesar Bjarna Guðmundssonar, formanns Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

- gh

KÍNA

27 létust í jarðskjálfta

Að minnsta kosti 27 létust og 362 særðust í jarðskjálfta í Sichuan-héraði í Kína á laugardaginn. Hundrað og áttatíu þúsund heimili skemmdust í jarðskálftanum, að sögn yfirvalda. Skjálftinn varð á sama svæði og skjálftinn í maí sem olli dauða nærri sjötíu þúsunda.

Íbúar enn í sárum eftir síðasta fellibyl

Fellibylurinn Gústav reið í gær yfir Kúbu og hélt í átt norður að suðausturströnd Bandaríkjanna. Íbúar New Orleans flýja í hrönnum, en fólk þar um slóðir er enn að jafna sig eftir Katrínu, að sögn Gests Ólafssonar prófessors.

NÁTTÚRUHAMFARIR Mikill viðbúnaður er í suðausturríkjum Bandaríkjanna fyrir ætlaða komu fellibylsins Gústavs í dag. Hann reið í gær yfir Kúbu og hélt áleiðis norður yfir Mexíkóflóa. Hundruð þúsunda hafa flúið borgir í suðaustanverðum Bandaríkjunum. Hafnarborgin New Orleans í Louisiana líkist draugaborg.

Gestur Ólafsson, prófessor við Ríkisháskóla Louisiana, segir að stöðugur bílastraumur hafi verið frá New Orleans, en íbúar borgarinnar eru enn að jafna sig frá því að fellibylurinn Katrína gekk þar yfir fyrir þremur árum.

„Það er í raun og veru skelfilegast að þetta gerist aftur eftir svona stuttan tíma. Það eru ekki nema þrjú ár síðan og uppbyggingin var ekki ennþá búin. Þarna bjuggu rúm fjögur hundruð þúsund manns, en eru nú ekki nema um tvö eða þrjú hundruð þúsund. Margir komu ekki til baka. Svæðin þarna eru mörg hver ennþá í hálfgerðum rústum.“

Á föstudaginn fór fram útför síðustu fórnarlamba Katrínu, þeirra sem ekki var hægt að vera kennsl á.

Borgarstjóri New Orleans, Ray Nagin, bað í gær alla íbúa borgarinnar að flýja. Hann hefur sagt þá sem eftir verða vera þar á eigin ábyrgð.

Flóðgarðar gæta New Orleans, en um helmingur borgarinnar er undir sjávarmáli. Þeir brustu þegar Katrína gekk yfir og áttatíu prósent borgarinnar fóru undir vatn. Síðan hafa flóðgarðarnir verið efldir verulega. En óvíst er samt hvort þeir haldi, verði Gústav fjórða stigs fellibylur þegar hann fer yfir borgina.

Styrkur Gústavs fór niður í þrjá í gær þegar hann fór yfir Kúbu en endurheimti styrk sinn yfir Mexíkóflóa. Er líklegt að hann nái fjórða stigi áður en hann nær að ströndum Bandaríkjanna, með vindhraða upp á allt að 250 kílómetra á klukkustund.

Mikið eignatjón varð af völdum bylsins á Kúbu og einhverjir særðust. Engar fregnir hafa borist af dauðsföllum. Olíuvinnsla liggur að mestu niðri í Mexíkóflóa. Fjórðungur af olíuframleiðslu Bandaríkjanna kemur þaðan.

George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur tilkynnt að hann sæki ekki flokksþing Repúblikanaflokksins sem hefst í Minnesota-ríki í dag. Hann ætlar að kanna viðbúnað fyrir Gústav í Texas, heimaríki sínu.

gunnlaugurh@frettabladid.is

EYÐILEGGING Mikið eignatjón varð á Kúbu eftir að fellibylurinn Gústav reið þar yfir. Engar fréttir höfðu hins vegar borist af dauðsföllum. Talið er að fellibylurinn nái til Louisiana í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Blöðum fækkar í Danmörku:

Hætta útgáfu Nyhedsavisen

DANMÖRK Útgáfu danska fríblaðsins Nyhedsavisen hefur verið hætt frá og með deginum í dag. Simon Andersen, ritstjóri blaðsins, staðfesti þetta við danska ríkisútvarpið í gærkvöldi. Þá var nýbúið að tilkynna starfsmönnum blaðsins um þessa ákvörðun.

Ekkert blað mun koma út í dag, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er yfirlýsingar frá Morten Lund, aðaleiganda blaðsins, að vænta um málið seinna í dag.

- þeb

Leikskólavandi í Reykjavík:

312 milljónir í heimgreiðslur

REYKJAVÍK Rúmlega þrjú hundruð milljónir munu fara í greiðslur til foreldra sem eru með börn sín á biðlistum leikskóla í Reykjavíkurborg fram til ársins 2011.

„Hvert pláss á leikskóla kostar mikið og það tekur svolítið á fyrir borgina að byggja þá,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs.

Hún segir að greiðslur til verkefnisins muni lækka ár frá ári, en á sama tíma muni framlög til leikskólauppbyggingar hækka. Áætlað er að verkefninu ljúki árið 2012, og þá muni allir foreldrar hafa val um leikskóla, ungbarnaskóla eða dagforeldra. Heimgreiðslur, sem heita þjónustutryggingar hjá borginni, nema 35 þúsund krónum á mánuði.

- þeb

SUÐURNES

Fjórir í fangageymslum

Fjórir gistu fangageymslur lögreglunnar á Suðurnesjum aðfaranótt sunnudags. Talsverð ölvun var á Sandgerðisdögum og þurfti lögregla að hafa afskipti af unglingum sem höfðu áfengi um hönd.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

ÚRKOMULOFT Í dag siglir úrkomuloft úr austri, vestur yfir land og því nokkur breytileiki á veðrinu næsta sólarhringinn. Núna með morgninum verður víða rigning norðaustan og austan til en síðar í dag fer að rigna norðvestan til og á Vestfjörðum. Bjart verður sunnan til í nær allan dag en smám saman þykknar þar upp og fer að rigna með kvöldinu.

Á MORGUN 8-13 m/s SA-til, annars 3-8. Rigning V-til um morguninn,

MIÐVIKUDAGUR 3-10 m/s, stífastur með ströndum.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	20°
Billund	21°
Ósló	16°
Stokkhólmur	15°
Gautaborg	21°
London	20°
París	21°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	18°
Berlín	25°
Alicante	30°
Mallorca	28°
Basel	22°
Eindhoven	22°
Las Palmas	26°
New York	30°
Orlando	33°
San Francisco	24°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR KLETTHÁLSI

500.000 FYRIR ÞANN GAMLA!

UPP Í KAUP Á NOTUÐUM JEPPLINGI

Komdu upp á Kletthváls með gamla bílinn og settu hann upp í jeppling árgerð 2004 eða nýrri. Við metum bílinn þinn á kr. 500.000, sama hvernig hann er, bara að hann sé skoðaður 2009.

Opið 10–18 virka daga | Opið 12–16 laugardaga

Klettháls | sími 590 5040 | www.heklanotadirbilar.is | notadirbilar@hekla.is

KJÖRKASSINN



Vilt þú að sérstakt ráðuneyti verði stofnað fyrir efnahagsmál?

Já 45%

Nei 55%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eiga að vera til siðareglur sem skikka þingmenn til að greina frá eignum sínum?

Segðu þína skoðun á vísir.is

Hjalti Gunnarsson hefur farið 24 þúsund kílómetra með hópa ferðamanna:

Farið hundrað ferðir yfir Kjöl

FERÐALÖG „Kjölur er orðinn vinur minn ef svo má segja," segir Hjalti Gunnarsson, sem fór á dögunum sína hundruðustu hestaferð yfir Kjöl. „Maður þekkir orðið þúfurnar og steinana með nafni. Þó sér maður alltaf eitthvað nýtt."

Síðastliðin fjórtán ár hefur Hjalti ferðast samtals 24 þúsund kílómetra yfir Kjöl með hópa ferðamanna fyrir Íshesta. Þessi vegalengd jafngildir tæplega átján ferðum um hringveginn og 41 maraþoni á hverju ári. Hjalti segist þó síst orðinn leiður á Kili. „Maður hefur alltaf jafn gaman af þessu. Það er alltaf nýtt fólk til að kynnast og ég hef verið gríðarlega heppinn með fólk sem aðstoðar mig í þessu. Það eina sem ég er orðinn þreyttur á er hve lítið er gert fyrir reiðleiðir hérlendis. Það er margt sem mætti laga fyrir lítinn pening."

Um þrjú þúsund manns hafa verið samferða Hjalta á þessum árum en þar af segir hann langflesta vera erlenda ferðamenn. „Það voru svona fimm prósent Íslendingar í sumar sem þó er aukning. Það hafa komið margfalt fleiri útlendingar á Kjöl en Íslendingar. Fólk heldur að Kjölur sé leiðinlegur yfirferðar, en það er misskilningur, og fólk á ekki orð yfir hvað leiðin er mikilfengleg." - ges

BÖRN NÁTTÚRUNNAR Hjalti ásamt eiginkonu sinni, Ásu Dalkarls.

Fiskistofa beitir refsiúrræðum:

Sex skip svipt veiðileyfi í júlí

ÚTGERÐ **Fiskistofa svipti sex skip veiðileyfum í júlímánuði vegna brota á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.**

Í fimm tilvika var úrræðinu beitt vegna veiða umfram aflaheimildir.

Sæberg frá Hafnarfirði og Hildur frá Norðurfirði fengu veiðileyfin á ný eftir að kvótastaða þeirra hafði verið leiðrétt en Valur og Gullbjörg frá Súðavík og Júlíana Guðrún frá Sandgerði verða án leyfa þar til kvótastaða þeirra hefur verið löguð. Þjóðbjörg frá Sandgerði var svipt leyfi í eina viku vegna framhjálöndunar og afladagbókarbrots. - bþs

MENNTUN

Fleiri kennarar með réttindi

Hlutfall framhaldsskólakennara á Íslandi með kennsluréttindi jókst um 6,7 prósentustig frá árinu 2000 til ársins 2007, úr 71,3 prósentum í 78 prósent, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Sama hlutfall er í höfuðborginni og á landsbyggðinni.

MOSFELLSBÆR

Guðný bæjarlistamaður

Guðný Halldórsdóttir kvikmyndagerðarmaður hefur verið valin bæjarlistamaður Mosfellsbæjar í ár. Þetta var tilkynnt við hátíðlega athöfn á bæjarhátíð Mosfellsbæjar. Guðný er meðal annars þekkt fyrir myndina Ungfrúin góða og húsið.

Foreldrarnir þjást með börnunum

Móðir ungs manns sem svipti sig lífi í sumar vinnur nú að stofnun samtaka fyrir foreldra barna sem glímt hafa við einelti. Lektor við Kennaraháskólann segir framtakið þarft. Fjórðungur foreldra segir að ekki sé tekið á einelti í skólum.

MENNTUN „Ég vil að samtökin hafi það að markmiði að styðja við bakið á foreldrum barna sem hafa lent í einelti," segir Ingibjörg Helga Baldursdóttir grunnskólakennari. Eins og greint hefur verið frá svipti sonur Ingibjargar sig lífi í sumar og segir Ingibjörg gegndarlaust einelti sem hann varð fyrir í grunnskóla fyrst og fremst ástæðu dauða hans.

Ingibjörg og Þráinn Lárusson, faðir piltsins, ákváðu að dauði sonar þeirra yrði ekki feimnismál heldur myndu þau tala opinberlega um það sem hann gekk í gegnum og afleiðingar eineltisins fyrir hann. Auk þess vildu þau minna á að einelti væri ekki aðeins bundið við þann tíma sem það stæði yfir eða það barn sem fyrir því yrði. Afleiðingar þess væru langvarandi og öll fjölskylda barnsins þjáðist með því.

Ingibjörg segir samtökunum ætlað að vera vettvangur fyrir foreldra til að leita sér ráðgjafar, skiptast á skoðunum og miðla reynslu sinni.

Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor í tómstundafræðum við Háskóla Íslands sem lengi hefur beitt sér gegn einelti, segir samtök sem þessi mjög þörf. Eineltismál séu oft á tíðum flókin og þrungin tilfinningum og því þurfi foreldrar stuðning við að fóta sig í baráttunni fyrir barnið sitt.

Eitt þeirra markmiða sem Ingibjörg segist vilja sjá samtökin vinna að er að vera þrýstihópur á breytingar innan skólakerfisins. Hún telur brýnt að forvarnarstarfi og eineltisvinnu sé gert hærra undir höfði og vill sjá skólayfirvöld og sveitarfélög axla frekari ábyrgð á þeim störfum.

Í nýrri viðhorfskönnun foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur, sem gerð var fyrir menntasvið borgarinnar, kom fram að af þeim 2.903 foreldrum sem svöruðu spurningunni um hvort þeir vissu til þess að eineltismál hefðu komið upp í skólanum svöruðu tæp sextíu prósent játandi eða 1.677. Þegar spurt var hvernig foreldrum hefði þótt brugðist við eineltinu í skólanum taldi rétt tæpur fjórðungur foreldra að skólinn hefði ekki tekið á málinu. Þá telja töluvert margir foreldrar að bæta megi upplýsingastreymi til þeirra um mál sem þessi.

Kjartan Magnússon, nýskipaður formaður menntaráðs Reykjavíkur, sagði í viðtali við Fréttablaðið að hann gerði sér vel grein fyrir því hve mikilvæg þessi mál væru, hann teldi málin nú í góðum farvegi meðal skólayfirvalda en alltaf mætti gera betur. karen@frettabladid.is

KJARTAN MAGNÚSSON

INGIBJÖRG HELGA BALDURSDÓTTIR

VANDA SIGURGEIRSDÓTTIR

Hefur komið upp eineltismál í skólanum sem þú manst eftir?

	Fjöldi	Hlutfall
Já	1.677	57,8%
Nei	1.226	42,2%

Heimild: Viðhorfskönnun Menntasviðs Reykjavíkur árið 2008

Hvernig fannst þér tekið á því máli af hendi skólans?

	Fjöldi	Hlutfall
Fljótt og vel	634	41,2%
Vel en ekki nógu fljótt	556	36,2%
Sk. tók ekki á málinu	348	22,6%

Heimild: Viðhorfskönnun Menntasviðs Reykjavíkur árið 2008

Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með hvernig umsjónarkennari upplýsir foreldrahópinn um líðan og félagsanda í bekknum, s.s. ef einelti kemur upp?

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög ánægð(ur)	939	34,9%
Frekar ánægð(ur)	693	25,8%
Hvorki né	639	23,8%
Frekar óánægð(ur	245	9,1%
Mjög óánægð(ur)	174	6,5%

Heimild: Viðhorfskönnun Menntasviðs Reykjavíkur árið 2008

Neytendur verða að varast að greiða fyrir rangar vörur:

Beðið í röð eftir endurgreiðslu

Þegar ég fer yfir kassakvittunina og bið afgreiðslufólk verslana að útskýra eitthvað nánar, fara og athuga hilluverð eða endurgreiða mér nokkrar krónur, er ég stundum litin hornauga. Mér er alveg sama og ég held að ef fleiri fylgdust með myndu verslanirnar sjá sér hag í að fara að lögum og verðmerkja rétt. Anna skrifar:

Ég byrjaði á að fara í Nettó í Mjódd en ég hafði fundið það út að lífrænn Hipp ungbarnamatur væri ódýrari þar en ég hafði séð annars staðar. Ég tíndi til það sem mig vantaði. Hélt ég svo í Bónus í Holtagörðum og að síðustu í Hagkaup í sama kjarna og keypti það sem ég hafði ekki fengið í Bónus.

Þegar ég hafði greitt við kassann sá ég færslu sem ég kannaðist ekki við. Samkvæmt kvittuninni átti ég að hafa keypt sítrónugras í staðinn fyrir ferskan aspas sem hins vegar vantaði á kvittunina. Hófst þá hið skemmtilega ferli að fá peningana endurgreidda.

Heima renndi ég yfir kassakvittanirnar frá Nettó og Bónus. Samkvæmt Nettó kvittuninni átti ég að hafa keypt 2 tepakka í stað eins.

Þegar ég leit svo yfir Bónus kvittunina sá ég að ég átti að hafa keypt 3 dósir af baunum þegar ég keypti aðeins tvær.

Samtals urðu þetta 760 krónur sem ég greiddi til einskis. Héðan í frá kem ég ekki til með að skammast mín fyrir að stöðva kassaraðir í matvöruverslunum, jafnvel á háannatíma, á meðan ég læt leiðrétta mistök.

HELGA ÞÓREY
neytendur@frettabladid.is

ASPAS Þetta er ekki sítrónugras.

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

STIGAR OG HANDRIÐ ÚR GLERI OG STÁLI

ÚTI SEM INNI

ATLANTSKAUP Upplýsingar á www.atlantskaup.is
Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,112 Reykjavík S: 533 3700

Alfesca kynnir ársuppgjör

Alfesca heldur opinn kynningarfund fyrir fjárfesta, greiningaraðila og fjölmiðla **þriðjudaginn 2. september kl. 16:00**

Fundurinn er haldinn á Hilton Reykjavík Nordica en þar mun Xavier Govare, forstjóri félagsins, fara yfir uppgjör ársins.

Einnig er hægt að fylgjast með vefvarpi frá fundinum á vefsíðu Alfesca, **www.alfesca.com**. Þar má einnig nálgast afrit af kynningunum að fundi loknum.

Alfesca

Fyrst og fremst
í heilsudýnum

Stillanleg rúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu á góðu verði

Scape Wallhugger – Eitt með öllu

· þráðlaus fjarstýring
· sér stilling fyrir höfuðlag
· nudd
· sleði sem leggst upp að vegg
· afar hljóðlátt og þægilegt í notkun

Scape	Verð	Tilboð
120x200	309.900	299.900
160x200	479.900	459.900
180x200	499.900	479.900
KING SIZE	519.900	499.900

IQ-CARE ein allra besta heilsudýna sem hægt er að fá í dag. Fæst í 2 stífleikum.

Proflex er mest selda stillanlega rúmið hjá okkur, enda á góðu verði

Proflex	Verð	Tilboð
160x200	279.900	259.900
180x200	299.900	279.900

10.000 kr. afsláttur af öllum heilsurúmum

IQ-CARE
HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Violino
leðurhægindastólar,
ítölsk hönnun. Þrír litir.
Verð 79.900.

WILLIS & GAMBIER
svefnherbergis-
húsgögn

Allt að 50% afsláttur af völdum svefnherbergishúsgögnum

AKUREYRI

Svefn & heilsa

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

Íbúar í Flóahreppi krefjast vegbóta á vegi við félagsheimilið Þjórsárver:

Óboðlegur vegur í Flóahreppi

SAMGÖNGUR „Það er enginn burður í veginum lengur, þetta er bara drullusvað," segir Sonja Arnardóttir á Arabæ í Flóahreppi um fjögurra kílómetra vegakafla við Þjórsárver í Flóahreppi austan Selfoss.

Hún segir mikla umferð fara um veginn á degi hverjum, þar með talið skólabíll sem aki þar mörgum sinnum á dag. Henni finnst óviðunandi að engar þungatakmarkanir gildi á veginum. Vöruflutningabílar aki oft þunghlaðnir um veginn og skemmi hann því enn frekar.

„Það er búið að tala við sveitarstjórnina og margbúið að hringja í Vegagerðina. Við viljum að það sé borið í veginn og hann sé gerður mönnum bjóðandi," segir Sonja.

DRULLUSVAÐ Eins og sjá má er vegurinn við Þjórsárver í Flóahreppi afar illa farinn, þrátt fyrir aðgerðir Vegagerðarinnar.

Svanur G. Bjarnason, svæðisstjóri Vegagerðarinnar á Suðurlandi, segir að fyrr í sumar hafi vegurinn verið heflaður og endurmótaður. „Þá var efni tekið úr vegköntum og heflað inn í veginn. En það hefur ekki heppnast nógu vel því þegar vegurinn blotnar þá veðst hann mikið upp í drullu," segir Svanur.

Á fimmtudag var vegurinn heflaður og segir Svanur það hafa verið gert til að ýta helstu drullunni ofan af veginum. Hann segir enga varanlega aðgerð áætlaða við umræddan veg fyrr en árið 2010 en þá standi til að leggja á hann bundið slitlag. Vegagerðinni sé ætlað að sjá til þess að vegurinn sé fær og því verði borið í veginn ef það þyki nauðsynlegt. **- ovd**

Úrskurður ráðuneytis:

Bæjarstjóralaun ekki athugaverð

SVEITARSTJÓRNIR Samgönguráðuneytið gerir ekki athugasemd við framkvæmd ráðningarsamnings Sigurðar Magnússonar bæjarstjóra Álftaness. Ráðuneytið skoðaði málið að kröfu Guðmundar Gunnarssonar, oddvita minnihlutans í bæjarstjórn.

SIGURÐUR MAGNÚSSON

Í úrskurði samgönguráðuneytisins segir að 30 til 40 þúsund króna mánaðarlegar greiðslur til bæjarstjórans fyrir nefndarsetur utan stjórnsýslunnar séu ekki óhóflegar. Sveitarfélagið sé í fullum rétti að ákveða greiðslurnar.

„Ég harma það þegar andstæðingar í stjórnmálum grípa til vinnubragða af því tagi sem gert var í þessu máli og ganga fram í að sverta og hafa æru af andstæðingi sínum þegar málefnaleg rök þrýtur," segir í yfirlýsingu frá Sigurði Magnússyni bæjarstjóra. **- gar**

TÍMABUNDIN ÁHRIF Á MARKAÐINN Jafnvel þegar mjög mikið magn fíkniefna næst af lögreglu, svo sem í svokölluðu smyglskútumáli, virðist framboðið á efnum hér á landi það mikið að áhrifin af slíkum handlagningum eru mjög tímabundin.

Framboð örvandi fíkniefna í hámarki

Þótt fíklum hafi fjölgað mjög hér á landi og eftirspurn eftir efnum aukist hefur verð á fíkniefnum ekki verið í takt við verðlagsþróun. Lögregla getur aðeins sinnt broti af ábendingum um dreifingu efna.

LÖGREGLUMÁL Fíkniefnamarkaður á Íslandi virðist ótrúlega háþróaður. Þótt lögregla nái að leggja hald á mikið magn efna virðist það lítil áhrif hafa á framboð þeirra. Þetta segir Ari Matthíasson, framkvæmdastjóri félags- og útbreiðslusviðs SÁÁ.

ARI MATTHÍASSON

Ari rökstyður orð sín með því að vísa í að verð á fíkniefnum hafi ekki fylgt verðhækkunum í samfélaginu. Í átta ár hefur SÁÁ tekið saman tölur um verð á fíkniefnum með því að spyrja alla þá sjúklinga sem leita sér hjálpar hjá samtökunum um hvort þeir hafi keypt efni á síðastliðnum tveimur vikum og hvað þeir hafi greitt fyrir þau.

KARL STEINAR VALSSON

Ari segir að jafnvel þegar mjög stórar sendingar af ólöglegum efnum séu teknar, svo sem þegar lögreglan stöðvaði innflutning á sextíu kílóum af örvandi vímuefnum á Fáskrúðsfirði í fyrra, það er í svokölluðu smyglskútumáli, hafi það mjög tímabundnar verðhækkanir í för með sér. Það sýni að framboð og eftirspurn eftir efnunum séu mjög mikil.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir það rétt að áhrif af því þegar hald er lagt á fíkniefni, jafnvel mjög stórar sendingar, virðist vara í skamman tíma. Fullyrðingar og útreikningar SÁÁ um stærð fíkniefnamarkaðarins á Íslandi virðist réttar – markaðurinn hér virðist óvenju umfangsmikill miðað við önnur lönd.

> Þetta er skelfilegur faraldur sem nú er í hámarki.
>
> **ARI MATTHÍASSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI FÉLAGS- OG ÚTBREIÐSLUSVIÐS SÁÁ

Karl Steinar segir ekki hægt að benda á einfaldar lausnir til að draga úr innflutningi fíkniefna. Þó sé alltaf vert að benda á mikilvægi þess að borgararnir vinni með lögreglunni og komi með ábendingar um ólöglega dreifingu á efnum. Staðan sé þó sú að nú geti lögreglan aðeins sinnt broti af þeim ábendingum sem berist.

Á síðasta ári voru 650 fíklar í örvandi efni greindir á sjúkrahúsinu Vogi. Rannsóknir sýna að eftir tíu ár má búast við því að um átta prósent þeirra verði látnir, stór hluti þeirra kominn með króníska sjúkdóma svo sem lifrarbólgu og þá séu ótalin þau skaðvænlegu áhrif sem fíkniefnaneytandinn hefur á samfélag sitt og fjölskyldu. „Þetta er skelfilegur faraldur sem nú er í hámarki," segir Ari. Hann segir að sú mikla fjölgun sem orðið hafi meðal fíkniefnaneytenda og sú aukna eftirspurn eftir efnum sem henni fylgi hafi átt að kalla á verðhækkanir á efnum. Sú staðreynd að það hafi ekki orðið sýni vel hve framboðið sé mikið af ólöglegum vímuefnum. **karen@frettabladid.is**

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLU REKKJUNNAR

10-70% AFSLÁTTUR!

HEILSUKODDAR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

HÚSGÖGN, SÓFAR OG SYNINGARRÚM
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

ÞRÝSTIJÖFNUNAR-SVAMPSRÚM
(Queen Size 153x203)
FRÁ kr. 86.400

FJÖLSTYLLANLEG HEILSURÚM
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

SVEFNSÓFAR
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

SÆNGURVER
30% AFSLÁTTUR

Rúm með latex-heilsudýnu
Almennt verð kr. 247.108
ÚTSÖLUVERÐ Kr. 190.100

KING KOIL
(Queen Size 153x203)
FRÁ kr. 89.900

COMFORT solutions®
By King Koil®

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

FALSAÐAR EVRUR Í BOGOTÁ Lögreglumaður í Bogotá í Kólumbíu stendur vörð um falsaða 500 evru seðla sem fundust í kjallara húss í borginni. Fölsuðu seðlarnir nema 11,2 milljónum evra, eða jafnvirði nærri 1,3 milljarða króna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kjell Magne Bondevik og fimm aðrir fyrrverandi þingmenn í Noregi hugsanlega kærðir til lögreglu:

Níutíu milljónir í ofgreiddan lífeyri

NOREGUR Sex norskir þingmenn hafa fengið ofgreiddan lífeyri sem jafngildir alls rúmlega níutíu milljónum íslenskra króna síðustu árin, samkvæmt skýrslu frá norsku ríkisendurskoðuninni. Í hópnum er Kjell Magne Bondevik, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs. Hugsanlegt er að sexmenningarnir verði kærðir til lögreglu eða að einhver utanaðkomandi verði fenginn til að rannsaka málið.

Kjell Magne Bondevik fékk ofgreiddan lífeyri eftir setu sína á norska þinginu fyrri hluta ársins 2006. Hann var á þeim tíma í tuttugu prósenta starfshlutfalli við friðar- og mannréttindamiðstöðina í Osló og hafði árslaun upp á 1,2 milljónir íslenskra króna. Síðari hluta ársins 2006 jókst starfshlutfall hans og um leið tekjurnar. Lífeyrir hans hefði því átt að falla niður fyrir allt árið. Hann endurgreiddi lífeyrinn að hluta en Ríkisendurskoðunin telur hins vegar að hann hafi átt að greiða allt til baka.

Í skýrslu norsku ríkisendurskoðunarinnar er á stjórn lífeyrissjóðs stórþingsins gagnrýnd harðlega og talið að hún hafi ekki farið eftir sínum eigin reglum á réttan hátt. Stjórnin hafi látið það viðgangast að lífeyrisþegar hefðu hærri tekjur hluta af árinu ef lífeyririnn væri greiddur út á öðrum hluta ársins.

Fyrrverandi þingmenn undir 65 ára fá 66 prósent af fullum þingmannslaunum, einnig ef aldur og þingseta er samtals meira en 75 ár. Þingmenn mega hafa smá aukatekjur en það er á þeirra ábyrgð að láta vita af aukatekjum og ekki er fylgst sérstaklega með því. Eftir 65 ára aldur geta þingmenn haft ótakmarkaðar tekjur í viðbót við lífeyrinn. **- ghs**

ÁTTI AÐ ENDURGREIÐA ALLT Kjell Magne Bondevik, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs, fékk ofgreiddan lífeyri árið 2006.

KÍNA

Flugeldaverksmiðja springur

Fimmtán létust og sex særðust í sprengingu í flugeldaverksmiðju í Innri-Mongolíu í norðanverðu Kína á laugardaginn, að sögn yfirvalda. Kínverskar flugeldaverksmiðjur eru alræmdar fyrir að vera hættulegar.

LÖGREGLUMÁL

Innbrotahrina í Seljahverfi

Brotist var inn í bíl í Seljahverfi í gær og rafmagnsverkfærum og bakkmyndavél stolið. Segja má að innbrotahrina eigi sér stað í Seljahverfi því að sjö innbrot hafa verið í bíla og hús síðustu þrjá sólarhringa.

Nauðsynlegt að bæta skólalóðir í borginni

Niðurstöður nýrrar viðhorfskönnunar til forráðamanna barna í grunnskólum Reykjavíkur eru almennt mjög jákvæðar. Lítil ánægja er þó með leikaðstöðu á skólalóðum og segir borgarfulltrúi þau mál hafa verið vanrækt allt of lengi.

MENNTUN Talsverða óánægju má greina í svörum foreldra um leikaðstöðu barna þeirra á skólalóðum í borginni. Þetta er meðal þess sem lesa má út úr nýjustu niðurstöðum viðhorfskönnunar sem lögð var fyrir úrtak forráðamanna barna í öllum grunnskólum Reykjavíkur.

Þetta er í fimmta sinn sem viðhorf forráðamanna grunnskólabarna í borginni er kannað á átta árum og telur Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi sjálfstæðisflokksins og formaður Menntaráðs meginniðurstöður hennar ánægjulegar.

KJARTAN MAGNÚSSON

Óánægjuraddir vegna aðstæðna á skólalóðum telur hann vel skiljanlegar en af þeim 2.592 foreldrum sem svöruðu spurningu um hve ánægðir þeir væru með skólalóð barns síns kváðust rúmlega 35 prósent þeirra, eða 918, mjög eða frekar óánægð.

„Þessar skólalóðir hafa margar hverjar verið vanræktar í allt of langan tíma og á ferð minni um borgina hef ég séð nokkrar lóðir þar sem aðstaða er óviðunandi," segir Kjartan en fullyrðir að stefnt sé að því að bæta þennan þátt. Það sé mjög mikilvægt, ekki síst í ljósi aukinnar umræðu og þekkingar á mikilvægi leikja og tómstunda barna.

Meðal annarra niðurstaðna úr könnunni er að aðeins hefur dregið úr ánægju foreldra í Reykjavík með grunnskóla barns síns frá því árið 2000 en þá var hlutfall þeirra foreldra sem voru mjög eða frekar ánægðir með skóla barnsins rúmlega 81 prósent. Nýjustu niðurstöður sýna hins vegar að heildaránægja er 77 prósent.

Skýrsluhöfundar benda á að þegar skoðaðar séu breytingar frá fyrri mælingum standi nokkrir þættir upp úr sem hafi breyst verulega milli kannana. Meðal þeirra þátta er að hlutfall foreldra sem telja námslegar kröfur sem gerðar eru til barna þeirra vera hæfilegar hefur hækkað úr 67 prósentum árið 2000 í 76 prósent nú. Á sama tímabili hefur hins vegar hlutfall foreldra sem telur aga í skólanum vera hæfilegan farið úr 63 prósentum í sjötíu prósent en í sömu andrá má benda á að nú telja tæplega þrjátíu prósent að agi sé ekki nægilega mikill.

Ánægja forráðamanna með umsjónarkennara hefur mælst mikil í könnunum en hlutfall þeirra foreldra sem eru annað hvort mjög ánægðir eða frekar ánægðir með umsjónarkennara barns þeirra hefur verið um það bil áttatíu prósent.

karen@frettabladid.is

LEIKJUM ÞARF AÐ GERA HÆRRA UNDIR HÖFÐI Aðstaða á skólalóðum borgarinnar er á mörgum stöðum óviðunandi. Myndin tengist efninu ekki með beinum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

ÓVIÐUNANDI SKÓLALÓÐIR

Á þessu ári var ákveðið að Framkvæmda- og eignasvið myndu verja 250 milljónum króna í endurbætur á skólalóðum. Framkvæmdir hafa tafist, meðal annars vegna tíðra meirihlutaskipta í borginni, en meðal þeirra skólalóða sem brýnast þótti að bæta voru:

Vogaskóli, Hólabrekkuskóli, Laugalækjarskóli, Fellaskóli, Vesturbæjarskóli, Langholtsskóli, Foldaskóli

Norska Samaþingið:

Kosningabaráttan er hafin

NOREGUR Kosningabaráttan er þegar hafin meðal norskra Sama þó enn sé rúmlega eitt ár til kosninga á Samaþingið í Noregi. Kosið verður um miðjan september á næsta ári. Norska ríkisútvarpið NRK segir að þetta sé því lengsta kosningabarátta sem hafi átt sér stað.

Aili Keskitalo, fyrrverandi forseti Samaþingsins, hefur gefið kost á sér í forsetaembættið aftur fyrir hönd NSR, Norske Samers Riksforbund, en ekki er langt síðan hún dró sig í hlé í forsetaembættinu. Við það missti NSR meirihlutann á Samaþinginu.

- ghs

Nærbuxnamaðurinn í Noregi:

Bauð í notaðar nærbuxur

NOREGUR Nærbuxnamaðurinn, sem svo er kallaður í Noregi, hefur verið ákærður fyrir að hafa haft samband við minnst 75 stelpur alveg niður í tíu ára og falast eftir því að kaupa af þeim notaðar nærbuxur. Hann á margra ára fangelsi yfir höfði sér, að sögn Verdens Gang.

Nærbuxnamaðurinn hefur ofsótt meira en hundrað norskar unglingsstúlkur undanfarin ár. Hann var fyrir þremur árum dæmdur í 200 klukkustunda samfélagsþjónustu fyrir kynferðislega áreitni gagnvart unglingsstúlkum.

Nærbuxnamaðurinn hefur auglýst eftir nærbuxum og boðið 1.000 norskar krónur fyrir stykkið eða sem nemur um fimmtán þúsund krónum. **- ghs**

Forseti Afríkuríkisins Erítreu:

Bandaríkin sek um þjóðarmorð

AFRÍKA Þjóðarmorðið sem Bandaríkin fremja í Sómalíu er versti glæpur 21. aldarinnar, segir Isayas Afewerki, forseti Erítreu.

Fjölmiðlar hafa greint frá því að bandarísk yfirvöld styrki ýmsa stríðsherra í Sómalíu til að berjast við íslamska hópa. Þetta ýti undir allsherjar borgarastríð.

Afewerki segir það jafnvel verra að önnur lönd fái ekki fullnægjandi upplýsingar um það sem þar fari fram. Innrás Eþíópíumanna í Sómalíu hafi síðan bætt gráu ofan á svart. Þar sé ástandið nú afar eldfimt. - kóþ

LÖGREGLUFRÉTTIR

Aukið eftirlit við grunnskóla

Lögregla hyggst auka umferðareftirlit við grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu, meðal annars með ómerktri bifreið, til að bregðast við hraðakstri.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITAferðir.is

Brekkurnar bíða þín á Ítalíu

Beint morgunflug með Icelandair til Verona í vetur

24. og 31. janúar
og 7., 14., 21. og 28. febrúar.

Madonna di Campiglio og Canazei NÝTT!

Njóttu lífsins í fegurð ítölsku Alpanna. Fylltu lungun af fersku fjallalofti áður en þú svífur niður brekkurnar með roða í kinnum af mjallhvítu fjöri og sól.

Verð frá 109.995 kr.
og 15.000 Vildarpunktar

á mann í þríbýli, 2 fullorðnir og 1 barn, í 7 nætur, með hálfu fæði, á Hotel Grazía Plaza, brottför 24. jan. Almennt verð: 119.995 kr.

Berið saman verð og gæði

Fararstjórar: Anna og Einar

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 43488 08.2008

Vildarklúbbur

Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

VITA er í eigu Icelandair Group og flýgur með Icelandair á vit ævintýranna.

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444

vita FERÐIR

Kortið sem kemur þér út

www.americanexpress.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 08-1541

LITRÍKUR Dansari í hefðbundnum hátíðaklæðnaði í Kerala-héraði á Suður-Indlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Guðni Reynir Þorbjörnsson segist hafa komist í samband við furðuverur:

Skyggn segist hafa myndað álfa

FÓLK „Það má segja að ég sé skyggn, þó að ég sjái ekki álfa í hverju horni," segir Guðni Reynir Þorbjörnsson, nemandi í Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Guðni hefur skrifað bók þar sem hann segir frá samskiptum sínum við álfa, huldufólk og framliðna. Um síðustu mánaðamót fór hann að selja bókina á síðunni mysteriworld.com. Segir hann viðbrögðin hafa verið góð, einkum meðal útlendinga.

Guðni segist fyrst hafa séð álfa í ágúst 2006 en hafa síðan séð þá nokkrum sinnum. „Ég fæ rosalega góða tilfinningu þegar þeir eru að birtast mér og hitna allur. Þá veit ég að þeir eru að koma," segir Guðni. Hann segir þá virka sem fljúgandi ljósdepla.

Hann segist einnig hafa séð huldufólk og framliðna. „Huldufólk er eins og venjulegt fólk en svífur um og fer hratt yfir. Ég næ ekki nógu góðu sambandi við það. Það er eins og fólk sem lifir í öðrum heimi eða á öðru tilverustigi."

„Framliðið fólk er dáið fólk sem finnst erfitt að skilja við eitthvað, vill koma á framfæri einhverjum skilaboðum eða fattar ekki að það sé farið."

Guðni segir nokkra útlendinga hafa haft samband við sig og óskað eftir því að heimsækja Ísland. Segist hann ætla að taka á móti hópum næsta sumar. - gh

GUÐNI REYNIR Hvítu deplana fjóra á myndinni segir Guðni vera fljúgandi álfa. MYND/GUÐNI REYNIR

Þúsundir mótmæla í Taílandi:

Vilja afsögn forsætisráðherra

TAÍLAND, AP Þúsundir Taílendinga hafa síðustu daga mótmælt ríkisstjórn Samaks Sundaravejs forsætisráðherra og krefjast afsagnar hans. Samak er sakaður um spillingu og of náin tengsl við Thaksin Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra Taílands sem steypt var af stóli árið 2006 vegna ásakana um spillingu.

SAMAK SUNDARAVEJ

Samak neitar að segja af sér. Hann lét í gær kalla saman Taílandsþing á neyðarfund, en hann vonar að þingið geti hjálpað honum að lægja öldurnar í landinu. - gh

Leiðangur sýnir að sandsílum hefur fjölgað talsvert:

Jákvæð merki um aukið síli

UMHVERFISMÁL Tveggja vikna leiðangur Hafrannsóknastofnunar á Gæfu VE 11 sýnir að sandsílum hefur fjölgað talsvert miðað við árin 2006 og 2007. Má rekja það að langmestu leyti til eins árs sílis af 2007 árgangi. Vöxtur í árganginum virðist einnig hafa verið góður og góð meðallengd seiða í fyrra skilar sér nú í stóru ársgömlu síli.

Árgangur 2007 er mun stærri en árgangarnir 2005 og 2006, sem voru mjög lélegir. Í sumar var aukning á eins árs síli sérstaklega áberandi á svæðinu frá Vestmannaeyjum að Vík, þar sem nær ekkert hefur fengist af síli síðastliðin tvö ár. Eins og annars staðar jókst hlutfall eins árs sílis í aflanum í Breiðafirði, en þegar á heildina er litið fékkst þó minna þar af síli nú en undanfarin tvö ár. Ekki er þó hægt að segja til um nýliðun þessa árs með neinni vissu fyrr en sést hvernig hún skilar sér sem eins árs síli á næsta ári.

Farið var á fjögur svæði; Breiðafjörð, Faxaflóa, Vestmannaeyjar að Vík og Ingólfshöfða.

Á sama tíma berast fréttir af sáralítilli lundaveiði í Vestmannaeyjum en sandsíli er aðalfæða lundans hér við land. - shá

LUNDI MEÐ SÍLI Stór skörð hafa verið höggvin í lundastofninn vegna fæðuskorts. Merki eru þó um viðsnúning. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fljótið Kosi veldur usla:

Hundruð þúsunda á vergangi eftir flóð

INDLAND, AP Hundruð þúsunda Indverja eru heimilislausar og tugir hafa látist vegna flóða á Norður-Indlandi sem hófust fyrir tveimur vikum þegar bakkar fljótsins Kosi í Nepal brustu. Mikið vatn er í fljótinu sökum monsúnrigninga og ekki gert ráð fyrir að hægt verði að lagfæra bakka fljótsins fyrr en í nóvember.

Um 170 þúsund búa nú í ríkisreknum flóttamannabúðum við bágar aðstæður. Óttast er að smitsjúkdómar kunni að breiðast út. Indverski herinn hefur gert alla báta á stóru svæði upptæka til notkunar við björgunarstörf. - gh

Bullum í baði ...sturta.is

Sturtuklefar og baðker í ...breiðum bunum!

– hvað segirðu um bað?

Kr. 244.000
1300x1300x2150mm

Kr. 176.000
900x900x2150mm

Kr. 225.000
1520x850x2150mm

Ótrúleg verð

Kr. 249.000
1820x1320x775mm

Kr. 199.000
940x940x2150mm

Hátækni

Kr. 179.000
1360x1360x730mm

Komdu í bað, sturtan sér um það ...sturta.is

Nudd og nautn í baði ...sturta.is

Bara að drífa sig!

Reykjavíkurvegur 64,
220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566
Öll viðgerða/varahluta og uppsetningaþjónusta fyrir hendi

www.sturta.is allan sólarhringinn!

sturta.is

Ekki súr, farðu úr

Hreinn og beinn ...í sturtu!

EKKERT GVAKAMÓLEKJAFTÆÐI!

RÍLAOU

Frábærir lána-möguleikar!

NÝR BÍLL
BÍLAOUTLET

Opel ANTARA

2.0 CDTI Elegance, 150 hö. Verð áður: 4.990.000

4.290 þús!

NÝR BÍLL
BÍLAOUTLET

Opel Corsa OPC

1.6, 192 hö. Verð áður: 3.140.000 kr.

2.490 þús!

TAKIÐ EFTIR!

BÍLAOUTLET

NOKKRIR NÝIR SÝNINGAR-

NÝR BÍLL
BÍLAOUTLET

Hyundai SONATA

4 dyra, diesel 2.0, sjálfskiptur. Verð áður: 3.420.000 kr.

2.740 þús!

NÝR BÍLL
BÍLAOUTLET

Opel VECTRA

1.9 Diesel, 150 hö. Verð áður: 3.520.000 kr.

2.990 þús!

Bílarnir koma frá:

bílaland · IH NGVAR HELGASON · BL · AVIS

Auðvitað enn tilboð á notuðum!

Með fyrirvara um prentvillur.

ENNEMM / SÍA / NM36220

UTLET

NÝIR BÍLAR Á VERÐI NOTAÐRA!

NÝR BÍLL
BÍLAOUTLET

Renault Mégane

5 dyra, sjálfskiptur. Verð áður: 2.890.000 kr.

2.550 þús!

Kaupauki: filmur í rúðum og spoiler.

NÝR BÍLL
BÍLAOUTLET

Hyundai TUCSON

LUX, 2700cc, sjálfskiptur. Verð áður: 4.300.000 kr.

3.590 þús!

OG EFTIRÁRSBÍLAR

BÍLAOUTLET

AÐEINS ÞESSA VIKU!

NÝR BÍLL
BÍLAOUTLET

Opel ASTRA Turbo

1.6 turbo, 180 hö. Verð áður: 3.090.000 kr.

2.390 þús!

NÝR BÍLL
BÍLAOUTLET

Isuzu D-MAX Crew Cab

3.0 diesel, 163 hö/360 Nm, beinskiptur. Verð áður: 3.590.000 kr.

2.990 þús!

Tjarnarvöllum 3 | Hafnarfirði
Opið: mán-fös 12 - 19
og lau 12 - 16

BÍLAOUTLET

skoðun

greinar@frettabladid.is

„Kalt stríð“ í kjölfar Georgíustríðs?

Tímaskekkju-tuddaskapur

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Kalt stríð. Þessi uppvaknings-frasi frá síðustu öld tröllreið heimsfréttunum og allri umræðu um alþjóðamál alla síðastliðna viku. Tilefnið er sú atburðarás sem fylgt hefur í kjölfar leifturstríðs Rússa í Georgíu, sem Saakashvili Georgíuforseti gaf þeim ástæðu til að hefja er hann ákvað þann 7. ágúst að freista þess að beita her sínum til að ná aftur yfirráðum yfir aðskilnaðarhéraðinu Suður-Ossetíu.

Hin yfirdrifna beiting hervalds sem Rússar létu dynja á Georgíumönnum í refsingarskyni fyrir að reyna að viðhalda einingu ríkis síns og fyrir að freista þess að fá til þess atbeina Vesturveldanna, einkum og sér í lagi Bandaríkjanna, hefur skapað aðstæður sem sumir vilja líkja við kalt stríð. En réttlætir atburðarásin að þessi frasi frá liðnum tímum skuli nú vakinn upp á ný?

Með því mælir hve hörð orð hafa fallið á báða bóga, milli ráðamanna í Moskvu og leiðtoga Vesturlanda.

En það er líka ýmislegt sem mælir á móti því að þessi frasi – sem hingað til hefur eingöngu átt við samskipti risaveldanna tveggja, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, og bandamanna þeirra á þeirri tæplega hálfu öld sem þessar tvær blokkir stóðu kjarnorkuvígbúnar hvor gegn annarri – skuli notaður til að lýsa þeirri auknu hörku sem nú er hlaupin í samskipti Rússlands og Vesturlanda.

Sumir segja að með framgöngu sinni í Georgíu hafi Rússar sýnt mátt sinn og megin og opinberað vanmátt Atlantshafsbandalagsins til að verða að haldbæru liði þjóðum á sögulegu „áhrifasvæði“ Moskvuvaldsins, sem sýnt hafa vilja til að ganga í bandalagið. Rússar hafi með öðrum orðum komið skýrum skilaboðum til umheimsins: þeim refsast sem ekki virða vilja ráðamanna í Moskvu.

En hvað hafa Rússar í raun sannað með hernaði sínum í Georgíu? Að þeir geta tuddast með nágranna-smáþjóð? Þjónar það heildarhagsmunum Rússa að sýna umheiminum að þeir hiki ekki við að sýna litlum grannþjóðum tuddaskap? Efla þeir með því tilkall sitt til að vera ein af forystuþjóðum heimsins á 21. öld?

Auðvitað ekki. Raunar liggur nær að skilja þennan tuddaskap Rússa sem vott um allt annað en styrkleika. Að hann beri frekar vott um komplexa sem þjaki valdhafa í Moskvu yfir því að veldi þeirra er aðeins svipur hjá sjón í samanburði við það sem alræðisstjórnin á sovéttímanum réði yfir. Þeim finnst Rússland hafa gengið í gegnum mikið niðurlægingartímabil og telja að leiðin til að reisa landið upp úr því sé að sýna sem mestan hernaðarmátt. Og stunda kalt orðastríð við „óvininn“ í vestri, með þennan hernaðarmátt og olíu- og gasauð sér að baki. Sá auður er þó langtímaefnahag Rússlands skammgóður vermir. Á sama tíma er almannaþjónustukerfi landsins í molum, sem endurspeglast meðal annars í snarlækkuðum lífslíkum Rússa og örri fækkun þeirra.

Auðvitað eru það sameiginlegir hagsmunir Rússa, grannþjóða þeirra og Vesturlanda að vinna saman að því að styrkja réttarríkis- og lýðræðisþróun sem og efnahagslega uppbyggingu og viðskipti, ekki sízt í þeim löndum sem áður tilheyrðu Austurblokkinni enda súpa þau enn fátæktarseyðið af arfleifð valdstjórnar og spillts og óskilvirks áætlanabúskapar. Tilhneiging til tuddaskapar í krafti olíuauðs og hernaðarmáttar má ekki byrgja mönnum sýn á þessa sameiginlegu hagsmuni, hvorki í Moskvu né höfuðborgum Vesturlanda.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ÁBYRGÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

Aðalfundur Gigtarfélagsins

Aðalfundur Gigtarfélags Íslands verður haldinn miðvikudaginn 3. september, kl. 19:30 á Grand Hótel Reykjavík við Sigtún. Fundarsalur er Setrið.

Auk venjulegra aðalfundarstarfa mun Stefán Ólafsson prófessor halda erindi um aðstæður gigtarfólks á Norðulöndum. Hann mun ræða niðursöður nýrrar könnunar sem hann vann fyrir Norræna gigtarráðið sem nefnist; Félagslegur og persónulegur kostnaður við liðbólgur og gigtarsjúkdóma.

Allir eru velkomnir

Gigtarfélag Íslands

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fimm sinnum til Kína

Tryggvi Þór Herbertsson, efnahagsráðgjafi forsætisráðherra, skrapp með konu sinni til Peking í sumarfríinu. Hann fór til að sjá opnunarhátíð Ólympíuleikanna og handboltafárið fylgdi í kaupbæti.

Rætnar tungur höfðu gert því skóna að Tryggvi hefði farið út á kostnað skattgreiðenda og leiðréttist það hér með.

Tryggvi greiddi ferðina sjálfur, en þetta var í fimmta sinn sem hann heimsótti Kína.

Áróðursheilsuhæli

Jónas Kristjánsson setur jafnan fram skemmtilegar kenningar á blogginu sínu. Nú heldur hann því fram að „Heilsustofnun Framsóknarflokksins í Hveragerði“ sé í raun vopn í búri ákveðinna framsóknarmanna í innanflokksátökum. Hann segir að stofnunin hafi verið notuð til að reyna að „troða flokksdreggjunum upp fyrir Guðna Ágústsson í prófkjöri“ og „þannig notuð til átaka innan flokksins“. „Heilsustofnunin er rekin af hóp í Framsókn, sem vildi losna við Guðna úr formennsku,“ segir hann og bætir við að það sé „bara formsins vegna, að stofnunin er sögð í eigu Náttúrulækningafélags Íslands“.

Deyjandi stofn

Það er kannski góð vísbending um endurnýjun í Framsóknarflokknum síðustu ár eða jafnvel áratug að helsti vettvangur innanborðsátaka flokksins sé heilsuhælið í Hveragerði. Ólíkt hafast þeir að í baktjaldamakki sínu, framsóknarmenn í leirbaði og ítalskir mafíósar í gufubaði.

klemens@frettabladid.is / gudmundure@frettabladid.is

Bestu stjórnmálamenn í heimi

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Siðareglur í stjórnmálum

Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður skrifaði pistil á heimasíðu sína í síðustu viku þar sem hann velti vöngum yfir því hvort setja ætti stjórnmálamönnum siðareglur en kemst ekki að afdráttarlausri niðurstöðu – er svo sem tilbúinn að skoða það en er ekki alveg viss og sér ýmis vanhöld á því að slíkt sé framkvæmanlegt.

Í pistlinum víkur hann að því að erlendar rannsóknir á spillingu í stjórnmálum hafi leitt í ljós að „íslenska stjórnkerfið og íslenskir stjórnmálamenn séu lausir við spillingu og við stöndum flestum ef ekki öllum þjóðum framar í þeim efnum“.

Ef ekki öllum. Þetta er ekki ónýtt: Íslendingar eru ekki bara mestu fjármálasnillingar heims og bestu sjómennirnir og bestu handboltamennirnir og bestu skáldin – heldur líka bestu stjórnmálamennirnir.

Það er afskaplega notalegt að ylja sér við slíka hugmynd í smástund, en svo fara því miður að renna á mann tvær grímur. Getur hugsast að á Íslandi sé einhvers konar spilling sem ekki mælist í þessum alþjóðlegu könnunum?

Frændsemiráðningar

Við vitum til að mynda öll um þær frændsemiráðningar sem hér hafa tíðkast um árabil í stjórnsýslunni og raunar víðar hjá þeim sem hafa mannaforráð. Þá ráða menn til dæmis börnin sín í sumarvinnu eða maka á skrifstofuna eða gera vinum og kunningjum þann greiða að ráða börn þeirra – maður hringir í mann og biður fyrir krakkann og talið auðsótt mál að verða við því. Þetta er svo sem ekki alvarleg spilling – og krakkarnir sem ráðnir eru verða síðan að standa sig sjálf og sanna sig – en hvort þetta samræmist fyllilega vönduðum stjórnsýsluháttum – eða sé til þess fallið að fá þann hæfasta í starfið hverju sinni – er óneitanlega vafamál. Og þegar menn hafa yfir eftirsóttum störfum að segja eru þessir siðir við útdeilingu gæða ef til vill farnir að leiða til verri niðurstöðu en ella væri.

Klíkur

Hér eru klíkur. Hér eru skólasystkinaklíkur, íþróttafélagaklíkur, bernskuvinaklíkur, vinnustaðaklíkur, ættarklíkur, saumaklúbbaklíkur – og pólitískar klíkur. Innan hverrar klíku ríkja ákveðnar samskiptareglur og þar gera menn hver öðrum greiða. Menn hafa skyldur við klíkusystkin sem stundum virðast æðri skyldum við almannahagsmuni. Klíku-samskiptin virðast fara fram utan sjónlínu alþjóðlegra spillingarmæla – í partíum og sumarbústaðaferðum, á skíðum og í laxi – en eiga það eflaust til að menn hafa ekki almannahagsmuni endilega að leiðarljósi við úrlausn mála, heldur fremur hagsmuni klíkunnar. Allir Íslendingar þekkja það að fá eitthvað „í gegnum klíku“ og almennt er það ekki talið til spillingar, þó að þar sé einum kippt fram fyrir annan í röðinni á annarlegum forsendum.

Stjórnmálaflokkarnir hafa verið kjörinn vettvangur fyrir fólk sem vill stytta sér leið að markmiðum sínum: hér hafa mannaráðningar farið óvenju eindregið fram á flokkspólitískum forsendum, og er enginn flokkur þar undanþeginn.

Sérstök tegund af íslenskum ósiðum er svo laxveiðiferðirnar sem nýlega komust í sviðsljósið í kjölfar þess að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og þáverandi stjórnarformaður Orkuveitunnar fóru í slíka ferð á meðan Baugur hafði – tja – að minnsta kosti ána á leigu, en ekki fer á milli mála að fyrirtækið átti mikið undir velvild þeirra manna sem þarna munduðu stangir og skemmtu sér.

Svona ferðir munu vera alsiða hér: mönnum er boðið í lax til að koma á persónulegum samskiptum og hafa áhrif á það hvernig þeir taka ákvarðanir sem varða þá sem bjóða upp á skemmtunina. Hættan við þetta er þá sú að viðkomandi stjórnmálamenn gleymi því að þeirra hlutverk er að standa vörð um almannahagsmuni og þeim ber að taka ákvarðanir sínar með þá að leiðarljósi og ekkert annað. Það er hætt við að þeir telji sjálfum sér trú um að hagsmunir almennings og laxveiðibjóðandans fari saman; þetta ruglar með öðrum orðum dómgreind þeirra.

Meðal annarra orða: er algengt að stjórnmálamenn fari í laxveiði með fulltrúum fyrirtækja? Gæti ekki einhver blaðamaður skoðað gestabækur í helstu veiðihúsum landsins?

Kannski að Sigurður Kári hafi rétt fyrir sér og að við Íslendingar eigum óspilltustu stjórnmálamenn í heimi. Vandinn er bara sá að við vitum það ekki: Það hefur ekki verið rannsakað og alþjóðamælingar virðast af einhverjum ástæðum ekki fyllilega marktækar. Og sennilega er betra fyrir alla – stjórnmálamennina jafnt sem okkur almenning – að ríki ljósar reglur um það hvað telst við hæfi og hvað ekki, en hitt að hver og einn eigi það undir sjálfum sér og sinni eigin dómgreind.

Hún getur brugðist ótrúlegasta fólki – meira að segja íslenskum stjórnmálamönnum.

Á að svíkja í húsnæðismálum?

UMRÆÐAN

Ögmundur Jónasson skrifar um húsnæðismál

ÖGMUNDUR JÓNASSON

Samfylkingin undirbýr nú undanhald í húsnæðismálum. Svik myndi einhver kalla það eftir allar heitstrengingarnar um að ekki verði hróflað við Íbúðalánasjóði. Bankarnir hafa sem kunnugt er ofsótt sjóðinn, kært hann til Brussel og leitað allra leiða til að koma honum fyrir kattarnef. Krafan hefur verið sú að Íbúðalánasjóður megi vera til en aðeins til að sinna „félagslegum úrræðum“. Að öðru leyti verði sjóðnum meinað að veita lán með baktryggingu ríkisins. Nú þegar það hefur sýnt sig hve mikilvægur Íbúðalánasjóður hefur reynst almennum íbúðakaupendum er óskiljanlegt að félagsmálaráðherra skuli lýsa því yfir að látið verði undan kröfum fjármálafyrirtækja. Í frétt í Fréttablaðinu (29. ágúst) er haft eftir Jóhönnu Sigurðardóttur, félagsmálaráðherra, að ekki sé sjálfgefið að kjör almennra lána muni versna við afnám ríkisábyrgðar! „Það þarf ekki að vera og ræðst af þeim fjármögnunarkjörum sem Íbúðalánasjóði bjóðast.“ Það er nefnilega það. „Það þarf ekki að gerast.“ Í þessum orðum felst augljóslega að þessar líkur eru fyrir hendi. Ef svo er hljóta menn að spyrja hvers vegna í ósköpunum eigi að fara út í þessar breytingar!

Við vitum allt um þetta brölt suður í Brussel. En er ekki kominn tími til að Íslendingar standi í fæturna og láti reyna á hversu langt upp á dekk handbendi gróðaaflanna í Brussel treysta sér gagnvart almannahag á Íslandi. Það yrði yfirgengilegur vesaldómur af hálfu flokks sem kennir sig við jafnaðarmennsku að láta undan þrýstingi fjármagnsafla í aðför þeirra að húnæðiskaupendum.

Sá vandi sem við stöndum frammi fyrir á Íslandi nú um stundir er að verulegu leyti til kominn fyrir tilverknað óábyrgs framferðis fjármálafyrirtækja. Einkavæðing alls fjármálakerfisins á einu bretti á sínum tíma reyndist varhugaverð og kom í bakið á þjóðinni. Nú skal verkið fullnustað hvað íbúðakaupendur snertir. Íbúðalánasjóður er sjálfbær og hagkvæmur fyrst og fremst vegna þess að allir eru þar inni. Í því felst ákveðin jöfnun. Nú eru skilaboðin þessi: Skattborgarinn hirði „félagslegu úrræðin“ – og vel að merkja, það þýða ný útgjöld fyrir skattgreiðendur – en aðra ætla bankarnir sér sjálfir.

Ég er hræddur um að þetta krefjist nokkurrar skoðunar við á Alþingi áður en Samfylkingin lögfestir þessi fyrirhuguðu kosningasvik sín.

Höfundur er alþingismaður.

TÍMASPARNAÐUR getur hlotist af því að setja þvottakörfu í herbergi allra fjölskyldumeðlima. Þegar körfurnar eru orðnar fullar er ráð að þvo innihaldið og þurrka og skila þvottinum hreinum í körfunum til fjölskyldumeðlima.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

JUST FOOD TO GO
HÁDEGISTILBOÐ 900 KR
LAUGARÁSVEGUR 1 - SÍMI 588 8588

SPORT KLÚBBURINN
Kaupauki að verðmæti 59.000.-
fyrir aðeins 4.990.- á mánuði!
• frítt í allar ÍTR sundlaugarnar
• frír mánuður fyrir vin
• tækjakennsla
• bolur
• brúsi
• 5 tímar í skvass
• 5 tímar í Golf
• máltíð á BK Kjúkling
• 5 tímar í ljós
EFTIR HVERJU ERTU AÐ BÍÐA?
SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla
www.sporthusid.is | Dalsmára 9-11 | Kópavogi | Sími: 564 4050 | sporthusid@sporthusid.is

Rýmingarsala á skeljum
Opið í dag frá kl 10.00 - 18.00
Frontier skel, verð áður 290.000,- Verð nú: 217.500,-
Cub skel, verð áður 290.000,- Verð nú: 217.500,-
Yukon skel, verð áður 290.000,- Verð nú: 217.500,-
Fox skel, verð áður 250.000,- Verð nú: 187.500,-
Eigum gríðarlegt úrval af rafmagnspottum
Eigum gríðarlegt úrval af öllum fylgihlutum fyrir heita potta, tröppur, handriði, og fleira.

Arctic Spas • Kleppsvegur 152 • 104 Reykjavík
Sími 554 7755 • www.heitirpottar.is

Rósa Stefánsdóttir og unnusti hennar búa hreiður sitt húsmunum úr fórum stórfjölskyldunnar, en þessi forláta skápur er í mestum metum hjá Rósu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heimanmundur með sál

Undir súð í fögru risi í Sundunum stendur stolt heimilisins; stofuskápur með fortíð, sögu og sál. Sem í tímans rás hefur geymt það dýrmætasta í fórum íslenskra kvenna; bollapör, puntgripi og hælaskó.

„Aldur þessa skáps er á huldu, en amma mín fékk hann gefins fyrir langa löngu og þá var hann orðinn ævagamall. Á bernskuárum mínum var hann í öndvegi sem spariskápur í stofunni hjá afa og ömmu, en þegar ég fékk sérherbergi á tólfta árinu gaf amma mér skápinn og tók hann við fötunum mínum og fullt af púkalegum styttum sem nutu sín vel á bak við glerhurðirnar," segir margmiðlunarhönnuðurinn Rósa Stefánsdóttir um þann húsmun sem hún hefur mest dálæti á.

„Skápurinn var í upphafi með viðarmunstri, en á einhverjum tímapunkti málaði afi hann hvítan til að gera hann nútímalegri. Nú er hann aftur kominn í stofuhlutverk og geymir mitt fínasta púss, sparikjóla og spariskó, en í glerhlutann stilli ég til sýnis mínum flottustu skóm sem ég skipti út jafnóðum þegar nýrri og flottari bætast við í skósafnið," segir Rósa sem einnig heldur upp á ofursvalt, krómað skóhorn frá Manolo Blahnik, sem prýðir skápinn að ofan.

„Stóllinn er húsbóndastóll sem kærastinn fékk í heimanmund frá pabba sínum og þar situr hann með gítar sem ég gaf honum í jólagjöf og æfir gripin. Við fluttum inn í risíbúð fyrir um ári og innbúið er að stórum hluta samtíningur frá foreldrum okkar; tekkhúsgögn og fleira flott frá sextíunum, eins og þegar þau byrjuðu að búa. Okkur finnst notalegt að hafa í kringum okkur hluti sem búa yfir sál og minningum og sem stórfjölskyldan hefur umgengist í áranna rás. Þeim fylgir góður andi og við erum alsæl. Það er yndislegt að koma heim."

thordis@frettabladid.is

557-9090
SENDIBÍLASTÖÐ KÓPAVOGS
Ertu að flytja, láttu fagmenn sjá um verkið fyrir þig
Örugg og trygg þjónusta
557-9090
SENDIBÍLASTÖÐ KÓPAVOGS

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

HEIMILI

KJÖRIÐ er að koma sér upp vinnuaðstöðu heima í eldhúsi ef pláss er af skornum skammti. Setja skrifborð á hjólum út í eitt hornið, sem má færa þegar þörf krefur, og nýta afgangs krukkur undir ritföng og þess háttar.

Tilboðsdagar

20-50%
afsláttur
af öllum vörum

VERIÐ
Verið Sængurfataverslun
Glæsibæ, s. 552-0978
www.damask.is

HPI Savage X 4,6
ÖFLUGUR FJARSTÝRÐUR
BENSÍN TORFÆRUTRUKKUR.

Tómstundahúsið

Tómstundahúsið • Nethyl 2 • sími 587-0600
www.tomstundahusid.is



GÓÐ RÁÐ
fyrir þig og umhverfið

Bílskúrinn – Hreinsiefni

Vistvæn hreinsiefni eru nú til í miklu úrvali og mörg þeirra umhverfisvottuð. Efni eins og ensím eru náttúruleg prótein sem framleidd eru af lifandi örverum sem flýta ferli niðurbrots sjálfrar náttúrunnar. Einnig er til umhverfismerktur þynnir, kvoðuhreinsir, penslasápa, málning og bílahreinsiefni svo fátt eitt sé nefnt.

Það eina sem við þurfum að gera er að velja frekar vistvæn efni, þannig tökum við ábyrgð gagnvart jörðinni og okkur sjálfum. Þegar þú verslar og sérð ekki vistvæn efni fyrir það sem þig vantar, spurðu þá sérstakleg hvort þau séu til. Ef allir gera það verða vistvænu efnin í hillunum innan tíðar.

Meira um bílinn og alla hluti í bílskúrnum á: http://www.natturan.is/husid/1261/



Náttúran.is – vefur með umhverfisvitund

Grillaðar árstíðir

Þótt sumarið sé senn á enda finnst engin haldbær ástæða til að fara úr grillskapinu góða.

Grillmatur er í miklu uppáhaldi hjá Íslendingum yfir sumartímann, en er ekki síður ljúffengur og freistandi á öðrum árstíðum. Þetta vita margir sem grilla jafnt í stórhríð sem slagveðri og láta veðurútlit aldrei hafa áhrif á fyrirhugaðan matseðil.

Nú þegar sólin fer fyrr að sofa er hægt að fá úrvals gasgrill í öllum stærðar- og gæðaflokkum á afbragðs afslætti hjá mýmörgum verslunum og bráðupplagt að búa í haginn fyrir komandi uppskerutíð þegar fátt kitlar bragðlaukana eins undursamlega og nýtíndar kartöflur, brakandi ferskt grænmeti og kjöt af nýslátruðu.

Til að halda grillfletinum skínandi hreinum er óbrigðult húsráð að skera lauk í tvennt og nudda yfir grindurnar.

Forláta gasgrill fást nú víða með góðum afslætti þegar aðalgrilltíð ársins er að ljúka.

Erum flutt að Digranesvegi 10

Verð frá
595.000 KR

Sýningarpottur á staðnum:
Ef þú kaupir Heitan pott og bætir
25.000 kr. Við þá fylgir 4you grill með !

4YOU

4you.is • Digranesvegi 10 • 111 Reykjavík • Sími 564-2030 690-2020

Telma Róbertsdóttir
Löggiltur fasteignasali

HÚSIN Í BORGINNI

bjóða Kristínu og Steinu

velkomnar til starfa

Kristín Sigurðardóttir
Löggiltur fasteignasali

Steinunn Frímannsdóttir
Löggiltur fasteignasali

HÚSIN Í BORGINNI
FASTEIGNASALA

... það borgar sig!

Frum

HÚSIN Í BORGINNI • Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 511 5005 • Fax 511 5009 • www.husin.is

fasteignir

1. SEPTEMBER 2008

NORÐURBAKKI 5 - HFJ.

OPIÐ HÚS

Í DAG MILLI KL. 17.00 OG 18.00

Sérlega vandaðar 3ja og 4ra herb. íbúðir m/stæði í bílageymslu í glæsilegu lyftuhúsi á frábærum stað í miðbæ Hfj.

- ✔ GLÆSILEGAR SÝNIGARÍBÚÐIR.
- ✔ KYNNIÐ YKKUR FRÁBÆRA GREIÐSLUMÖGULEIKA.
- ✔ Vandaðar innréttingar og tæki frá EGG
- ✔ Gólfhiti m/hitastýringu í hverju rými
- ✔ Extra hljóðeinangrun milli hæða
- ✔ Extra lofthæð
- ✔ Vandaðar innréttingar og tæki frá EGG
- ✔ Flísalagðar svalir og timburverandir
- ✔ Stórar rennihurðar út á svalir og garð
- ✔ Sjónvarpsdyrasími
- ✔ Þakgarður

Afhending við kaupsamning. - Verð frá 26,7 millj.

ÁS FASTEIGNASALA

Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opið virka daga kl. 9–18

Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

Frum

Fallegt og vel skipulagt einbýli innst í botnlanga.

Nýtt hús í nýju hverfi

Fasteignasalan Ás hefur til sölu nýbyggt einbýlishús með tvöföldum bílskúr í nýju hverfi í Garðabæ.

Um er að ræða vel skipulagt rúmlega hundrað og fimmtíu fermetra einbýlishús á einni hæð, ásamt tæplega sjötíu fermetra tvöföldum bílskúr. Einbýlið er staðsett innst í botnlanga við Lækinn í Garðabæ. Húsinu er skipt niður í anddyri, snyrtingu, sjónvarpshol, eldhús, stofu og borðstofu, þrjú rúmgóð svefnherbergi og baðherbergi. Innangengt er úr húsi í tvöfaldan bílskúr með geymslu.

Stutt er í alla þjónustu svo sem barnaskóla, sund, íþróttir og verslanir.

Húsið mun afhendast fokhelt og fullbúið að utan. Að utan verður húsið steinað í ljósum lit. Gert verður ráð fyrir gólfhita í húsinu, en hitalögnin í bílskúr er tilbúin og eins lagnir fyrir heitt og kalt vatn. Lóðin er grófjöfnuð.

Nánari upplýsingar fást hjá Kára Halldórssyni fasteignasala í síma 520-2600.

Á ils.is getur þú:

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

Önnur þjónusta á ils.is:

- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

Kynntu þér lánakjörin á ils.is

Greiðslumat
Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

Lánsumsókn
Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

RE/MAX Lind

Kvistavellir 34 - 40 / 221 Hafnarfjörður

Verð frá 27,2 millj.

Glæsileg og vönduð raðhús á góðum stað á Völlunum í Hafnarfirði. Gólfhiti og neysluvatn ísteypt. Stæði fyrir halogenljós steypt í loft á neðri hæðum. - **Aðeins ein eign eftir...**

Gott verð fyrir góða eign. - Húsin eru í byggingu.

Stærð 172,5 fm
Bílskúr
4 herbergja

Þrastarás 46B - Íbúð 0106 jarðhæð / 221 Hafnarfjörður

Verð 26,8 millj.

Anddyri er bjart, flísalagt gólf, tvöfaldur skápur. Barnaherbergi er rúmgott með tvöföldum skáp, parket á gólfi. Svefnherb. er stórt með sexföldum skáp, parket á gólfi. Eldhús er glæsilegt með viðarinnréttingu, flísar á gólfi og milli skápa. Stofa er stór og björt, flísar á gólfi, útgengt út á stóran sólpall með skjólveggjum. - **Sérinngangur.**

OPIÐ HÚS
Frá kl. 19:30 - 20:00
Stærð 101 fm
Sólpallur
Sérinngangur
3 herb.

Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is

Þórarinn Jónsson
Löggiltur fasteignasali, Hdl

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur • Sími: 520 9500

BRB RE/MAX DESIGN CENTER - www.remax-ice.com

210 Garðabær: Hellulagt þakrými og stór lóð

Eyktarhæð 7: Bílaplan með snjóbræðslu

Fasteignasalan Hof hefur til sölu rúmlega 260 fermetra einbýlishús með bílskúr og góðu þakrými með hellulögðum svölum. Stór en viðhaldslétt lóð með stoðveggjum fylgir húsinu.

Lýsing: Úr flísalagðri forstofu er gengið inn í hol um tvöfaldar dyr. Enn fremur er innangengt úr forstofunni inn í bílskúr og þvottahús. Holið er flísalagt með góðum skápum. Herbergjagangur er parkettlagður, með tveimur barnaherbergjum, stóru hjónaherbergi með sérbaði með sturtu, og flísalögðu baðherbergi með baðkari. Parkett er á öllum svefnherbergjum. Góðir fataskápar eru á herbergjagangi. Eldhúsið er með viðarinnréttingu, góðum tækjum og flísum á gólfi. Þvottahús/búr er inni af eldhúsi og þaðan er gengt inn í forstofu. Úr flísalagðri borðstofu er gengið út á lóð. Stofan er rúmgóð með parketti á gólfi. Þrjátíu fermetra sólstofa með þaki, flísum á gólfi og útgengi á lóð. Úr holi er hringstigi upp í um þrjátíu fermetra þakrými þar sem stórar hellulagðar svalir standa út af. Bílskúrinn er fullbúinn með flísum á gólfi. Stórt bílaplan er með snjóbræðslu og bomanite-mynstursteypu.

Frum

búmenn

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Kletthálsi 1
110 Reykjavík
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

Búseturéttur á markaðsverði

Blásalir 24 í Kópavogi

Til sölu er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð sem er um 77 fm að stærð. Íbúðin er á annarri hæð í tíu hæða fjölbýlishúsi með tvær lyftur og samkomusal.
Ásett verð er 3 millj. og eru mánaðargjöldin nú um kr. 98.000.-
Í mánaðargjaldinu er allt innifalið nema rafmagn samkvæmt mæli.
Þeir sem áhuga hafa á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmanna í síðasta lagi 5. september n.k.
Tilboðsfrestur er til 17. september n.k.

Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð sem er um 93 fm að stærð ásamt stæði í bílakjallara. Íbúðin er á þriðju hæð í tíu hæða fjölbýlishúsi með tvær lyftur og samkomusal. Svalir eru yfirbyggðar.
Ásett verð er 8,5 millj. og eru mánaðargjöldin nú um kr. 115.000.-
Í mánaðargjaldinu er allt innifalið nema rafmagn samkvæmt mæli.
Þeir sem áhuga hafa á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmanna í síðasta lagi 5. september n.k.
Tilboðsfrestur er til 15. september n.k.

Hvammsgata 8 í sveitarfélaginu Vogum

Til sölu er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð um 78 fm að stærð. Íbúðin er í parhúsi og fylgir íbúðinni um 14 fm garðskáli.
Ásett verð er 6 millj. og mánaðargjöldin eru um kr. 76.000.-
Í mánaðargjaldinu er allt nema rafmagn og hiti samkvæmt mæli.
Þeir sem áhuga hafa á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmanna í síðasta lagi 5. september n.k.
Tilboðsfrestur er til 12. september n.k.

Grænlandsleið 22 í Grafarholti, Reykjavík

Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð sem er um 94 fm að stærð. Íbúðin er á neðri hæð í tvíbýlishúsi og fylgir stæði í bílageymslu.
Ásett verð er 8.0 millj. og eru mánaðargjöldin nú um 92.000
Í mánaðargjaldinu er allt nema rafmagn samkvæmt mæli.
Þeir sem áhuga hafa á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmanna í síðasta lagi 5. september n.k
Tilboðsfrestur er til 16. september n.k

Prestastígur 8, Grafarholti í Reykjavík

Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð sem er rúmlega 97 fm að stærð. Yfirbyggðar svalir. Íbúðin er á fyrstu hæð í fjögra hæða lyftuhúsi ásamt stæði í bílakjallara. Samkomusalur er á svæðinu. Ásett verð er kr. 8.5 millj. og eru mánaðargjöld um 110.000
Þeir sem áhuga hafa á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmanna í síðasta lagi 5. september n.k.
Tilboðsfrestur er til 16. september n.k.

Stekkjargata 21 í Innri-Njarðvík, Reykjanesbæ

Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð ásamt bílskúr og garðaskála. Íbúðin er í parhúsi og er heildarflatarmál íbúðar og bílskúrs um 120 fm og garðskála um 14 fm. Samkomusalur er á svæðinu.
Ásett verð er 6 millj. og mánaðargjöldin eru nú um kr. 118.000.-
Í mánaðargjaldinu er allt innifalið nema rafmagn og hiti samkvæmt mæli.
Þeir sem áhuga hafa á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmanna í síðasta lagi 5. september n.k.
Tilboðsfrestur er til 12. september n.k

Bæði félagsmenn og utanfélagsmenn geta gefið tilboð í búseturéttinn.

Réttur til kaupa miðast við 50 ára og eldri.

Þeir sem áhuga hafa er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins að Kletthálsi 1 í síma 552 5644 milli 9-15, eða senda tölvupóst á netfangið bumenn@bumenn.is

Frum

ÁS FASTEIGNASALA
Fjarðargötu 17
Hafnarfirði
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang: as@as.is
www.as.is
Opið virka daga
kl. 9–17

STEKKJARHVAMMUR - SÉRHÆÐ Björt og falleg 2ja herb. 71,5 fm endaíb. í raðhúsalengju, á jarðhæð sér inngangur og sér verönd í garði. **Verð 19,2 millj.** 7402

SUÐURBRAUT Falleg 100,9 fm 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í góðu litlu fjölbýli á góðum útsýnisstað. 3 möguleg 4 svefnherbergi. **Verð 23,5 millj.** 7539

SUÐURBRAUT - ÚTSÝNI Falleg og snyrtileg 3ja herb. íbúð á þriðju hæð, gott útsýni. Stærð 81 fm. **Verð 19,5 millj.** 7502

BAÐSVELLIR Fallegt talsvert endurnýjað einbýli á einni hæð, ásamt bílskúr á mjög góðum stað í útjaðri bæjarins. 4 svefnherbergi. **Verð 28,5 millj.** 7525

ELDRI BORGARAR



HERJÓLFSGATA - GLÆSILEGT ÚTSÝNI afar vönduð og glæsil. 131 fm 3ja til 4ra herb. íbúð á 3. hæð. **Verð 46,9 millj.** 7356

ERLUÁS - EINBÝLI Á 1. HÆÐ Fallegt 194 fm einbýli á einni hæð m. innb. bílskúr. Góð staðsetning og stórir pallar. **Verð 62 millj.** 7516

ÖLDUSLÓÐ m/BÍLSKÚR Falleg 129,7 fm NEÐRI SÉRHÆÐ, ásamt 22,2 fm BÍLSKÚR í góðu þríbýli, gengið innaf götu. Nýtt rafmagn, nýir tenglar. Ný innr. í eldhúsi, ståltæki. **Verð 35,8 millj.** 7658

DREKAVELLIR - JARÐHÆÐ Sérlega falleg og vönduð íbúð með stórri afgirtri lóð. Uppþvottavél og ískápur fylgja með íbúðinni. **Verð 26,9 millj.** 7249

AKURVELLIR - LYFTUHÚS Falleg og björt 91 fm íbúð á Völlunum í nýlegu lyftuhúsi. Gólfefni eru flísar og parket. Stórar svalir. **Verð 22,4 millj.** 7489



SUÐURHÓP - FYRIR 50 ÁRA OG ELDRI SÉRLEGA FALLEG 123,9 fm 3ja herb. ENDAÍBÚÐ Á 2. hæð, ásamt STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU í LYFTUHÚSI. **Verð 27,2 millj.** 7500

NÝBYGGINGAR

TÚNFIT - VIÐ LÆKINN Í GARÐABÆ Vorum að fá glæsilegt 220,5 fm einbýli með innbyggðum bílskúr. Húsið skilast fullbúið að utan, fokhelt að innan. **STUTT Í ÞJÓNUSTU OG SKÓLA.** 7683

ERLUÁS Glæsilegt 290 fm fullbúið einbýlishús á 2 hæðum á fráb. útsýnisstað yfir Ástjörnina og víðar. 5 svefnh. Glæsil. innrétt. Góð verönd með skjólv. og heitum potti. Laust við kaups. **Verð 89,9 millj.** 6875

ENGJAVELLIR - GLÆSILEG - LAUS STRAX Ný og GLÆSILEG FULLBÚIN 128 fm 4ra til 5 herbergja EFRI SÉRHÆÐ í fallegu nýju fjögurra íbúða húsi á besta stað í nýja Vallahverfinu. **Verð 35,0 millj.** 7557

STEKKJARBERG Falleg 4ra herbergja ENDAÍBÚÐ á 3. hæð í litlu fjölbýli á góðum stað neðst í Setberginu. **Verð 24,6 millj.** 7297

DREKAVELLIR - jarðhæð m/verönd Sérlega falleg og rúmgóð íbúð á jarðhæð með sér afgirtri verönd í litlu fjölb. Fallegar flísar á gólfum. **Verð 24,5 millj.** 7440

BORGARHRAUN - TVÆR ÍBÚÐIR EF VILL GLÆSILEGT MIKIÐ ENDURNÝJAÐ 113,6 fm EINBÝLI á einni hæð, ásamt 51 fm BÍLSKÚR og 33,1 fm SKÁLI, eða samtals 197,7 fm **Verð 36,8 millj.** 4660

EINBÝLI

TÚNGATA - ÁLFTANES Fallegt velviðhaldið 134,7 fm einbýli á einni hæð, ásamt 34,4 fm bílskúr, samtals 169,1 fm á góðum og rólegum stað. **Verð 47,5 millj.** 7817

DREKAVELLIR - SKIPTI MÖGULEG Fallegt 183 fm einbýli á einni hæð ásamt 30 fm bílskúr, samtals 213,8 fm Skilast fullbúið að utan, rúmlega fokhelt að innan. LAUST STRAX. **Verð 42,9 millj.** 7351

SUÐURGATA - BÍLSKÚR Vel skipulögð 171 fm hæð m/bílskúr í fjórbýli. 4. sv.herb. SV-svalir. **Verð 35,8 millj. Góð eign þar sem** Verðið er einungis 209 þús. á fm. 7553

LYNGMÓAR - MEÐ BÍLSKÚR Falleg 113 fm 4ra til 5 herbergja ENDAÍBÚÐ á 2. hæð m/BÍLSKÚR í góðu 6 íbúða húsi. Stórar svalir. Góð staðsetning. **Verð 28,7 millj.** 7250

SUÐURGATA Falleg 65,3 fm 3ja herbergja sérhæð á jarðhæð í góðu þríbýli á rólegum og góðum stað í miðbænum. **Verð 16,9 millj.** 7405

HÓLAVELLIR - LAUST STRAX Fallegt talsvert endurnýjuð 136,1 fm einbýli. Teikn. af 51,5 fm bílskúr. 4 sv.herb. **Verð 25,5 millj.** 7215

STÓRIKRIKI - MOSFELLSBÆR Glæsilegt 344 fm einbýli-/tvíbýlishús á góðum stað. Afhendist fullbúið að utan og fokhelt að innan. **Verð 69,0 millj.** 6317

GUNNARSSUND - LAUST STRAX Fallegt 127 fm einbýli á frábærum stað í miðbæ Hfj. 3 sv.herb. Verönd, svalir og fallegur garður. **Verð 32,4 millj.** 7051

VEGHÚSASTÍGUR - NÝ UPPGERT Glæsileg 123 fm sérhæð. Sérinng. Hérna er allt nýtt, lagnir og innréttingar. **Verð 39,9 millj.** 7503

3JA HERB.

LAUFRIMI - REYKJAVÍK Góð og vel skipul. 95 fm 3ja herb. íbúð. Laus fljótlega við kaupsamning. SÉRINNG. **Verð aðeins 22,5 millj..** 7826

VEGHÚSASTÍGUR - UPPGERT Vorum að fá í sölu flotta uppgerða hæð í þríbýli á þessum rólega stað. Sér inngangur. Fallegt hús. **Verð 37,9 millj.** 7315

VOGAR

HEIÐARDALUR - ENDARAÐHÚS 155,2 fm nýlegt endaraðhús þar af bílskúr 31,1 fm sem er búið að innan og að utan, innr. og gólfefni eru fyrsta flokks. **Verð 30,9 millj.** 7835

FÍFUMÝRI - GARÐABÆR Sérlega fallegt og vandað 227,7 fm EINBÝLI á tveim hæðum, ásamt 40,1 fm BÍLSKÚR, samtals 267,8 fm á góðum og skjólgóðum stað. Stutt í leikbarna- og framhaldsskóla. 7773

MÓABARÐ - FALLEGT ÚTSÝNI Fallegt 148 fm einbýli m/bílskúr á rólegum og góðum útsýnisstað. Allt að 4 sv.herb. **Verð 36,9 millj.** 6870

LINDARBERG - EFRI SÉRHÆÐ Góð efri sérhæð í tvíbýli ásamt innb. bílskúr á frábærum stað efst í Setberginu í Hafnarfirði. 5 svefnherbergi. **Verð 43,9 millj.** 7343

HRÍSMÓAR - LYFTUHÚS Falleg 111,3 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð í LYFTUHÚSI, ásamt bílastæði í bílageymslu á góðum stað í miðbæ Garðabæjar. 7767

BURKNAVELLIR - Sérlega falleg 91,7 fm íbúð á 3. hæð á góðum stað. 2 sv.herb. Stutt í skóla, leikskóla og þjónustu. **Verð 23,0 millj.** 7100

ATVINNUHÚSNÆÐI

TRÖNUHRAUN - HFJ. Gott 258,4 fm atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum sem skiptist niður í 138,4 fm fm gólffleti, ásamt ca: 120,0 fm milliloft. **Verð 36 millj.** 7541

ÞINGVAÐ - NÝTT OG GLÆSILEGT Nýtt sérlega fallegt 217,9 fm einbýli á einni hæð, ásamt 34,3 fm bílskúr, samtals 252,2 fm á góðum stað. Vandaðar innréttingar, tæki, gólfefni og fl. 7769

RAÐ- OG PARHÚS

BREKKUHLÍÐ Sérlega fallegt fullbúið 169,0 fm PARHÚS á tveimur hæðum, ásamt 36,0 fm BÍLSKÚR, samtals 205,0 fm. 7820

ÖLDUSLÓÐ - EFRI HÆÐ Í TVÍB. 3ja til 4ra herb. risíbúð. Eignin er 72 fm en er stærri þar sem töluvert er undir súð. **Verð 19,0 millj.** 7397

KELDUHVAMMUR - ÚTSÝNI Falleg 86,7 fm 3ja herbergja risíbúð í góðu þríbýli á góðum og rólegum útsýnisstað. **Verð 17,9 millj.** 7766

2JA HERB.

ESKIVELLIR 5 - LYFTUHÚS LAUS STRAX NÝLEG GLÆSILEG 76,9 fm 2ja herbergja íbúð á 4. hæð M. ÚTSÝNI. **Verð 20,5 millj.** 7780

GRANDATRÖÐ - HFJ - LAUST FLJÓTLEGA Nýlegt og glæsilegt atvinnuhúsnæði (ENDABIL) á góðum stað. Hæðin er 201,2 fm og milliloft 73,5 fm. **Verð 49,5 millj.** 7510

NORÐURTÚN - ÁLFTANES Einstaklega fallegt og mikið endurnýjað einnar hæðar einbýli. Glæsilegur garður og pallar. Eign sem **Verður að skoðast. Verð 53,6 millj.** 7670

MIÐVANGUR - ENDARAÐHÚS Fallegt 187 fm endaraðhús á góðum stað með bílskúr og sólstofu. 4 herb. **Verð 44,9 millj.** 7770

ÖLDUSLÓÐ - ÚTSÝNI Falleg 154n fm EFRI SÉRHÆÐ OG RIS í tvíbýli, ásamt 29 fm BÍLSKÚR, samt. 183 fm á góðum útsýnisstað. **Verð 34,9 millj.** 7368

HÓLABRAUT - LAUS STRAX Góð 77,4 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli á góðum og rólegum stað. LAUS STRAX. **Verð 18,5 millj.** 7731

ÁLFASKEIÐ - M. BÍLSKÚR Falleg talsvert endurnýjuð 63,2 fm 2ja herbergja íbúð á 4. hæð, auk 23,7 fm bílskúrs. **Verð 18,5 millj.** 7347

STEINHELLA - GÓÐ STAÐSETNING Gott atvinnuhúsnæði sem skiptist í 330 fm einingar með mikilli lofthæð til leigu eða sölu á góðum stað. Húsnæðið hefur mikið auglýsingagildi. 7060

LINDARFLÖT - GARÐABÆR Sérlega gott einnar hæðar einbýli á Flötunum í Garðabæ. Góður bílskúr og stór lóð. **Verð 56,9 millj.** 7662

STEKKJARHVAMMUR Fallegt og vel byggt 183 fm RAÐHÚS á 2 hæðum með innb. bílsk. 4 svefnh. Parket og flísar. **Verð 43,5 millj.** 7617

4RA TIL 7 HERB.

ÁLFHOLT Falleg og björt 111,8 4ra herb. íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli, ásamt 10,7 fm aukah. á jarðhæð, samtals 123 fm **Verð 27,6 millj.** 7737

KRÓKAHRAUN - LAUS STAX Góð 88,8 fm 3ja til 4ra herbergja ENDAÍBÚÐ á 1. hæð í klasahúsi á sérlega góðum og rólegum stað í Hrauninu. **Verð 22,4 millj.** 7665

GRINDAVÍK

ARNARHRAUN - LAUST STRAX Fallegt mikið endurnýjað132,3 fm einbýli ásamt 33,9 fm bílskúr. **Verð 31,0 millj.** 7657

RAUÐHELLA - HFJ. 398,7 fm og að auki ca 100 fm milliloft. Þrjár stórar innkeyrsludyr. **Verð 80 millj.** 6584

AUSTURGATA Fallegt 106,6 fm EINBÝLI, ásamt risi og kjallara sem eru ekki inni í fermetrum. **FRÁBÆR STAÐSETNING Í MIÐBÆ HAFNARFJARÐAR.** 7667

HÆÐIR

BREIÐVANGUR - SÉRHÆÐ Falleg 134,5 fm EFRI SÉRHÆÐ, ásamt 32,1 fm BÍLSKÚR í tvíbýli á góðum og rólegum stað í Norðurbænum. SÉRINNGANGUR. 7674

ERLUÁS - GLÆSILEGT ÚTSÝNI Sérlega falleg 102 fm 4ra herbergja ENDAÍBÚÐ í fallegu fjölbýli. SÉRINNGANGUR. Parket og flísar. **Verð 29,8 millj.** 7636

BURKNAVELLIR - ENDAÍBÚÐ 3ja til 4ra herbergja endaíbúð 91,1 fm efsta hæð í lyftuhúsi. Stæði í bílgeymslu fylgir . Sérinngangur af svölum. **Verð 24,5 millj.** 7543

ÁRNASTÍGUR - LAUST STRAX NÝLEGT og GLÆSILEGT 133 fm ENDARAÐHÚS á einni hæð með BÍLSKÚR, á góðumstað í nýlegu hverfi. **Verð 24,9 millj.** 7606

STAÐARSUND - GRINDAVÍK - 3 BIL EFTIR Ný 100 fm atvinnubil, með mögulegt 40 fm milliloft. Stórar innkeyrsludyr, hiti í gólfi, mikil lofthæð. Afhendist strax. **Verð frá 11,5 millj.** 9644

Kári Halldórsson, lögg. fasteignasali – Jónas Hólmgeirsson – Eiríkur Svanur Sigfússon, lögg. fasteignasali – Melkorka Guðmundsdóttir
Jón Örn Kristinsson, lögg. fasteignasali - Birna Benediktsdóttir – Laufey Lind Sigurðardóttir, lögg. fasteignasali

Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk

:: 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali
stakfell.is

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali
Fax 535 1009

Mosarimi - Raðhús OPIÐ HÚS Í DAG KL 18.00 – 18.30

Fallegt raðhús á einni hæð í Grafarvogi. Húsið er 156.7 fm. og þar af er 24.5 fm. Eignin skiptist í forstofu, sjónvarpshol, saml. stofur, 3. svefnh., þvottahús og bað. Sunnan við húsið er garður með 50 fm palli, afgirtur með hliði út garðin. Pottur er á palli. Hiti í innkeyrslu.
VERÐTILBOÐ

Lautasmári – 3ja herb. OPIÐ HÚS Í DAG KL 18.00 – 18.30

Falleg 96fm íbúð á jarðhæð í hjarta Kópavogs. 2 svefnh., Samliggjandi stofa og sjónvarpshol. Massíft parket á gólfum og mahony hurðar. Innréttingar og skápar frá úr Mahony. Skjólgóður sólpallur skermaður af með timburverki móti suðri. Stutt í alla þjónustu og fallegar gönguleiðir**. Verð 26.9 millj.**

Leitum að góðri eign í Þingholtum fyrir fjársterkan aðila

Leitum að húsi í Smáíbúðahverfinu með tveimur íbúðum.

Erum með kaupanda að einbýlishúsi við Skerjafjörðinn.

Leitum að stórri sérhæð, par- eða raðhúsi á svæði 107 og 170. Verð allt að 60 millj.

Tjarnargata - 4ja herb - Glæsieign.
110,5 fm íbúð við Tjörnina í hjarta Rvk. Vandað hefur verið til við endurnýjun og ekkert sparað. Eign sem vert er að skoða. **Verð 48 millj**

Efstasund - 4ra herbergja
81 m2 neðri hæð í sérbýli. Húsið hefur verið klætt að hluta að utan og endurnýjun á íbúð hafin**.**
Verð 19.5 millj.

Álakvísl - 4ra herb. Sérinngangur
115,1 fm. endaíbúð með sérinngangi í þríbýli ásamt 30 fm. stæði í bílgeymslu, alls 145,1 fm. Uppgerð fyrir þremur árum. S.V. svalir. Laus við kaups.
Verð 34,9 millj.

GRENIMELUR- 88 fm NEÐRI SÉRHÆÐ
Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, 2 svefnh., saml. stofur og bað. Eignin hefur verið flott endurnýjuð á síðustu 4 árum**. Verð 32.5 millj.**

Stararimi - Einbýli
165 hús á einni hæð, þar af 32.3 bílskúr, við rólega götu. Vönduð eign á frábærum stað.Til S.V. er stór afgirt hellulögð verönd. Mikið útsýni. **Verð 54,9 millj.**

Langagerði-Einbýli
260 fm. tvílyft auk 55 fm. bílskúr. Hol, stigi, 2 stofur, eldhús, borðstofa, bað. Í risi eru 2 svefnh., hol og bað. Í kjallara er 2ja herb.íbúð **Verð 57 millj.**

Stórikriki - Mosfellsbæ
250 fm.vandað gullfallegt einbýlishús á einni hæð ásamt stórum bílskúr. Hönnun allstaðar í fyrirrúmi. Sjá frekari uppl á stakfell.is**. Verðtilboð**

Grettisgata-Miðbær-Einbýli
Tvílyft hús með kjallara, samtals. 138 fm og 50 fm 2ja herb viðbyggingu. Búið að endurnýja allt húsið glæsilega. Lán getur fylgt. **Verð 48 millj.**

Kúrland 19 - Raðhús.
300 fm tvílyft raðhús. Efri hæð: anddyri, stofa, eldh., 4 herb. og bað. Neðri hæð: forst., hol, 4 herb., bað, þvottah. og geymsla. **Verðtilboð**

Bakkasel - Raðhús
264 fm tvílyft raðhús með sér kjallara í snyrtilegum botnlanga í Seljahverfinu. 19,5 fm. bílskúr innif. fm. fj. Skjólsæll og fallegur garður. Hitalagnir að húsi.
Verð 49,5 millj.

Norðurbakki - "Penthouse"
Glæsileg 121 fm íbúð á 4.hæð. Stórar saml. stofur - hátt til lofts. Tvö stæði í bílageymslu. Afhendist án gólfefna.
Verð 57 millj

Stórholt - 3ja herb
67 fm íbúð mjög miðsvæðis í 105 Reykjavík. Íbúðin er björt og skemmtileg. Parket og hurðar úr Eik. Baðherbergi flísalagt með ljósri innréttingu.
Verð 23.5 millj

Grandavegur - 3ja herb. - 60 ára +
86.9 fm íbúð á 3. hæð. Þvottah. í íbúð. Geymsla í kjallara. Öryggishnappar í íbúð. Ýmisleg þjónusta í húsi.
Verð 29.5 millj.

Hagamelur - 3ja herb
70,4 fm. bjarta íbúð á efstu hæð í V-bæ Rvk. Stutt í H.Í. og miðbæinn. Parket og flísar á gólfum. **Verð 22,9 millj.**

Álftamýri - 3ja herb.
82 fm endaíbúð miðsvæðis í Reykjavík. Parket og flísar á gólfum. Í kjallara er sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús og hjólag. **Verð 22,9 millj.**

Engihjalli - 3ja herb.
84 fm íbúð, gengið upp eina hæð. Íbúðin skiptist í 2 svefnh. stofu, eldhús og bað. Sérgeymsla á jarðhæð. Þvottahús á hæðinni. **Verð 19,9 millj**

Hraunbær - 3ra herb.
70 m2 íbúð á þriðju hæð.Gott leiksvæði. Skipt um glugga og útih. í sameign 2008. **Verð 16,9 millj.**

Nýbýlavegur - 2ja herb. með bílskúr.
77.6 fm íbúð á 2. hæð. Þar af er bílskúrinn 27,4 fm. Búið er að endurnýja gólfefni og baðherbergi mjög smekklega **. Verð 19.9 millj.**

Njörvasund - 2ja herb
71,8 fm herbergja íbúð í kjallar í fallegu þríbýlishúsi á þessum vinsæla stað í sundunum**.**
Verð 19.8 millj.

Iðufell 8 - 2ja herb
68 fm í búð á 3 hæð með góðum áhvílandi lánum. Búið er að stækka stofuna með yfirbyggðum svölum.
Verð 15.3 millj

Rauðarárstígur - 2ja herb.
48 fm íbúð á 1. hæð, 101 Rvk. Hvítar fulninga innr. í eldhúsi. Bað flísalagt. Geymsla og þvottur í kjallara. Stæði bakatil. **Verð 15.5 millj**

Melalind Kóp. - 2ja herb. Útsýni
63 fm íbúð á jarðhæð með 40 fm sólpall. Íbúðin er hol, bað, svefn., stofu, eldhús og geymsla. Parket og flísar á gólfum**. Verð 19.9 millj**

Þingholtsstræti - 2ja herb. ÚTSÝNI
Íbúðin 80 fm. skiptist í opið rými með stofu, eldhúsi og borðstofu, 1. svefnh. og bað. Góðar svalir. í kjallara þvottah. og sér geymsla. **Verðtilboð**

Ásvallagata - 3ja herb
70,3 m² íbúð á 2. hæð við Ásvallagötu, 101 Rvk. Íbúðin er í hol, bað, 2 svefnh., eldhús og stofa. Stutt í H.Í. **Verð 21.8 millj.**

Herjólfsgata- 60 ára +
96 fm. 2ja herb. útsýnisbúð á efstu hæð í lyftuhúsi. Stofa, eldhús, svefnherbergi, milliloft og bað. Stór geymsla. Bílageymsla m/þvottaaðstöðu.
Verð 32.9 millj.

Stóreign | Fremstir í atvinnufasteignum s :: 590_7600

Þorlákur Ó. Einarsson lögg. fasteignasali
Þórhildur Sandholt lögfr. og lögg. fast.sali

Fasteignasala. Atvinnuhúsnæði. Lágmúli 7. 108 Rvk.
storeign.is FAX 535 1009

Stóreign kynnir:

TIL LEIGU

Vagnhöfði 7 - iðnaðarbil

Gott 130 fm innkeyrslubil. Þetta er gott og bjart húsnæði, stórt plan og góð aðkoma. Sanngjarnt leiguverð.
Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 - 590-7600

Fiskislóð - 3440 fm

Vel hannað verslunar og lagerhúsnæði. Húsnæðið er í byggingu og verður full-frágengið og tilbúið til afhendingar á haustmánuðum. Möguleikar á að skipta húsinu í minni einingar. Góð lofthæð og næg bílastæði.
Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 - 590-7600

Lyngháls 4 - skrifstofuhúsnæði

þakhæð í þessu húsi að Lynghálsi 4 eða alls 381 fm, 9 rúmgóðar skrifstofur auk þess stórt og rúmgott fundarherbergi, kaffistofa og tölvuherbergi (með kælikerfi). Mikið og falllegt útsýni er frá hæðinni, næg bílastæði bæði að framanverðu auk þess er sér bílastæðahús sem verið er að stækka. Húsnæðið er laust til afhendingar strax.
Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Stóreignar, Lágmúla 7 - 590-7600

Digranesvegur - efri hæð

Mjög gott 166 fm skrifstofuhúsnæði í Kópavogi. Húsnæðið er á efri hæð. Gott hús á góðum stað miðsvæðis í bænum og hýsti áður Spk (Byr) til fjölda ára. Eignin bíður upp á mikla möguleika. Næg bílastæði.
Hreingerningar

Atli Þrif & Viðhald
Sími: 662 0 662
Flutningsþrif ★ Hreingerningar
Teppahreinsun ★ Gluggaþvottur
Reglubundin þrif fyrir fyrirtæki
★★★★★
Létt viðhald á eignum fyrir einstaklinga & fyrirtæki

Hreingerningar ehf.
Sími: 868 5599
Tökum garðinn í gegn!
Gólfbónun - Bónleysing
Hreingerningar - Flutningsþrif
Gluggaþvottur - Teppahreinsun
Reglulegar ræstingar í sameignum og fyrirtækjum
www.hreingerningar.is

Hreingerningar ehf. S: 868 5599

Hreingerningaþjónustan Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Ódýr og fljót þrif
Þarft þú að láta þrífa húsið þitt eða fyrirtæki?
Við gerum allt á besta verði.
Upplýsingar í síma 866 6890 & 866 6747.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Tek að mér þrif í heimahúsum. Uppl. í s. 616 8853.

Garðyrkja

Smágröfuleiga
Drenlagnir
Skolplagnir
Jarðvegsskipti
Tökum að okkur alhliða lóðavinnu
Upplýsingar í síma:
824 7565 Beggi
696 6676 Bjössi

Haustklippingar runna
Garðsláttur, alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjumaður s. 848 1723.

JP Verk ehf.
Hellulögn, sólpallar og önnur garðvinna. Sími 822 9653.

Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Fjármál

ATOZ

Stofnun fyrirtækja, greiðsluerfiðleikar, bókhaldsþjónusta, samningar við lánardrottna, viðskiptaáætlanir, samningagerð atoz@atoz.is s: 771 45 45

Málarar

ÍSLANDSMÁLUN
Þakmálun !!
Húseigendur - Húsfélög
Þarf að fara að huga að viðhaldi á þakinu eða húsinu?
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu.
ÍSLANDSMÁLUN EHF
Upplýsingar gefur Einar í s. 891 6999.

Getum bætt við okkur inni verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Lítið mál ehf. S. 896 5758.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Úti og inni. Uppl. í S. 869 3934

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar. www.buslodageymsla.iceware.net

Búslóðaflutningar !
Búslóða flutn., vörufl., píanó flutn. og aukamenn ef óskað er. Hvert á land sem er. Besta verðið !! Stórir bílar s. 899 7188 & 692 7078. Millibílar s. 659 1047.

Húsaviðhald

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Golflist

Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Magnhús ehf
Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan. S. 847 6391 & 891 9890.

Pípulagnir
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

E.H. MÚR
ÁRATUGAREYNSLA Í HÚSAVIÐGERÐUM.
UPPL. Í SÍMA
697 8763

VIÐHALDSVIRKNI
S 517-0117 & 661-0117
Málarameistari, múrarar og smiðir sem sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna, svo sem málun utan sem innan og steypu-múr, uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppuviðgerðir, flísalagnir sem og margt fleira. Fyrirtækið gerir þér tilboð að kostnaðarlausu.
Erum að bóka inn f. veturinn og komandi ár.
www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is
S. 517 0117 & 661 0117

Steinsögun, kjarnaborun, múrbrot.
Upplýsingar í síma 692 3237.

Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Fjölbreytt viðhaldsþjónusta fasteigna. Tökum að okkur viðhald og breytingar á fasteignum. Einungis er um að ræða trésmíði og rafmagnsvinnu. Vönduð vinna og bara fagmenn, sem vinna verkin. Tilboð eða sanngjarnt tímagjald. Upplýsingar í síma 898-2817

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Stífluþjónusta

Stífluþjónustan ehf
S. 554 2255 / 896 5800
Stíflulosun-röramyndum
www.stiflutjonustan.is

Tölvur

Hringiðan
INTERNETÞJÓNUSTA
ADSL-, LJÓSLEIÐARA- OG WIMAX TENGINGAR
DNS-, LÉN- OG VEFHÝSINGAR
VEF & LÉN hýsingar
Verð frá 990.- kr.
HRINGDU NÚNA Í SÍMA:
525 2400
WWW.VORTEX.IS

WWW.VORTEX.IS

Gagnaendurheimt. Tölvuviðgerðir íhlutir Cisco og Microsoft vottun. S. 821 6839, Stefán.

Nudd

Whole body massage. Tel. 849 5247.

Spádómar

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
– Spámiðill
Spái í spil og kristalkúlu.
Fyrirbænir.
Sími 557 4391,
www.engill.is

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Englaljós S. 908 5050 & 863 1987.
Visa/Euro
Ef þig vantar hlustanda eða ráðgjöf, andleg leiðsögn, fyrirbænir, tarot. Fullur trúnaður. Er við alla virka daga frá hádegi til 01 & um helgar frá kl. 12-03. Visa/Euro.

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.
Einkatímar.
Tímapantanir í s. 587 4517 Erla

Hanna S. 555 2927 visa/euro
Andleg leiðsögn
Fyrirbænir
Draumar
Tarot
Er við alla virka daga frá hádegi.

Kristjana spámiðill.
Tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita.
Pantið tíma í síma
554 5266 & 695 4303.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Ólöf spámiðill
Er á landinu. Leiðsögn, spádómar. Vantar þig hlustanda eða ráðgjöf. Spái í spil, tarrot o.fl. S. 901 5000 frá kl. 17-23, helgar 11-24. Geymið auglýsinguna

Símaspáin.
Ný tækifæri, vinnan, fjármálin, ástarmálin, heilsan - fjarheilun/fyrirb. Spák. Yrsa. 908 6414 (199 mín.) 553 5395 (173 mín.Visa/MC). Símat. 10-24. Hringdu núna!

Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

Þjónusta

Glæsilegt sumartilboð á Dong Fang Salon:
Gel á táneglur með french:
Verð 4.500.-
SNYRTISTOFAN DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

• STEYPUSÖGUN
• KJARNABORUN
• MÚRBROT
LÍNUBORUN EHF
820 0070 577 5177

KEYPT & SELT

Til sölu

Eldsneytis Sparari!
Hvirfil tæki í alla bíla & jeppa, sparnaður 7% til +27% þetta virkar! Meiri Kraftur. Verð frá 9900. -kr. 30 daga skilaréttur. SKM ehf Bíldshöfða 16. S. 517 8400 - WWW.SKM.IS

Hljóðfæri

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. Harmonikkukennsla. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga

Hanna og smíða stiga. Fást á ýmsum byggingarstigum. Sérlausnir í þrengslum. 25 ára reynsla. Uppl. í s. 894 0431.

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m, timbur 2x4 205 kr/m, allt verð m/vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s: 840 7273, Halldór

Til sölu vegna breytinga, ca. 75 fm af eikarparketi, sem er notað, en hefur aldrei verið slípað. Lítur vel út. Upplýsingar í síma 5579169 Viðar/Guðrún.

Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

FRÁBÆRT TÆKIFÆRI Til sölu kvenfatalager frá ClaMal st. 36-58 á góðu verði vönduð vara Góðir tekjumöguleikar Uppl. í síma 696-3900

HEILSA

Heilsuvörur

9 Daga hreinsiprógram frá Aloe Vera NÝTT NR. 772 2885, Sigríður & Kristján

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Þægindi - Slökun - Vellíðan
Þú átt það skilið. Kynningarverð. Nýr Stíll Langarima 21, 112 Reykjavík. S. 557 9009 nuddstolar.is

Ferðanuddbekkir, óléttubekkir, lök o.fl. Gott verð og gæði. Uppl. 891 6447 Óli.

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

Whole body massage Telepone 846 4768.

Bodynudd Þú átt það skilið Uppl í síma 8486255 Svara ekki leyninr

Svæðameðferð
Betri heilsa. Ert þú í líkamlegu og andlegu ójafnvægi? Svæðameðferð gæti hjálpað þér. Tímapantanir í s. 848 7367, Ásta. ATH. ekki er um erótískt nudd að ræða!!!

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Handverksnámskeið
Silfurleir, perluskart, útskurður, tálgun, steinaskart, tifsögun, víravirki,brýnsla og koparsláttur. Skráning og uppl. í s:555-1212 Handverkshúsið, Bolholti 4. handverkshusid.is

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HEIMILIÐ

Húsgögn

útsala! 40-60% afsláttur
Einstök húsgögn til sölu, henta bæði úti og inni. Úthöggvin úr heilli trjárót. Opið alla daga. Uppl. í s. 861 4082.

Dýrahald

T. Sölu 2 Bichon frise Til afhend. e. viku Ættbókafærdir HRFÍ Í S:892-9277, 699-6465

Gullfalleg Siberian husky tík til sölu með ættbók frá HRFÍ. Uppl. í s. 8220116 og á hulda@siberianhusky.is http://siberianhusky.is Hulda

Ýmislegt

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðaþjónusta

Sjóstangveiði - Andrea
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.hvalalif.is / hvalalif@hvalalif.is

Fyrir veiðimenn

Góðir maðkar
Til sölu! Silungs og Laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Free rent in September
Grand opening special. Long term rent guesthouse. Tel. 824 4530.

Opnunartilboð
Frítt í september. Langtímaleiga á gistiheimili. Uppl. í s. 824 4530.

Rooms for rent. Long term from 25th august. Tel: 588 5588 or lobby@hotelvik.is

52 fm. íbúð í þríbýli til leigu í Kóp. V. 120 á mán. + 1 mán. fyrirfr. S. 897 2318.

3-4 herb íbúð í Rimahverfi til leigu frá 15.sept,sérinng.og sérgarður.leiga 145þús,3 mán.fyrirfr. Uppl.í síma 8348470.

Stór 4 herb. íbúð í Kópav. til leigu, er laus, uppl. í s. 6931901 e. kl. 1600, email ngm@hive.is eða s. 6942524

ÍBÚÐIR TIL LEIGU Í KAUPMANNAHÖFN
Lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum, skammtímaleiga. Nánari uppl. í s. 822-7303, 891-8612, +45 27111038 eða arnar@stracta.com

Til leigu glæsileg 107 fm, 2ja herb íbúð í Garðabæ, fyrir 50 ára og eldri. Íbúðin er laus nú þegar. Upplýsingar í síma 693-7304.

Gistipláss/herb. til leigu á svæði 104. Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

Studio
Vesturberg 195 ósamþykkt , 60 fermetrar, laus , hundar og kettir velkomnir, sér inngangur , allt sér . kr 90.000. tveir mánuðir fyrirfram sem er kr 180.000. Langtímaleiga sem þíðir 12 mánuðir og lengur. Sími 861 4142 kl 8 til 16.oo en ekki á öðrum tímum

102fm íbúð í vesturbænum til leigu. 4 herb, 3 svefnh, í mjög góðu standi. Stutt í alla þjónustu. 175 á mánuði, uppl í 8240204 eftir kl 17.

4ra herb. raðhús í Hraunbæ, Rvk. Leiga kr.159þ.Trygg kr.477þ. Upp. s:8983420

Snyrtilegt herbergi nálægt HÍ til leigu frá og með 1. sept. Aðgangur að eldhúsi og baði. Langtímaleiga kr. 50.000 pr. mánum með hita og rafmagni. Bara regusamt og reyklaust fólk. Uppl í síma 8922336

3ja herb. íbúð c.6o fm. á jarðh. í einbýli, Seljahverfi 109 Reykjavík. Laus strax. Reykl. og reglus. áskilin. Uppl. í S. 664 8363

Til leigu 3 herb. íbúð í 203 Kóp. Aðeins reglusamir og reyklausir koma til greina. Uppl. ragnaragn@gmail.com

Fallegt einbýlishús 5 herb í Reyholti Bisk. ca klst. akstur frá RVK. verð : 110 þ. f.utan hita og rafm. Uppl.6911013

Góð 3ja herb 88m2 íbúð til leigu á besta stað á höfuborgarsvæðinu frá 1 sept.þvottahús í íbúð, mikið af skápum Langtímaleiga. 140 pr mán. Uppl í síma 6956679

Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuhúsnæði til leigu í Súðavogi 100 fm á jarðhæð. Uppl. í síma 8936120

Iðnaðar- og lagerhúsnæði til leigu í Hafnarfirði. 80, 90, 180, 270 ferm. 4 og 7 m lofthæð. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 660 1060 & 822 4200.

100 fm skrifstofuhúsnæði við Síðumúla til leigu. Gott húsnæði. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 896 8068.

Skrifstofu- og iðnaðarhúsnæði, 30-90 fm, til leigu. Uppl. í s. 552 5354.

Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

geymslur.com
Geymslur frá 5990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

HÚSVAGNAGEYMSLA
Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka. Stærstu: 11.875 Stórir: 9.875 Fellih: 7.375 á mánuði í 8 mánuði S. 564 6500.

Eigum ennþá nokkur upphituð rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. ofl. í Borgarfirði. Gott verð. S. 663 2130.

ATVINNA

Atvinna í boði

Employment agency seeks:
Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.
- Proventus - Call Margrét 699 1060

Villtu ganga til liðs við okkur?
Bakarameistarinn Smáratorgi, Mjóddinni, Húsgagnahöllinni, Suðurveri, Austurveri og Glæsibæ leitar eftir hressum og skemmtilegum einstaklingum til starfa. Í boði eru bæði hlutastörf og fullt starf. Skemmtilegur vinnustaður og góð laun í boði fyrir rétt fólk. Íslenskukunnátta skilyrði.
Upplýsingar 897 5470 milli kl. 9-16 Umsóknareyðublöð á netinu www.bakarameistarinn.is

Kvöld og helgarvinna Upplagt fyrir skólafólk
Hlöllabátar Þórðarhöfða óska eftir duglegu og hressu fólki í kvöld og helgarvinnu. Mikið að gera. Íslenskukunnátta skilyrði. Only icelandic speaking. Hlöllabátar Þórðarhöfða. S. 892 9846.

Veitingahús Nings - Framtíðarstarf
Veitingahús Nings óska eftir vakstjóra og öðru starfsfólki í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 18 ára eða eldri og íslenskumælandi. Endilega hafið samband í síma 822 8835 eða www.nings.is

Smiðir
Óskum eftir smiðum. Mjög mikil vinna framundan. Uppl. í s. 893 0174 & 864 7414.

Poszukujemy pracowników powyzes 25 lat. Z doswiadczeniem drzy.
-Panele
-Beton
-Gegips
Numer Kontaktowy: 868 2487 & 893 0174.

Borgarafl
óskar eftir smiðum og verkamönnum.
Upplýsingar sendist á freyr@borgarafl.is

Hjá Jóa Fel Holtagarðar
Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakarí hjá Jóa Fel Holtagörðum og Kaffihúsið í Smáralind.
Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Unnur í síma 893 0076, einnig umsóknir á unnur@joifel.is

Ísbar/Booztbar, Kringlunni og Borgartúni
Óskum eftir að ráða í eftirfarandi störf. Dagvinna á tímabilinu 10-14 & 8:30-16:30. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is

Ósk a eftir bókara sem hefur unnið með DK forriti í 50% starf. Þarf að geta sinnt öðrum tilfallandi störfum og þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir með uppl. um aldur og fyrri störf ofl. sendist á diving@diving.is

Vaktavinna-Egilsstaðir
Vantar starfsfólk til afgreiðslustarfa, í vaktavinnu. Grill og sjoppa - Uppl. í s. 861 7756. Bensínsstöð, S. 864 6680.

American Style Hafnafirði, Nýbýlavegi og Tryggvagötu, fullt starf
Fólki líður vel í vinnu hjá okkur! Í boði er vaktavinna, unnið er aðra hverja helgi. Á tímum kreppunnar er þetta öruggur vinnustaður, samkeppnishæf laun, skemmtilegt fólk. Góð íslenskukunnátta áskilin. Umsóknir á: umsokn.foodco.is

Vantar menn
í hellulagnir ofl. Íslensku kunnátta skilyrði. S. 821 8983, Hjörtur. HJÁ Verktakar.

Kvöldvinna
Okkur vantar gott fólk í símasölu 2-5 kvöld vikunnar frá kl.18-22 Góð laun í boði fyrir gott fólk. Aldur 25+ og góð íslenskukunnátta (talað mál) Uppl. í síma 699-0005 milli kl. 12-20 mánföst.

Starfsmaður óskast í blóma og gjafavöruverslun í Hafnarfirði. Vinnumtími frá kl. 11-18. Brennandi áhugi, kunnátta með blóm, þjónustulund og gott skap skilyrði. Má ekki reykja. Góð laun í boði fyrir rétta manneskju. Sendið upplýsingar á skreyting@internet.is

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbílstjórar, vélamenn, suðumenn, fiskvinnslufólk o.fl. S. 845 7158.

Óska eftir fastri vinnu við útkeyrslu. Helst eftir hádegi. Vanur maður með góðann sendibíl. Uppl. í s. 567 9722 eftir kl. 16:00

Er 18 ára piltur að leita mér að starfi. Er bæði pólsku og íslensku mælandi, get unnið við hvaða starf sem er. Get aðeins unni ð til 5 vegna skóla, s. 690-5357 Damian

Fundir / Mannfagnaðir

1908 2008 Hafnarfjörður hundrað ára

STOFNFUNDUR

sjálfseignarfélags um Starfsendurhæfingu í Hafnarfirði verður haldinn þriðjudaginn 2. september 2008 kl. 17.00 í sal Verkalýðsfélagsins Hlífar, Reykjavíkurvegi 64

Dagskrá:
I. Kynning á fyrirhugaðri starfsendurhæfingu í Hafnarfirði og þeirri hugmyndafræði sem hún mun byggja á.
II. Stofnun sjálfseignarfélags um starfsendurhæfingu í Hafnarfirði

1. Stofnskrá félagsins lögð fram til samþykktar.

2. Stjórnarkjör
a. Tveir stjórnarmenn kosnir til eins árs
b. Þrír stjórnarmenn kosnir til tveggja ára
c. Fimm varamenn

3. Kosning endurskoðenda.

Undirbúningsnefnd

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

LILY TOMLIN, LEIKKONA, FRAMLEIÐANDI, GRÍNISTI OG RITHÖFUNDUR, ER 69 ÁRA Í DAG.

„Að fyrirgefa þýðir að maður gefur upp alla von um betri fortíð.“

Mary Jean „Lily“ Tomlin fæddist í Detroit í Michigan árið 1939. Hún er margverðlaunaður listamaður. Hún lék meðal annars í myndinni 9 to 5 með Jane Fonda og Dolly Parton og A Prairie Home Companion. Einnig hefur hún leikið í sjónvarpsþáttum á borð við The West Wing.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 1. SEPTEMBER 1914

Síðasta flökkudúfan deyr

Þennan dag árið 1914 dó síðasta flökkudúfan í dýragarði í Cincinnati í Bandaríkjunum. Hún bar nafnið Martha. Flökkudúfur, eða Ectopistes migratorius, voru eitt sinn algengasti fuglinn í Norður-Ameríku. Varpstöðvar þeirra voru í skóglendi um mitt og austanvert Kanada og í austurhluta Bandaríkjanna, en á haustin héldu þær í suðurátt. Þær ferðuðust um í hópum og endaði förin stundum í Mexíkó og Kúbu. Talið er að heildarfjöldi þessarar fuglategundar hafi verið allt að tuttugu og fimm prósent af öllum varpfuglum í álfunni og að stofnstærðin hafi verið margir milljarðar einstaklinga.

Þegar Evrópubúar tóku að setjast að í Nýja heiminum tók dúfunum að fækka. Það sem hafði enn frekari áhrif á fækkun þeirra var gríðarleg veiði á dúfunum þegar dúfnakjöt varð vinsælt hjá prælum og fátæku fólki. Á 19. öld varð til starfsstétt sem sérhæfði sig í dúfnaveiðum, svokallaðir dúfnaveiðimenn. Hænsnfuglar Evrópumanna voru einnig fluttir yfir hafið og báru sýkingar í flökkudúfurnar. Við þetta bættist að kvenfuglar flökkudúfna verptu yfirleitt aðeins einu eggi og það gerði stofninn enn viðkvæmari en ella.
Í lok nítjándu aldar fór þessi fuglategund úr því að vera fjölmennasta tegund heims yfir í algera útrýmingu.

MERKISATBURÐIR

1897 Neðanjarðarlestarkerfi opnað í Boston.

1910 Kveikt er á gasljósum í fyrsta sinn á götum Reykjavíkur.

1930 Kvikmyndahúsin í Reykjavík hefja sýningar talmynda. Gamla bíó sýnir Hollywood-revíuna og Nýja bíó sýnir Sonny Boy.

1958 Fiskveiðilögsagan er færð úr fjórum í tólf sjómílur.

1971 Bann við hundahaldi tekur gildi í Reykjavík

1972 Fischer sigrar Spassky í heimsmeistaraeinvíginu í skák í Reykjavík með 12,5 vinningum gegn 8,5.

1988 Berglind Ásgeirsdóttir tekur við starfi ráðuneytisstjóra í félagsmálaráðuneytinu, fyrst kvenna í slíku embætti.

AFMÆLI

BERGÞÓRA ARADÓTTIR BARNASTJARNA er 22 ára í dag.

SÖNGKONAN RUTH REGINALDS er 43 ára í dag.

ÓLÖF NORDAL MYNDLISTARKONA er 47 ára í dag.

KETILL LARSEN LEIKARI er 74 ára í dag.

UMHVERFISVÆNIR Nýju „plastpokarnir“ brotna niður í náttúrunni.

MYND/TRYGGVI R. JÓNSSON

Brotnar niður á nokkrum vikum

Framleiðsla er hafin á pokum og filmu, undir nafninu Mater-Bi, úr umhverfisvænu efni sem brotnar niður í náttúrunni. Það er unnið úr maíssterkju og blandað með öðrum lífbrjótanlegum efnum og líkist plasti. Efnið er endurnýjanlegt og brotnar niður á 10-45 dögum við jarðgerð.

Stefán Gíslason, verkefnisstjóri Staðardagskrár 21, segir þetta ákveðið frumkvæði í þá átt að uppfylla tilskipun Evrópusambandsins um urðun á lífrænum úrgangi sem búið er að innleiða í íslensk lög og reglugerðir. Tilskipunin felur í sér að minnka skuli lífræna úrganginn í áföngum. Fyrsti áfanginn er strax árið 2009 og árið 2020 á magnið að vera komið niður í þriðjung þess sem það var árið 1995.

„Þetta er lítið skref á langri leið en engin bylting. En svona skref eru bráðnauðsynleg,“ segir Stefán. „Aðalatriðið er þó að þetta efni verði sett í jarðrækt og endurnýtt en ekki urðað.“

Á dögunum færðu starfsmenn Plastprents fyrirtækjunum Fjarðarkaupum, Lyfju og Bónus fyrstu íslensku Mater-Bi pokana. Hægt að framleiða sams konar poka og umbúðir úr Mater-Bi og gert hefur verið hingað til úr mengandi plastefnum.

- ges

Boðið í hagfræðitíma

Hagfræðideild Háskóla Íslands býður öllum sem vilja að sækja, án endurgreiðslu, tíma í þjóðhagfræði í haust. Fyrirlesari verður Þorvaldur Gylfason prófessor.

Um er að ræða inngangsnámskeið sem krefst ekki sérstaks undirbúnings. Fyrirlestrar verða þriðjudaga frá 14.10 til 17.20 í sal H1 í Háskólabíói frá og með næstkomandi þriðjudegi.

- gh

ÞORVALDUR GYLFASON Ætlar að fræða almenning um hagfræði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GUÐBJÖRG ASTRID SKÚLADÓTTIR Hefur í gegnum árin sóst eftir nemendum sem hafa mikinn áhuga á dansi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

KLASSÍSKI LISTDANSSKÓLINN: SETTUR Í FIMMTÁNDA SINN

Hefur svo mikið að gefa

Klassíski listdansskólinn var stofnaður árið 1993 og verður settur í fimmtánda sinn í dag. Guðbjörg Astrid Skúladóttir, stofnandi og eigandi skólans, segir mikið hafa breyst í rekstrinum þann tíma sem skólinn hefur verið starfandi. „Núna taka stelpur sem eru á grunnskólastigi vorpróf hjá okkur og eru metnar á milli stiga. Áður fyrr var það ég sem mat það hvort þær myndu ráða við næsta stig. Stigin voru því ekki jafn markviss og þau eru núna með erlendum prófdómurum.“

Guðbjörg segist lengi hafa búið erlendis og iðkað þar dans. Árið 1990 flutti hún aftur til Íslands. Þegar heim var komið kenndi hún í eitt ár við Listdansskólann en ákvað svo að stofna Klassíska listdansskólann. „Mig langaði til að taka öðruvísi á hlutunum og haga kennslunni á annan veg en var í Listdansskólanum. Það er ástæðan fyrir því að ég stofnaði skólann.“

Aðspurð segir Guðbjörg að sér hafi þótt það skylda sín að stofna listdansskóla fyrir fimmtán árum. „Mér fannst sjálfri að ég hefði svo mikið að gefa og að ég ætti að láta eitthvað gott af mér leiða, því ég hef mikla þekkingu og skilning á dansi.

Ég byrjaði bara með tuttugu og sex nemendur en í dag eru þeir orðnir um hundrað og þrjátíu. Við erum samt alltaf minnsti skólinn, og það er af hinu góða. Við viljum ekki vera neitt bákn,“ segir Guðbjörg brosandi og bætir við að hún sækist eftir nemendum sem hafa mikinn áhuga á dansi.

Þegar Guðbjörg er innt eftir því hvort nemendur skólans hafi náð langt í dansi segir hún svo vera og að nemarnir hafi fengið mikið hrós erlendis. „Þær eru í rauninni að komast allt sem þær vilja. Íslenskir krakkar hafa heilmikla elju og ná langt. Það er mjög gaman að upplifa það að nemendur mínir eru að taka á og komast áfram.

Það er alltaf mikil vinna að vera með góðan skóla,“ segir Guðbjörg ákveðin og heldur áfram: „Það byggist líka á því að nemendurnir taki námið alvarlega og vinni vel. Þegar samstarf á milli kennara og nemenda er gott gengur allt mjög vel.“

martaf@frettabladid.is

TRÉ MÁNAÐARINS: SALIX VIMINALIS L. ÞINGVÍÐIR

Vinsælt sem klifurtré og kallað „Töfratréð“

Tré ágústmánaðar er afbrigði körfuvíðis sem kallast þingvíðir (Salix viminalis L. ‘Þingvíðir’) og vex á lóð við leikskólann Steinahlíð í Vogahverfinu í Reykjavík. Tréð er 6,15 metrar á hæð, ummál í brjósthæð er 0,65 metrar og umfangið 7,50 metrar.

Þingvíðir er kenndur við Alþingishússgarðinn, en Tryggvi Gunnarsson gróðursetti hann þar í lok 19. aldar. Það tré er nú horfið, en árum saman var þingvíði fjölgað út frá því tré. Ræktun hans lauk að mestu eftir mikið vorhret sem gerði 1963.

Húsið þar sem leikskólinn Steinahlíð er nú starfræktur var byggt árið 1932 af þeim Elly Schepler Eiríksson og Halldóri Eirikssyni. Ósk Ellyjar og Halldórs var að sérstök áhersla væri lögð á að kenna börnunum að meta og rækta tengslin við náttúruna og hefur þar alla tíð verið lögð áhersla á matjurta- og trjárækt.

Þingvíðirinn er kallaður „Töfratréð“ af krökkunum í Steinahlíð enda vinsæll sem klifurtré. Svala Jóhannsdóttir leikskólakennari benti Skógræktarfélaginu á þetta einkennilega tré. Hún segir börnunum yfirleitt takast um þriggja ára aldur að klifra upp á neðstu greinarnar og svo fara þau hærra og hærra. Töfratréð ber þess merki að hafa orðið fyrir veðurfarsskemmdum og snjóþyngsli og mikið klifur hafa sett mark sitt á lögun hans.

KRÓNAN í takt við tímann...

50% afsláttur

988 kr. kg
Goða lambalæri

1299 kr. kg
Grísalundir

20% afsláttur

1098 kr. pk
Rose kjúklingabringur 900g

FRÁBÆR TILBOÐ!

20% afsláttur

398 kr. pk.
Grillborgarar með brauði 4stk

30% afsláttur

999 kr. pk.
Móa kjúklinganaggar ferskir

20% afsláttur

749 kr. pk.
Findus chicken og meatball pan

175 kr. pk.
Shop R. plastfilma

229 kr. pk.
Super Kornflakes 750g

164 kr. stk.
FF Smoothie

175 kr. pk.
Knorr pastasósur 5 tegundir

KRÓNAN fyrst og fremst... ódýr!

NOKKUR ORÐ
Vigdís Þormóðsdóttir

Heimsyfirráð þýskra sokka

Flest höfum við okkar hugmyndir um Þýskaland, algerlega án tillits til þess hvort við höfum sótt það heim eður ei. Hugmyndir þessar eru grundaðar á þýskri menningu og sögu sem við teljum geta gefið okkur góða innsýn í sálarkima þýsku þjóðarinnar. Við vitum öll af þessu með nasistana og kommúnistana og sumir vita jafnvel eitthvað aðeins meira. En út frá fáum þekkingarbrotum hafa þjóðir heims komið sér saman um að Þjóðverjar séu afar nákvæm, dugleg og sjálfsörugg þjóð, þó svo að stundum virðist eilítið vanta upp á mannlegt eðli þeirra.



Færri eru þó væntanlega meðvitaðir um að Þjóðverjar eru helstu framleiðendur sokkagarns í gervallri Evrópu, og þótt víðar væri leitað. Sokkagarnið sem frá þeim streymir í óteljandi kílómetravís er af margvíslegum gerðum; bómullar- og ullarblandað og litaglatt eða -dauft, bara eftir þörfum og löngunum hvers og eins. Þýska sokkagarnið er náttúrlega með eindæmum vandað og endingargott og ekki einu sinni viðkvæmustu fætur geta barmað sér undan kláða af völdum þess. Löngum hefur því verið haldið fram að þýsk framleiðsla sé vandaðri en annarra landa; hér skal ekki fullyrt um alla vöruflokka, en staðhæfing þessi á sannarlega við um þýskt sokkagarn.

Skemmst er frá því að segja að þessi gæðavara selst eins og heitar lummur í garnbúðum um víða veröld; Þjóðverjar hafa þannig gert mikið til að bægja kulda frá fótum mannkyns. Segja mætti að hér sé um nokkurs konar heimsyfirráð að ræða, en þó með öðrum formerkjum en þeim sem Þjóðverjar gerðu sér í hugarlund fyrir rúmum sextíu árum.

NÚ FÁ SÉR ALLIR ÁSKRIFT!

4 leiksýningar á einungis 8.900 kr.

Meiri snerpa

Hver leiksýning er sýnd þétt og í takmarkaðan tíma. Það er því um að gera að skipuleggja leikhúsárið fyrirfram og tryggja sér miða á þær sýningar sem heilla mest.

Þú átt valið

Þú velur þær fjórar sýningar sem þér finnst mest spennandi af glæsilegri dagskrá Borgarleikhússins.

Áskriftarkort

Hringdu í síma **568 8000** eða farðu á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Tilfinningalegur rússíbani í Kanada

Leikarinn og lagasmiðurinn Þór Breiðfjörð Kristinsson er þessa dagana að leggja lokahönd á fyrstu sólóplötu sína, sem ber titilinn Running Naked. Þór hefur búið og starfað í Englandi síðastliðinn áratug og hefur meðal annars sungið í mörgum stærstu söngleikjum West End í London, í sumar hélt hann nokkra tónleika hér heima þar sem hann flutti þekkt söngleikjalög við góðar undirtektir. Upptaka plötunnar fer að mestu fram í Kanada, þar sem Þór er nú búsettur ásamt fjölskyldu sinni.

„Þetta er búið að vera rosalegt ævintýri og ég hef fengið að vinna með einvalaliði tónlistarmanna. Þessa dagana erum við að vinna hörðum höndum að því að ljúka við plötuna og ég á von á því að klára plötuna í næstu viku.“ Að eigin sögn vann Þór í þrjú ár að plötunni áður en haldið var í hljóðver og er elsta lagið á plötunni tíu ára gamalt. Tónlist sinni lýsir Þór sem hálfgerðu popp/rokki. „Þetta er í ætt við Ray LaMontagne og í áttina að David Gray. Þetta er allt frá rokklögum niður í fallegar ballöður þar sem ég syng og spila á flygil.“

GEFUR ÚT FRUMRAUNINA Þór Breiðfjörð hefur sungið á West End í mörg ár en gefur út sína fyrstu plötu í haust.

Platan kemur í verslanir í haust og mun Þór halda tónleika á Íslandi í desemberbyrjun. Hann segist vera gífurlega spenntur fyrir útgáfu plötunnar. „Þetta ferli er búið að vera tilfinningalegur rússíbani. Ég er spenntur en á sama tíma mjög stressaður því maður vonast að sjálfsögðu eftir góðum viðbrögðum hlustenda. Lögin byggi ég mikið á eigin reynslu og tilfinningum og því stendur maður eftir svolítið berskjaldaður.“ **- sm**

Trúði þessu ekki

Baltasar Kormákur er hæstánægður með að Mýrin hafi komist á topp tíu lista breska Times yfir bestu glæpamyndir allra tíma. „Usual Suspects, Silence of the Lambs og Mýrin. Þetta var bara fyndið, ég trúði þessu ekki þegar ég heyrði þetta,“ sagði Baltasar.

Aðrar myndir á listanum eru Darkness in Tallinn, The Transporter, Freebie and the Bean, Once Upon a Time in America, Fargo, Reservoir Dogs og The Last of Sheila. Kemst Baltasar Kormákur þar með á blað ásamt Coen-bræðrum, Tarantino og Sergio Leone.

Um myndina segir: „Auðrekjanleg blóðbönd Íslendinga koma upp um röð morða, en það sem truflar mest er að horfa á löggu borða lambshaus.“

Unnið er að handriti eftir bókinni Grafarþögn, en þeir Arnaldur og Baltasar koma að því saman. Það er því aldrei að vita nema annað samstarfsverkefni þeirra komist einnig á spjöld kvikmyndasögunnar. **- kbs**

HÁKLASSA MYND Mýrin komst á lista Times yfir bestu glæpamyndir allra tíma.

Kvikmyndasmiðja

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík eða RIFF stendur að kvikmyndasmiðju 2. til 4. október. Smiðjan er einungis ætluð kvikmyndagerðarmönnum og ætluð þeim til framdráttar.

Boðið er upp á þétta dagskrá fyrirlestra, sem leidd er af fagmönnum, mörgum mjög þekktum á sínu sviði. Þar má nefna danska leiktjórann og leikkonuna Paprika Steen, franska höfundinn og leikstjórann Philippe Claudel, heimildarkvikmyndagerðarmaninn Arto Halonen og Dag Kára Pétursson.

Þá fá þátttakendur keppnisrétt í stuttmyndakeppni hátíðarinnar, Gullna egginu, passa á hátíðina, hádegisverð og morgunmat á meðan á smiðjunni stendur og aðgang að öðrum veisluhöldum. Loks býðst þeim að kynna verk sín á vefsíðu RIFF. Skilyrði er að þátttakendur tali góða ensku og stundi nám eða vinni við kvikmyndagerð. Umsóknarfrestur er til 15. september, en umsóknir má nálgast á riff.is.

MEÐAL FYRIRLESARA Dagur Kári miðlar visku sinni til kvikmyndagerðarmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Kennsla hefst 15. september

Innritun og upplýsingar í síma 561 5620 frá kl. 10-16.

www.schballett.is

BALLETTSKÓLI Eddu Scheving

Safnaðarheimili Háteigskirkju
Háteigsvegi • Sími 552 5620
Félag íslenskra listdansara

SAMBÍÓIN





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
TROPIC THUNDER	kl. 5:40 - 8 - 10:20	16
TROPIC THUNDER	kl. 5:40 - 8 - 10:20	VIP
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
GET SMART	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
DARK KNIGHT	kl. 8:30 - 10:20	12
STAR WARS	kl. 5:50	L
THE MUMMY 3	kl. 8	12
WALL-E m/ísl. tali	kl. 6	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
DARK KNIGHT	kl. 6 - 8 - 10	12
STAR WARS	kl. 5:50D	L
GET SMART	kl. 10:10	L
WALL-E m/ensku tali	kl. 5:50 - 8	L

SAMBÍÓIN SELFOSS		
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 8	L
MAMMA MÍA Síð. sýn.	kl. 8	L
SKRAPP ÚT	kl. 10:10	12
X-FILES 2	kl. 10:10	16

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 6 - 8 - 10	L
WALL-E. m/ísl. tali	kl. 6	L
GET SMART	kl. 8 - 10	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
TROPIC THUNDER	kl. 8 - 10:20	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 8 - 10	L

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000		
TROPIC THUNDER	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
TROPIC THUNDER LÚXUS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
MAKE IT HAPPEN	kl. 4 - 6 - 8 - 10.10	L
THE ROCKER	kl. 5.40 - 8 - 10.20	7
MAMMA MIA	kl. 5.30D - 8D - 10.30D	L

5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919		
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 6 - 8 - 10	L
THE ROCKER	kl. 5.30 - 8 - 10.30	7
SKRAPP ÚT	kl. 6 - 8 - 10	12
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!		
MAKE IT HAPPEN	kl. 5.40 - 8 - 10.20	L
X - FILES	kl. 5.40 - 8	16
SKRAPP ÚT	kl. 6 - 8 - 10	12
THE STRANGERS	kl. 10.20	16
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L

allar myndir - allar sýningar - alla daga

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500		
TROPIC THUNDER	kl. 6 - 8 - 10.10	16
THE ROCKER	kl. 10.10	7
MAMMA MIA	kl. 6 - 8	L

5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR		
TROPIC THUNDER	kl. 5.40, 8 og 10.15	16
GET SMART	kl. 5.40, 8 og 10.15	L
MAMMA MIA	kl. 6 og 9	L

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM

SVALUR Sébastien Tellier var í feiknastuði á tónleikum sínum á Rúbín fyrir helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stefanía og Sigríður sáu Tellier.

TELLIER TRYLLTI LÝÐINN

Franski raftónlistarmaðurinn Sébastien Tellier hélt tónleika á Rúbín í Öskjuhlíð á fimmtudagskvöldið. Tónleikarnir voru velheppnaðir og skemmtu gestir sér hið besta.

Sébastien Tellier þekkja margir úr Eurovision-keppninni síðasta vor. Tónleikar hans á Rúbín á fimmtudagskvöldið voru til að kynna nýjustu plötu hans, sem kom út í byrjun árs. Tellier þótti svalur á sviðinu og augljóst var að íslenskt kvenfólk heillaðist af nærveru hans.

Harpa Dögg og Ása Ottesen.

Hildur Rut og Kristín.

Sverrir og Rósa.

Langar þig til að syngja í karlakór sem hefur mikinn metnað?

Þá er hér tækifæri sem þú ættir að hugleiða.

Karlakórinn Fóstbræður vill bæta við sig söngmönnum í allar raddir fyrir næsta starfsár (2008-2009) sem hefst 1. september nk. Þú þarft að hafa góða söngrödd og tónheyrn. Byrjendur fá þjálfun í raddbeitingu, samhljómi og að lesa/styðjast við nótur.
Nánari upplýsingar veitir formaður Fóstbræðra Smári S. Sigurðsson í síma 8633247, netfang nsn@internet.is

Fóstbræður er ein elsta tónlistarstofnun landsins og hefur starfað óslitið í hart nær hundrað ár. Kórinn hefur frá upphafi flutt metnaðarfull verkefni og sem dæmi komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í viðamiklum verkefnum. Fóstbræður hafa frumflutt ýmis stærri verk fyrir karlakóra og líka slegið á létta strengi t.d. sungið með Stuðmönnum og á sínum tíma voru 14 Fóstbræður mjög vinsælir. Fóstbræður hafa unnið til verðlauna í erlendum söngkeppnum og síðast hlaut kórinn gullverðlaun á tónlistarhátíð Musica Sacra í Pag. Í júlí sl. sungu Fóstbræður á sumarlistahátíð í Vilnius með hinni þekktu Christophers Chamber Orchestra við góðar undirtektir. Kórinn fer reglulega í söngferðir innanlands sem utan.

KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR
STOFNAÐUR 1916

100% FJÁRMÖGNUN
50% ERLENT / 50% ÍSLENSKT LÁN

Bílstjórar athugið!

Eigum nokkur gullegg í fórum okkar

Takmarkaður fjöldi - þetta verð hefur ekki sést síðan í vetur

15 stk. á sértilboði

HYUNDAI

Hyundai Santa Fe
5 dyra, dísel og sjálfskiptur.
Verð áður: 5.140.000

4.620.000

520.000 afsláttur

8 stk. á sértilboði

HYUNDAI

Hyundai Getz
5 dyra, bensín og beinskiptur.
Verð áður: 1.990.000

1.790.000

200.000 afsláttur

Ertu með gull í greipum?
Við bjóðum þér uppítökutryggingu að upphæð **200.000 kr.** Það þýðir að bíllinn þinn, sama hversu gamall og reittur hann er, verður aldrei minna en **200.000 kr.** virði (þarf að vera gangfær og skoðaður ´08). Láttu sérfræðinga okkar meta bílinn og keyrðu burt á nýjum bíl með eina lága greiðslu á mánuði.

Gríptu gæsina í dag og fáðu þér nýjan Hyundai eða Renault á kostakjörum.

HYUNDAI eru hagkvæmir og sparneytnir bílar með lága bilanatíðni. Æ fleiri minnast á hversu snotrir þeir eru orðnir og skemmtilegir í akstri. Hyundai kemur ávallt vel út, þegar borin eru saman gæði og verð. RENAULT er traustur og skynsamlegur kostur í kreppunni. Hann eyðir litlu og endist vel. Öruggari bíl er ekki hægt að hugsa sér. Þetta er besta verð sem sést hefur lengi á þessum fallegu bílum.

Við köllum þennan takmarkaða fjölda lagerbíla, gulleggin okkar. Þetta eru nokkur vel búin eintök sem við bjóðum nú á mun lægra verði en áður. Nýttu tækifærið og færðu þig yfir á ódýran og hagkvæman bíl. **Komdu við á Grjóthálsi í dag og farðu í reynsluakstur. Þú tapar engu á því.**

Gríptu gæsina í dag og gerðu (g)eggjað góð kaup

B&L | Með bílinn handa þér

Grjóthálsi 1 | 110 Reykjavík | S 575 1200 | www.bl.is | bl@bl.is
Opið: 10-18 virka daga, 12-16 laugardag.

Aukabúnaður á mynd: álfelgur og vindskeið. B&L áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara.

> Íslandsmótið í holukeppni í dag

Spennan magnast nú í Íslandsmótinu í holukeppni en úrslitin í karla- og kvennaflokki ráðast í dag á Korpúlfsstaðavelli. Ottó Sigurðsson og Arnór Ingi Finnbjörnsson úr GR, Sigmundur Einar Másson úr GKG og Hlynur Geir Hjartarson úr GK leika í undanúrslitum í karlaflokki. Í kvennaflokki eru það Þórdís Geirsdóttir úr GK, Ragnhildur Sigurðardóttir úr GR, Ásta Birna Magnúsdóttir úr GK og Valdís Þóra Jónsdóttir úr GL sem leika í undanúrslitum. Ottó og Þórdís fóru með sigur af hólmi í fyrra og geta því enn varið titil sinn. Leikar hefjast kl. 8.

sport

sport@frettabladid.is

LANDSBANKADEILD KARLA: HK-INGAR UNNU SINN ÞRIÐJA SIGUR Í RÖÐ ÞEGAR ÞRÓTTARAR KOMU Í HEIMSÓKN

HK-ingar hleyptu meiri spennu í botnbaráttuna

HK vann í gær sannfærandi 4-0 sigur á Þrótti og þar með sinn þriðja sigur í röð. Liðið hefur fengið tvöfalt fleiri stig í síðustu fjórum leikjum liðsins en í öllum hinum fjórtán leikjum sumarsins. Fyrir vikið er liðið nú aðeins einu stigi frá Fylki, sem er í tíunda sæti deildarinnar.

Almir Cosic skoraði fyrsta mark HK í fyrri hálfleik en þeir Hörður Magnússon, Rúnar Már Sigurjónsson og Aaron Palomares bættu við þremur í þeim síðari.

„Seinni hálfleikurinn var betri en sá fyrri," sagði Rúnar Páll Sigmundsson, þjálfari HK. „Við vorum svolítið langt á eftir mönnunum okkar en náðum samt að fá nokkur ágæt færi. En í heildina er ég hrikalega ánægður með leikinn."

Kollegi hans, Gunnar Oddsson, þjálfari Þróttar, var vitanlega ekki eins sáttur.

„Það var ömurlegt að horfa upp á þetta. Við vorum gjörsamlega teknir í bakaríið af sprækum liði HK og vorum engan veginn klárir í bardagann. Við vorum búnir að fara vel yfir síðasta leik og æfðum grimmt í vikunni og tónninn var fínn fyrir."

HK-ingar hafa nú komið fjölmörgum sparkspekingum á óvart enda voru margir búnir að afskrifa þá. Rúnar Páll var þó ekki einn þeirra.

„Ég sá þetta fyrir enda veit ég allt um getu liðsins. Við höfum aldrei misst trúna á okkur og það hefur fleytt okkur langt. Liðsheildin og samstaðan er einnig mjög góð og það er að skila sér."

„Ég þarf ekkert að pæla í hvað aðrir segja enda höfum við aðeins verið að einbeita okkur að okkar eigin markmiðum. Ef við höldum áfram að safna stigum þá munum við ná þeim og halda okkur í deildinni."

Þróttarar eru nú átta stigum á undan botnliði ÍA og fjórum á undan HK. Þeir eru því ekki hólpnir og telur Gunnar að liðið þurfi meira en einn sigur til að bjarga sér.

„Ég hef áhyggjur af því að við skulum ekki ná að rífa okkur úr þessum pakka. Einn sigur í viðbót mun ekki duga. En við eigum ÍA næst og við þurfum að nota þær tvær vikur sem eru í leikinn vel og vandlega." - esá

Botnliðin leika Valsmenn grátt

Botnlið Skagamanna gerði sér lítið fyrir og lagði Íslandsmeistara Vals að velli í gærkvöldi. Valsmenn hafa aðeins náð í eitt stig úr fjórum leikjum gegn botnliðunum ÍA og HK og eru nú átta stigum frá toppsætinu.

HK	4-0	Þróttur

Kópavogsvöllur, áhorf.: 1.073 Einar Örn Daníels. (6)

1-0 Almir Cosic (4.), 2-0 Hörður Magnús. (53.), 3-0 Rúnar Sigurjóns. (70.), 4-0 Aaron Palomares (90.).

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	10-11 (7-4)
Varin skot	Gunnleifur 4 – Bjarki Freyr 2
Horn	3-8
Aukaspyrnur fengnar	10-10
Rangstöður	2-1

HK 4-5-1		ÞRÓTTUR 4–3–3	
Gunnleifur Gunnleifs.	7	Bjarki F. Guðmunds.	4
Finnbogi Llorens	-	Eysteinn Lárusson	5
(19. Damir Mumin.	7)	Dennis Danry	6
Ásgrímur Albertsson	7	Michael Jackson	5
Erdzan Beciri	8	Kristján Ó. Björnsson	6
Hörður Árnason	7	Magnús M. Lúðvíks.	5
Hörður Magnússon	8	(72. Birkir Pálsson	-)
Almir Cosic	7	Þórður Hreiðarsson	4
(33. Rúnar Sigurj.	7)	(56. Jesper Sneholm	6)
*Sinisa Kekic	8	(81. Carlos Bernal	-)
(70. Hörður M. Mag.	6)	Hallur Hallsson	6
Finnur Ólafsson	7	Andrés Vilhjálmsson	5
Aaron Palomares	7	Hjörtur Hjartarson	4
Iddi Alkhag	6	Sigmundur Kristjáns.	6

*Maður leiksins

STAÐAN

1. Keflavík	**18**	**12**	**4**	**2**	**46-24**	**40**
2. FH	17	11	2	4	38-19	35
3. Valur	**18**	**10**	**2**	**6**	**31-22**	**32**
4. Fram	18	10	1	7	23-15	31
5. KR	**18**	**9**	**2**	**7**	**30-20**	**29**
6. Breiðablik	17	7	6	4	34-25	27
7. Grindavík	**18**	**7**	**3**	**8**	**24-32**	**24**
8. Fjölnir	18	7	1	10	29-30	22
9. Þróttur	**18**	**4**	**7**	**7**	**22-37**	**19**
10. Fylkir	18	4	4	10	18-32	16
11. HK	**18**	**4**	**3**	**11**	**22-39**	**15**
12. ÍA	18	2	5	11	16-38	11

FÓTBOLTI „Þetta er alveg grátlegt. Það er eins og töfluröðin taki okkur alveg úr sambandi. Skagamenn komu hingað til að spila fyrir stoltið í dag og börðust meira og uppskáru eftir því," sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, eftir að liðið tapaði fyrir ÍA á heimavelli sínum í gær.

Valsmenn hafa þrívegis í sumar tapað fyrir neðsta liði deildarinnar og aðeins fengið eitt stig úr viðureignum sínum gegn HK og ÍA. Hlíðarendapiltar náðu sér ekki á strik í gær og var fyrri hálfleikurinn sérstaklega slakur.

„Þetta skánaði í seinni hálfleik og við vorum staðráðnir í því að berjast. Við unnum fleiri návígi og þá fengum við færi sem við nýttum þó ekki," sagði Willum.

Skagamenn höfðu yfirhöndina í fyrri hálfleik og komust yfir strax á þriðju mínútu þegar Arnar Gunnlaugsson sýndi hvað hann kann og skoraði frábært mark. Hann og Bjarki fengu sitt dauðafærið hvor fyrir hálfleik til að koma ÍA í tveggja marka forystu en það tókst ekki.

Valsmenn voru ekki með í fyrri hálfleiknum og ógnuðu marki ÍA ekki af neinu viti. Þeir léku mun betur í seinni hálfleiknum og vildu í tvígang fá vítaspyrnu en Þorvaldur Árnason dæmdi ekkert við mikla gremju Valsmanna.

Hornspyrnur Vals voru stórhættulegar í seinni hálfleik en ekki fundu þeir leið framhjá Trausta Sigurbjörnssyni sem átti mjög góðan leik í marki ÍA. Fyrir framan Trausta léku varnarmennirnir fjórir allir vel en það hefur ekki gerst oft í sumar.

Von Skagamanna um að bjarga sér frá falli er enn til staðar þótt veik sé. Fimm stig eru upp úr fallsæti fyrir þá gulu.

„Já, reiknimeistararnir verða að segja til um það. Þetta kemur allt í ljós," sagði Kári Steinn Reynisson, sem átti frábæran leik í bakverðinum.

„Það vantaði púður í þá og þeir ógnuðu lítið. Við áttum að vera búnir að gera út um þetta í fyrri hálfleik þegar við fengum dauðafæri til að bæta við. Þeir pressuðu nokkuð mikið í síðari hluta seinni hálfleiks," sagði Kári.

Varðandi framhaldið sagði Kári að það þyrfti bara að taka einn leik fyrir í einu.

„Þetta er ekkert endilega í okkar höndum svo við verðum bara að hugsa um að klára okkar leiki og sjá hverju það skilar," sagði Kári Steinn að lokum. - egm

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

VONIN LIFIR ÍA heldur enn í vonina um að halda sér uppi.

VALUR	0-1	ÍA

0-1 Arnar Gunnlaugsson (3.)

Vodafonevöllurinn, áhorf.: 960
Þorvaldur Árnason (7)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9-7 (5-5)
Varin skot	Kjartan 4 – Trausti 5
Horn	12-3
Aukaspyrnur fengnar	13-15
Rangstöður	2-0

Valur 4-4-2 Kjartan Sturl. 5 - Rasmus Hansen 7 (46., Hafþór Vilhj. 5), Barry Smith 7, Atli Sv. 4,Rene Carlsen 6, Baldur Aðalsteins. 4, Baldur Bett 5 (84., Guðm. Hafsteins. -), Bjarni Eiríks. 4, Sigurbj. Hreið. 6, Guðm. Ben. 6 (67., Albert I. 6), Helgi Sigurðs. 6.

ÍA 4–4–3 Trausti Sigurbjörns. 8 - Árni Thor Guðm. 8, Heimir Einars. 8, Helgi P. Magnús. 8, ***Kári Steinn Reynis. 8**, Pálmi Haralds. 7, Þórður Guðjóns. 5 (64., Aron Péturs. 6), Jón Vilhelm Á. 6, Bjarki Gunnlaugs. 7 (Guðm. B. Guðj. 7), Arnar Gunnlaugs. 7 (73., Guðjón Sveinsson -), Björn Bergmann Sigurðarson 7.

FLAGA GROUP

Flaga Group hf.
Hluthafafundur 8. september 2008

Hluthafafundur í Flaga Group hf. verður haldinn mánudaginn 8. september 2008 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík og hefst fundurinn kl. 8:00 árdegis.

Dagskrá:

1. Kynning á starfsemi félagsins.
2. Tillaga stjórnar um breytingar á 2. gr. samþykkta:
   a. Tillaga um endurnýjun á heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár með útgáfu nýs hlutafjár um allt að 80.000.000 króna að nafnverði til að efna kaupréttarsamninga við starfsmenn félagsins og dótturfélaga sem og annarra sem starfa í tengslum við félagið. Forgangsréttur hluthafa að aukningunni fellur niður.

Dagskrá og endanlegar tillögur munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis frá og með mánudeginum 1. september. Enn fremur verður hægt að nálgast þær á vefsíðu félagsins *www.flagagroup.com* frá sama tíma.

Fundargögn verða afhent á fundarstað að Hilton Reykjavík Nordica.

Reykjavík 1. september 2008

Stjórn Flaga Group hf.

Keflavík hélt sínu striki í Landsbankadeildinni með sigri gegn Grindavík í gær:

Þolinmæðin skilaði stigum

FÓTBOLTI Keflavík náði fimm stiga forystu á toppi Landsbankadeildar karla með því að leggja Grindavík, 3-0, á heimavelli sínum.

Grindvíkingar voru komnir til Keflavíkur til að verja stigið og sýndi Keflavík mikla þolinmæði sem skilaði að lokum sigrinum.

„Það skipti miklu máli að ná inn markinu til að losa þá aðeins úr sínum varnarpakka. Við náðum ekki að hreyfa boltann nógu hratt í fyrri hálfleik og komumst ekki nógu oft upp í hornin en það tókst aðeins betur í seinni hálfleik og það var flott að við náðum að skora eftir innkast," sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur.

„Mér fannst við vera mjög þolinmóðir og einbeittir að ná markmiðum okkar í þessum leik. Með aukinni einbeitingu inni á vellinum kemur þessi þolinmæði. Leikmenn eru mun einbeittari að ná því markmiði, sem hver og einn og liðið í heild hefur, en áður."

Keflvíkingar hafa forðast allt tal um titilbaráttu eins og heitan eldinn en lið á toppnum þegar fjórar umferðir eru eftir getur það ekki lengur.

„Við endurskoðun markmiðin núna í þessari viku. Við erum með nokkur markmið og það hefur tekist ágætlega að ná þeim í síðustu átta leikjum. Nú skoðum við stöðuna eftir þessa umferð," sagði Kristján í leikslok. - gmi

SÁTTUR Kristján Guðmundsson var ánægður með sína menn í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

KEFLAVÍK	3-0	GRINDAVÍK

1-0 Jóhann Guðmundsson (65.)
2-0 Guðmundur Steinarsson (83.),
3-0 Magnús Þorsteinsson (90.).

Sparisjóðsvöllurinn, áhorf.: 1.767
Kristinn Jakobsson (8)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	13-5 (5-1)
Varin skot	Ómar 1 – Zankarlo 2
Horn	3-2
Aukaspyrnur fengnar	6-7
Rangstöður	0-2

Keflavík 4-4-2 Ómar Jóhannsson 6 - Guðjón Á. Antoníusson 7, Kenneth Gustafsson 7, ***Hallgrímur Jónasson 8**, Brynjar Guðmunds. 6, Hörður Sveinsson 5 (58., Jón G. Eysteins. 6), Hólmar Örn Rúnarsson 7, Símun Samuelsen 6 (86. Hans Mathiesen -), Patrick Ted Redo 4, Jóhann B. Guðmunds. 6 (73., Magnús Þorsteinsson -), Guðmundur Steinarsson 7.

Grindavík 4–5–1 Zankarlo Simunic 6 - Bogi Rafn Einarsson 4, Zoran Stamenic 8, Eysteinn Húni Hauksson 6, Jósef Jósefsson 4, Scott Ramsay 3 (71., Aljosa Gluhovic -), Orri Freyr Hjaltalín 7, Jóhann Helgason 6, Gilles Mbang Ondo 3 (61., Andri Steinn Birgisson 5), Marinko Skaricic 4 (80., Emil Símonars. -), Tomasz Stolpa 5.

FERSKT Í BÚÐIR Á HVERJUM DEGI

SÓMI

TORTILLUR
REYKT SKINKA & EGG
TIKKA MASALA KJÚKLINGUR
REYKTUR LAX & EGGJASALAT

SAMLOKUR
RÆKJUSALAT
HEILSUBITI
ROAST BEEF
SKINKA & SALAT
TÚNFISKSSALAT
KJÚKLINGUR & EGG
HANGIKJÖT & SALAT
KALKÚNN OG TÓMATBRAUÐ

LANGLOKUR
SKINKA, OSTUR & SINNEPSSÓSA
KJÚKLINGUR & LÉTTSÓSA
SKINKA, EGG & PÍTUSÓSA
LANGLOKA MÁNAÐARINS
ROAST BEEF

PÍTUBRAUÐ
REYKT SKINKA & EGG
TIKKA MASALA KJÚKLINGUR

SAMLOKURISTAR
SKINKA, OSTUR & BEIKON
SKINKA & OSTUR

LANGLOKURISTAR
SKINKA, OSTUR & PEPPERONI
KJÚKLINGUR, OSTUR & BEIKON
AMERÍSK GRÍSALANGLOKA

HAMBORGARAR
HAMBORGARI MEÐ OSTI
LÚXUSBORGARI

BÁTAR
SKINKA, ASPAS & BEIKON
KJÖTLOKA MEÐ NAUTAHAKKI OG OSTI
KJÖTLOKA MEÐ NAUTAHAKKI, SVEPPUM & OSTI

PASTABAKKAR
KJÚKLINGUR
SKINKA

HYRNUR
BIRKIREYKT HANGIKJÖT
KJÚKLINGUR & PESTO
LÚXUS SKINKA & EGG
HYRNA MÁNAÐARINS
BACON & EGG

Sómi ehf., Gilsbúð 9, 210 Garðabæ, sími 565 6000, fax 565 6084, somi@somi.is, www.somi.is

Fagfjárfestasjóðurinn KB ABS 8, kt. 430907-9990, hefur birt lýsingu vegna töku skuldabréfa til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.

Skuldabréfin eru að nafnvirði 980.000.000 kr. og voru gefin út þann 2. október 2007. Auðkenni flokksins í OMX Nordic Exchange Iceland hf. verður KBABS8 DBC. Skuldabréfin verða tekin til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. þann 2. september 2008. Skuldabréfin bera ekki vexti. Skuldabréfin endurgreiðast 7. október 2008. Samkvæmt greiðsluskilmálum er endurgreiðsla skuldabréfanna að lágmarki 100% af nafnverði hverrar einingar að viðbættri 195% af hækkun DB Currency Harvest Balanced Index (EUR), greitt í evrum. Hver eining skuldabréfanna er 5.000.000 kr. og því er fjöldi skuldabréfanna 196 talsins.

Lýsinguna er hægt að nálgast á skrifstofu útgefanda í Borgartúni 19, 105 Reykjavík, og á sjóðasíðu Kaupþings banka hf., www.kaupthing.is/sjodir, í eitt ár frá birtingu hennar. Umsjónaraðili töku skuldabréfanna til viðskipta er Kaupþings banka hf.

Reykjavík, 1. september 2008

KAUPÞING

Súpersól til Salou

5. og 12. sept.

frá kr. 39.990

Allra síðustu sætin!

Terra Nova býður frábært súpersól tilboð í vikuferð til Salou á Spáni 5. og 19. september. Salou er einn allra fallegasti bær Costa Dorada strandarinnar, sunnan Barcelona sem hefur notið mikilla vinsæla vegna mikils fjölbreytileika svæðisins. Þar er Port Aventura, stærsti og glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Stórkostlegar strendur, úrval veitingastaða og afþreyingar, blómstrandi menning og frábært skemmtanalíf. Gríptu þetta frábæra tækifæri. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Verð kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð í viku, 5. eða 19. september.

Terra Nova PRIMERA GROUP

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099

Birt með fyrirvara um prentvillur. Terra Nova áskilur sér rétt til leiðréttinga á slíku.
Ath. að verð getur breyst án fyrirvara

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Allt verður lagt í sölurnar þegar Breiðablik og KR mætast í bikarnum í kvöld:

Eina von beggja liða um titil

FÓTBOLTI Breiðablik og KR mætast í seinni undanúrslitaleik VISA-bikars karla á Laugardalsvelli kl. 20 í kvöld.

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, gerir sér fulla grein fyrir mikilvægi leiksins.

„Þetta er náttúrlega eini möguleiki liðanna beggja til að vinna titil í sumar og bæði liðin vilja pottþétt ná árangri í bikarkeppninni. Við Blikar ætlum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að kóróna fínt sumar hjá okkur með bikartitlinum," segir Ólafur.

Breiðablik fór fremur erfiða leið að undanúrslitaleiknum og ruddi þar bæði Íslandsmeisturum Vals og toppliði Keflavíkur úr vegi.

„Það er mjög sterkt að hafa unnið þessi lið á leið okkar í undanúrslitin og nú er enn einn steinn í götu okkar sem við þurfum að ryðja úr vegi og við vitum að við höfum bolmagn til þess," segir Ólafur.

Það er einnig hugur í Loga Ólafssyni, þjálfara KR.

„Það er oft talað um að bikarúrslitaleikurinn sé stærsti leikur sumarsins og þangað vilja auðvitað allir komast. Það væri mjög gaman að geta viðhaldið bikarhefðinni í Vesturbænum og ég tel okkur eiga ágætis möguleika á að ná því," segir Logi, en KR-ingar hafa hampað bikarnum tíu sinnum, oftast allra liða.

- óþ

Tómas hetja Fjölnismanna

Fjölnir vann Fylki, 3-4, í dramatískum undanúrslitaleik í VISA-bikar karla á Laugardalsvelli í gær. Tómas Leifsson skoraði sigurmarkið í uppbótartíma.

FÓTBOLTI Það vantaði ekki dramatíkina í undanúrslitaleik Fylkis og Fjölnis í VISA-bikar karla í gær. Flest benti til þess að grípa þyrfti til framlengingar þegar Fjölnismaðurinn Tómas Leifsson skoraði sigurmarkið þegar tæpar tvær mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma.

„Ég er bara ennþá að ná mér. Ég tók ekkert eftir því að það væri svona lítið eftir af leiknum, þannig að það var hrikalega sætt að vinna með þessum hætti," segir hetja Fjölnismanna, Tómas Leifsson.

Leikurinn fór tiltölulega rólega af stað á upphafsmínútunum, en það átti heldur betur eftir að breytast.

Fyrsta mark leiksins kom á 17. mínútu þegar Fjölnismaðurinn Gunnar Már Guðmundsson skoraði gott mark eftir þríhyrningsspil við Tómas Leifsson.

Fylkismenn jöfnuðu leikinn eftir hálftímaleik. Varnarmenn Fjölnis náðu þá ekki að hreinsa boltann úr vítateig sínum og Kjartan Ágúst Breiðdal mætti á fjærstöngina og skoraði af stuttu færi.

Fylkismenn tóku svo forystu stuttu síðar þegar varnarmaðurinn Þórir Hannesson brá sér í sóknina og skallaði einn og óvaldaður sendingu Ians Jeffs í netið.

Fylkismenn voru þó ekki lengi í paradís, því þremur mínútum eftir að hafa skorað varð varnarmaðurinn Valur Fannar Gíslason fyrir því óláni að skora sjálfsmark.

Varnarmistök Fylkis voru hins vegar ekki úr sögunni því stuttu síðar átti Þórir mjög slaka spyrnu sem barst beint í hlaupalínu Péturs Georgs Markan, sem slapp inn fyrir vörnina og þakkaði fyrir sig með því afgreiða boltann í netið framhjá Fjalari. Staðan var 2-3 í hálfleik í fjörugum leik.

HLÁTUR OG GRÁTUR Tómas Leifsson fagnar hér sigurmarki sínu á 92. mínútu sem tryggði Fjölnismönnum í úrslitaleik VISA-bikarsins. Leikmaður Fylkis liggur hins vegar eftir í grasinu og vonbrigðin leyna sér ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Það dró til tíðinda á 67. mínútu þegar Fjölnismenn gerðu tilkall til vítaspyrnu þegar stuggað var við Kristjáni Haukssyni í vítateignum. Dómarinn, Valgeir Valgeirsson, kaus að flauta ekki en í næstu sókn náðu Fylkismenn svo að jafna leikinn. Varamaðurinn Heimir Snær Guðmundsson gerði sig sekan um slæma sendingu sem Ian Jeffs komst inn í og átti gott skot sem Þórður réði ekki við.

Allt var í járnum á lokamínútunum og leikmenn liðanna virtust vera búnir að sætta sig við að grípa þyrfti til framlengingar þegar Tómas skoraði sigurmarkið. Tómas fékk sendingu frá varamanninum Davíð Þór Rúnarssyni og skoraði sigurmarkið þegar tæpar tvær mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma.

Stuttu síðar var svo flautað til leiksloka og Fjölnir komið í úrslitaleikinn annað árið í röð og í annað skiptið í sögu félagsins.

„Það sem stendur upp úr hjá mér er karakterinn sem við sýndum og við þurfum að byggja á því. Við erum bara bikarlið og núna ætlum við alla leið," segir sigurreifur Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fjölnis.

Sverrir Sverrisson var að stýra Árbæingum í sínum fyrsta leik eftir að hafa verið ráðinn þjálfari á dögunum. Hann dregur ýmislegt jákvætt frá leiknum.

„Menn voru að leggja sig fram og það er líka jákvætt að við erum að skora meira en oft áður í sumar." omar@frettabladid.is

Þrír leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær:

Óbreytt á toppnum

FÓTBOLTI Toppliðin Chelsea og Liverpool urðu bæði að sætta sig við jafntefli í ensku úrvalsdeildinni í gær en þau eru sem fyrr á toppi deildarinnar.

Juliano Belletti kom Chelsea yfir gegn Tottenham með skrautlegu marki en boltinn virtist hrökkva af læri Brasilíumannsins og þaðan í netið. Darren Bent náði svo að jafna leikinn eftir að boltinn barst inn fyrir vörn Chelsea af Frank Lampard. Bent kláraði færi sitt vel og markið nægði Tottenham til jafnteflis og fyrsta stigs liðsins í deildinni.

Dimitar Berbatov var ekki í leikmannahópi Tottenham en allt virðist benda til þess að framherjinn gangi í raðir Manchester United áður en félagaskiptaglugganum verður lokað á miðnætti í kvöld.

Liverpool sótti ekki gull í greipar Aston Villa og varð að sætta sig við jafntefli. Til að bæta gráu ofan á svart meiddist framherjinn Fernando Torres í fyrri hálfleik og varð að yfirgefa völlinn en fyrirliðinn Steven Gerrard er einnig meiddur og var ekki í leikmannahópi Liverpool í gær.

Shaun Wright-Phillips skoraði tvö mörk þegar Manchester City nældi í þrjú stig gegn Sunderland á útivelli. City skaust upp í þriðja sæti deildarinnar með 0-3 sigri sínum. - óþ

BYRJAR VEL Shaun Wright-Phillips skoraði tvö mörk í sínum fyrsta leik eftir endurkomuna til Manchester City. NORDIC PHOTOS/GETTY

ÚRSLIT

VISA-bikar karla undanúrsl.

Fylkir-Fjölnir 3-4
0-1 Gunnar Már Guðmundsson (17.), 1-1 Kjartan Ágúst Breiðdal (30.), 1-2 Þórir Hannesson (37.), 2-2 sjálfsmark (40.), 2-3 Pétur Georg Markan(43), 3-3 Ian Jeffs (68.), 3-4 Tómas Leifsson (90.+2.).

Enska úrvalsdeildin

Aston Villa-Liverpool 0-0
Chelsea-Tottenham 1-1
1-0 Juliano Belletti (28.), 1-1 Darren Bent (45.).
Sunderland-Manchester City 0-3
0-1 Stephen Ireland (45.), 0-2 Shaun Wright-Phillips (50.), 0-3 Wright-Phillips (58.).

Ítalska úrvalsdeildin

Ac Milan-Bologna 1-2
0-1 Marco Di Vaio (18.), 1-1 Massimo Ambrosini (41.), 1-2 Francesco Valiani (79.).
Roma-Napoli 1-1
1-0 Alberto Aquilani(29.), 1-1 Marek Hamsik(55.)
Chievo-Reggina 1-2
0-1 Bernando Corradi (72.), 1-1 Michele Marcolini (76.), 2-1 Vincenzo Italiano (88.). Emil Hallfreðsson var í byrjunarliði Reggina en var skipt út af á 86. mínútu.

Spænska úrvalsdeildin

Numancia-Barcelona 1-0
1-0 Mario (13.). Eiður Smári Guðjohnsen var á varamannabekk Barcelona og kom ekki við sögu í leiknum.

erum og verðum

ALLTAF ÓDÝRARI

ACER ASPIRE 5920G-60

- 2.2GHz Intel Core2 Duo T7500
- 4GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB SATA 5400rpm
- 512MB DDR3 Geforce 9500GS
- 15.4" WideScreen skjár
- Windows Vista Home Premium

134.950

TURNUPPFÆRSLA 4

- AMD Athlon 64 X2 6000+
- 4GB Dual DDR2 800MHz
- 640GB SATA2 WD - 16MB
- 384MB Geforce 9600GSO
- GB Lan og 7,1 hljóðkort

@tt.is 79.950

INTEL TÖLVA 4

- Intel Core 2 Duo E8400
- 4GB DUAL DDR2 800MHz
- 640GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce NX9600GT
- Windows Vista Home Premium

@tt.is 109.950

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

ACER ASPIRE 5920G-5A

- 1.83GHz Intel Core2 Duo
- 4GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB SATA 5400rpm
- 256MB DDR ATI HD3470
- 15.4" WideScreen skjár

107.950

500GB ICYBOX MP302

500GB IcyBox MP302 margmiðlunarspilari, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

22.950

INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E7200
- 4GB DUAL DDR2 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512 Geforce NX9600GT
- 22" Acer skjár, 5ms DVI

129.950

15.4" HLIÐARTASKA



15,4" Manhattan Empire lipur og nett svort hliðartaska fyrir fartölvur

MANHATTAN 3.950

15" BAKPOKI

Rúmgóður bakpoki fyrir 15" fartölvur frá Manhattan

MANHATTAN 3.950

ACER ASPIRE 7720G-5A

- 1.83GHz Intel Core 2 Duo
- 4GB DDR2 667MHz
- 640GB SATA 5400rpm
- 256MB Geforce 9300
- 17" WideScreen skjár

137.950

750GB SAMSUNG

750GB Samsung HD753LJ, SATA2 7200rpm harður diskur með 32MB buffer

10.950

160GB WD PASSPORT

Lítill og nettur utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúinn til notkunnar

10.750

CANON IP4500

Canon iP4500 er 5 hylkja ljósmyndaprentari með 9600x2400 dpi upplausn ChromaLife tækni

Canon 12.750

CANON LIDE 70

Canon Lide 70 er örþunnur borðskanni sem fer lítið fyrir á borði, skannar í 2400x4800 dpi upplausn

Canon 9.950

4GB MINNISLYKILL

Sandisk Cruzer Micro Skin 4GB minnislykill vandaður og flottur fyrir allmenna notkunn

1.950

8GB MINNISLYKILL

8GB höggheldur og vatnsvarinn minnislykill frá Corsair með 10 ára ábyrgð

4.950

ACER ASPIRE 5930G-73

- 2.0GHz Intel Core2 Duo Penryn
- 4GB DDR2 667MHz
- 320GB SATA 5400rpm
- 512MB Geforce Go 9600GT
- 15.4" WideScreen skjár

147.950

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

dagskrá

> Beyoncé Knowles

„Ég hef miklu meiri áhuga á því hvort tónlistin mín muni hljóma eftir þrjátíu ár en hvort hún hljómi í dag." Í kvöld sýnir Skjáreinn tónleika með Beyoncé.

VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON HYGGUR Á SJÁLFSSKREYTINGAR

Ástir, örlög og fullkomið smekkleysi

Þegar ég var sextán ára gamall slengdi ég hægri handleggnum yfir barborðið á skítugri krá í Grimsby. Slompfullur heimtaði ég að barþjónninn, sem var líka húðflúrsmeistari knæpunnar, teiknaði á mig varanlega sönnun þess að ég væri maður með mönnum (ég var jú í borginni að selja íslenskan þorsk). Barþjónninn horði á mig stundarkorn og sagði síðan rámri röddu: „Komdu þér út!" Daginn eftir gerði ég aðra tilraun með betri árangri, en það var reyndar á skjannahvítri og klórbaðaðri húðflúrstofu með öll tilskilin leyfi. Þaðan gekk ég með skrítna tilfinningu í brjóstinu og sviða í handleggnum. Það var góð tilfinning að hafa brotið enn eina regluna hennar móður minnar en eftir á séð hefði ég átt að leggja meiri vinnu í að velja myndina sem ég er dæmdur til að bera til dauðadags. Eftirsjá? Já, því verður ekki neitað. Hafði mamma rétt fyrir sér? Já, eins og venjulega.



Húðflúr er merkilegt fyrirbæri. Rætur þessa fyrirbæris eru ekki kunnar en fornleifar og sagnir benda til að menn hafi tekið að teikna hvor á annan fyrir um sex þúsund árum. Það þarf líka ekki að taka það fram að tilgangur þess að setja lit undir húð hefur haft misjafna þýðingu í gegnum tímann hjá borgurum þessa heims. Pólýnesíumenn létu setja húðflúr á líkama sinn til að mynda vörn gegn hættulegum öflum. Nasistar í Þýskalandi skráðu númer á handleggi Gyðinga og annarra fanga í útrýmingarbúðum til að halda því saman hversu marga þeir drápu og pyntuðu. Ekki þarf að leita langt aftur til að finna dómsmál í Bandaríkjunum þar sem tveir menn voru sýknaðir af nauðgun af því að stúlkan sem þeir svívirtu var með litla rós húðflúraða á ökklann.

Kíktu á raunveruleikaþáttinn Miami Ink á Discovery-sjónvarpsstöðinni. Það er sannarlega þess virði því grimm örlög, ástir og fullkomið smekkleysi er þar að finna.

EKKI MISSA AF

19.00 Lokadagur Deutsche Bank mótsins STÖÐ 2 SPORT

19.55 Breiðablik - KR SJÓNVARPIÐ

21.00 The War at Home STÖÐ 2 EXTRA

21.00 Eureka SKJÁREINN

22.35 Missing STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Ungar ofurhetjur
17.55 Gurra grís
18.00 Kóalabræðurnir
18.12 Herramenn
18.25 Út og suður Gísli Einarsson heilsar upp á forvitnilegt fólk. (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.55 Bikarkeppnin í fótbolta Bein útsending frá seinni undanúrslitaleik í Visa bikarkeppni karla. Breiðablik og KR eigast við á Laugardalsvelli.
22.00 Tíufréttir
22.25 Samhljómar (Farmers Market I Symfoni) Norska útvarpshljómsveitin leikur ásamt djass- og þjóðlagasveitinni Farmers Market.
22.55 Slúður (Dirt II) (19:20) Önnur syrpan úr vinsælli bandarískri þáttaröð. Blaðamaður og ljósmyndari sem vinna á þekktu slúðurtímariti eru í stöðugri baráttu við að ná í heitustu fréttirnar úr heimi fræga fólksins. Með aðalhlutverk fara Courteney Cox, Ian Hart, Josh Stewart og Laura Allen. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.35 Kastljós (e)
23.50 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Rebound
10.00 The Magic Roundabout
12.00 Aquamarine
14.00 Rebound
16.00 The Magic Roundabout
18.00 Aquamarine
20.00 Dream Lover Rómantísk spennumynd með James Spader og Mädchen Amick í aðalhlutverkum. Spader leikur ungan og farsælan arkitekt sem er að jafna sig eftir erfiðan skilnað. Lífsleiðinn hverfur þó á svipstundu þegar hann hittir unga og heillandi konu.
22.00 The Skeleton Key
00.00 House of 1000 Corpses
02.00 Possible Worlds
04.00 The Skeleton Key
06.00 Life Support

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Sylvester og Tweety, Draugasögur Scooby-Doo og Kalli kanína og félagar.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (138:300)
10.15 Sisters (22:24)
11.20 Logi í beinni
12.00 Hádegisfréttir
12.35 Neighbours
13.00 Fever Pitch
14.50 Newlywed, Nearly Dead (2:13)
15.20 Friends (1:23)
15.55 Háheimar
16.20 Leðurblökumaðurinn
16.40 Tracey McBean
16.53 Louie
17.03 Skjaldbökurnar
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.17 Veður
19.30 The Simpsons (20:25)
19.55 Friends (10:24)
20.20 So you Think you Can Dance
21.50 So you Think you Can Dance
22.35 Missing (17:19) Þáttaröð um leit bandarísku alríkislögreglunnar að týndu fólki. Jess Mastrini er sjáandi og sérlegur aðstoðarmaður hennar í þeim rannsóknum. Nicole Scott er félagi hennar og er hörkulögga sem veigrar sér ekki við að beygja reglurnar til þess að leysa glæpi.
23.20 It's Always Sunny In Philadelphia (9:10) Önnur þáttaröð þessarar skemmtilegu gamanþáttaraðar um fjóra félaga sem reka saman bar en eru of sjálumglaðir til að geta unnið saman án þess að það verði árakstrar á milli þeirra.
23.45 Suzanne's Diary for Nicholas
01.15 Las Vegas (8:19)
02.00 Silent Witness (8:10)
02.55 Fever Pitch
04.35 Missing (17:19)
05.20 It's Always Sunny In Philadelphia (9:10)
05.45 Fréttir

SPORT *besta sætið*

07.00 Landsbankadeildin 2008 Keflavík - Grindavík.
11.30 PGA-mótaröðin Útsending frá þriðja deginum á Deutsche Bank mótinu.
14.30 Spænski boltinn Numancia - Barcelona.
16.10 Landsbankadeildin 2008 Keflavík - Grindavík.
18.00 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.
19.00 PGA mótaröðin Bein útsending frá lokadeginum á Deutsche Bank mótinu í golfi.
22.00 Spænsku mörkin Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar ásamt Heimi Guðjónssyni.
22.45 10 Bestu - Rúnar Kristinsson Fjórði þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.
23.30 Þýski handboltinn - Hápunktar Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
00.10 World Series of Poker 2008 Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Aston Villa og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
16.45 English Premier League
17.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Bolton og WBA í ensku úrvalsdeildinni.
19.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Aston Villa og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 English Premier League
22.00 Coca Cola mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.
22.30 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Arsenal og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.45 Vörutorg
17.45 Dr. Phil Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
18.30 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
19.20 Kitchen Nightmares Kjaftfori kokkurinn Gordon Ramsay heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa við blaðinu. (e)
20.10 Beyoncé: Live in Japan (e) Upptaka frá tónleikum með söngkonunni Beyoncé í Japan. Beyoncé var að fagna 25 ára afmæli sínu og útgáfu breiðskífunnar B'DAY í hinni heimsfrægu Budokan-tónlistarhöll í Tókýó. (e)
21.00 Eureka (4:13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Jack Carter fær höfuðhögg og skyndilega er ekkert eins og það á að vera.
21.50 C.S.I. New York (2:21) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Lík finnst í höfninni í New York og það leiðir Mac og félaga hans í rannsóknardeildinni að földum fjársjóði og upplýsingum um væntanlega árás á bílalest sem er á leið í höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna.
22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
23.30 Swingtown (e)
00.20 Criss Angel Mindfreak (e)
00.45 Da Vinci's Inquest
01.35 Trailer Park Boys

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klukkutíma fresti til kl. 12.15 daginn eftir
20.30 Gönguleiðir Þáttur um áhugaverðar gönguleiðir á Íslandi. Endursýnt kl. 21.30 og 22.30.
N4 Sjónvarp Norðurlands
Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.20

So You Think You Can Dance

Dansæðið heldur áfram og aðeins tíu allra bestu dansararnir eru eftir. Nú skipta keppendurnir um dansfélaga og því mun reyna töluvert á pörin í samvinnunni og að tryggja sig áfram í átta manna úrslitin. So You Think You Can Dance kemur frá framleiðendum American Idol. Þetta er fjórða þáttaröðin og hafa vinsældirnar aldrei verið meiri.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Happy Hour
Stöð 2 extra kl. 18.30 og 21.30

Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Vítt og breitt
14.03 Út um víðan völl
15.03 Útvarpssagan: Hafborg
15.30 Heimsauga
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Flækingur
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Isadora
21.10 Framtíð lýðræðis
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Kvöldsagan: Rósin rjóð
22.45 Jazzhátíð Reykjavíkur 2008
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (5:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.30 Hollyoaks (6:260)
17.00 Seinfeld
17.30 American Dad (5:16)
18.00 The War at Home
18.30 Happy Hour (5:13)
19.00 Hollyoaks (5:260)
19.30 Hollyoaks (6:260)
20.00 Seinfeld Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.
20.30 American Dad (5:16) Fjórða serían um Stan og fjölskylda hans.
21.00 The War at Home Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir.
21.30 Happy Hour (5:13)
22.00 Women's Murder Club (11:13) Hér segir frá fjórum vinkonum sem allar vinna við morðrannsóknir. Ein er rannsóknarlögregla, önnur saksóknari, þriðja dánardómstjóri og sú fjórða er rannsóknarblaðakona.
22.45 Numbers
23.30 The Tudors (5:10)
00.25 Wire (11:13)
01.25 Sjáðu
01.50 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

ÍNN

20.00 Mér finnst... Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Gísli Hrafn Atlason og Sigríður Klingenberg.
21.00 Mæður og dætur Umsjón: Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Gestir: Auður Eir Vilhjálmsdóttir og Yrsa Þórðardóttir.
21.30 Ármann á Alþingi Umsjón: Ármann Kr. Ólafsson alþingismaður. Gestur: Kristján Vigfússon.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** 21 Søndag **10.50** Aftenshowet **11.35** Den menneskelige zoo **12.25** Min afrikanske forbindelse - Tanzania **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.15** Flight 29 savnes! **13.35** Pigebandet Frank **13.55** Skum TV **14.10** Angora by night **14.35** Naruto **15.00** Troldspejlet **15.15** Robotboy **15.30** Lotte fra Spektakelmagergade **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Supernabo **18.00** Attenborough - koldblodigt eventyr **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Blackjack **21.30** OBS **21.35** Seinfeld

NRK 1

10.00 NRK nyheter **10.10** Med hjartet på rette staden **11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Tinas mat **12.35** ‚Allo, ‚Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Melodi Grand Prix junior 2004 **14.00** NRK nyheter **14.10** Melodi Grand Prix junior 2004 **14.35** Keiserens nye skole **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Små Einsteins **16.25** Gjengen på taket **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Puls **17.55** Faktor. Evas vågestykke **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Fornuft og følelser **20.30** Kavli - en ny Nobel? **21.00** Kveldsnytt **21.15** Dalziel og Pascoe **22.50** Olavsfestdagene **23.20** Kulturnytt **23.30** Sport Jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport **10.05** Sportspegeln **11.15** Bröderna Östermans huskors **12.55** Logga in! **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Vinnarskallar **15.00** Hannas hjälplinje **15.10** Rorri Racerbil **15.20** Jasper Pingvin **15.30** Krokodill **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Dödsdansen **21.40** Kulturnyheterna **21.55** Logga in! **22.10** Brottskod. Försvunnen **22.55** Sändningar från SVT24

BEINUM ATHYGLINNI AÐ EINSTAKLINGNUM Á NÝ
MEÐ DALE CARNEGIE ÞJÁLFUN
–UPPRUNALEGU OG ENN BESTU LEIÐINNI
TIL AÐ ÞRÓA MANNLEGU HLIÐINA Í VIÐSKIPTUM.

NÁÐU FRAM ÞVÍ BESTA!

Við hjálpum þér að:
- Efla sjálfstraustið
- Ná mjög góðum árangri í mannlegum samskiptum
- Bæta tjáningarhæfnina
- Efla leiðtogahæfileikana
- Draga úr áhyggjum, streitu og kvíða
- Setja þér raunhæf og krefjandi markmið
- Bæta þig í tímastjórnun

NÁMSKEIÐ: Í REYKJAVÍK, Á AKUREYRI, Á ÍSAFIRÐI, Á EGILSSTÖÐUM.

SKRÁÐU ÞIG STRAX
í síma 555-7080 eða á
www.dalecarnegie.is

NÆSTU NÁMSKEIÐ HEFJAST:
4. september kvöldnámskeið
10. september kvöldnámskeið
23. september kvöldnámskeið NÝR TÍMI!
25. september dagnámskeið
29. september kvöldnámskeið

KYNNINGARFUNDUR:
Mánudaginn 1. september kl. 20–21.15,
Ármúla 11, 3. hæð (við hliðina á Broadway).
Allir velkomnir.

DALE CARNEGIE© ÞJÁLFUN

www.dalecarnegie.is

GUÐLAUG EDDA STEINGRÍMSDÓTTIR
HÓPSTJÓRI FASTEIGNAÞJÓNUSTU GLITNI

Þátttaka á Dale Carnegie námskeiðinu jók sjálfstraust mitt til muna. Eftir námskeiðið á ég auðveldara með að koma fram á fundum og flytja erindi á hnitmiðaðan hátt. Ég gerði mér fljótlega grein fyrir því að ég væri alveg jafnhæf til þess og aðrir að vera góður leiðtogi. Ég taldi mig alltaf skipulagða manneskju en eftir námskeiðið hef ég komist að því að það má alltaf bæta sig á því sviði og það hef ég gert. Ég forgangsraða verkefnum og nýti því tímann yfir daginn mun betur. Einnig hef ég lært að það er aldrei of seint að láta drauma sína rætast, það eina sem til þarf er að setja sér markmið og stefna ótrauður að þeim.

LÖGIN VIÐ VINNUNA

„Þar sem ég vinn við tónlist hlusta ég bara á það sem ég vinn að þann daginn. Í augnablikinu er ég að vinna að tónlist hljómsveitarinnar Guitar Islancio og lögin Ack Varmeland og Cest si bon eru lögin við vinnuna þessa dagana.“

Björn Thoroddsen, gítarleikari

Spurt er um blöðrubólgu

Femínistafélag Íslands stendur fyrir pub-quiz kvöldi á Sólon á þriðjudagskvöldið, en slíkar keppnir hafa mælst afar vel fyrir á síðustu misserum. Spurninganirðir gætu þó átt von á dálítið fjölbreyttari spurningum en oft vilja einkenna slík kvöld.

„Svona spurningakeppnir eru rosalega skemmtilegar, en það er oft sem maður fer á pub quiz og það er bara spurt um heimsmeistara í fótbolta og eitthvað álíka. Það sem þykir eðlileg vitneskja er svo oft mikil strákavitneskja,“ segir Auður Alfífa Ketilsdóttir, ritari félagsins.

Spurningar á pub-quiz kvöldi Femínistafélagsins verða því með eilítið öðru sniði. „Við höfum verið að grínast með að hafa spurningar um blöðrubólgu, getnaðarvarnir, hannyrðir og fleira úr sérhæfðum reynsluheimi kvenna,“ segir Auður kímin. „En þetta verður alveg pottþétt fjölbreytt og ekki bara úr kvennasögu eða um blöðrubólgu. Enda er lykillinn að góðri keppni að hafa mikla fjölbreytni svo það reyni á víðtæka þekkingu,“ bætir hún við.

Keppnin fer fram á efri hæð skemmtistaðarins Sólon og hefst klukkan 20. Tveir keppa saman í liði, en Auður leggur áherslu á að fólk megi að sjálfsögðu keppa eitt og sér. Blýantar verða á staðnum og gestir fá tilboð á barnum. Þá verður Bryndís Björgvinsdóttir með ljóðaupplestur í hléi.

Auður hvetur sem flesta til að mæta. „Það væri náttúrulega stórskemmtilegt að fá venjulegar pöbbkviss-rottur og Gettu betur-liðin til að mæta og spreyta sig,“ segir hún. **- sun**

REYNIR Á VÍÐTÆKA ÞEKKINGU Auður Alfífa Ketilsdóttir segir pub-quiz Femínistafélagsins verða hefðbundna spurningakeppni, þó að spurningar gætu verið örlítið fjölbreyttari en oft gengur og gerist. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



LÁRÉTT
2. hvetja, **6.** skammstöfun, **8.** bók, **9.** bar að garði, **11.** tveir eins, **12.** hökutoppur, **14.** þátttakandi, **16.** tveir eins, **17.** gat á steðja, **18.** knæpa, **20.** fyrir hönd, **21.** dugnaður.

LÓÐRÉTT
1. strit, **3.** tveir eins, **4.** vitsmunamissir, **5.** sigað, **7.** niðurlag, **10.** samhliða, **13.** gljúfur, **15.** sjá eftir, **16.** kúgun, **19.** utan.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. örva, **6.** al, **8.** rit, **9.** kom, **11.** tt, **12.** skegg, **14.** aðili, **16.** oo, **17.** löð, **18.** krá, **20.** pr, **21.** iðni.

LÓÐRÉTT: 1. baks, **3.** rr, **4.** vitgiðp, **5.** att, **7.** lokaorð, **10.** með, **13.** gil, **15.** iðra, **16.** oki, **19.** án.

ÍSLAGNIR
Löggildir rafverktakar
Rafmagnsvandamál
Talaðu þá við okkur
Uppl. síma
8604507 / 8494007
islagnir@islagnir.is
www.islagnir.is

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

HELGA MARGRÉT: ERLEND KVIKMYNDAFYRIRTÆKI FLYKKJAST TIL ÍSLANDS

Uppgrip við að þjónusta útlendinga í kreppunni

Kreppan virðist ekki hafa jafn slæm áhrif á alla þætti íslensks viðskiptalífs því í sumar hafa erlend kvikmyndafyrirtæki flykkst hingað til lands til þess að taka upp kvikmyndir og auglýsingar. Helga Margrét Reykdal hjá True North segir að fyrirtækið hafi haft í nægu að snúast síðustu vikur og vart haft undan við að þjónusta þá sem hingað komu. „Ágústmánuður er búinn að vera sérstaklega þéttur og fjörugur. Við vorum að ljúka við tökur á þýskri sjónvarpsmynd og nokkrum bandarískum auglýsingum og erum strax farin að undirbúa næsta verkefni,“ segir Helga. Aðspurð segir Helga ástæðuna að baki þessa verkefnaflóðs vera slæmt gengi krónunnar, „Við þjónustum fyrst og fremst erlend kvikmyndafyrirtæki og eins og staðan er í dag þá er mjög hagstætt fyrir þau að koma hingað og vinna. Það er gífurlega margt að gerast í þessum bransa núna og miðað við í fyrra þá erum við núna til dæmis að taka að okkur fleiri verkefni á sama tíma og við höfum þurft að ráða til okkar aukafólk til þess að anna þessu.“

NÓG AÐ GERA Helga Margrét hjá True North segir aldrei hafa verið meira að gera en í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Magnús Viðar Jónsson hjá Sagafilm hefur sömu sögu að segja. „Það hefur verið töluvert mikið að gera hjá okkur í sumar, mun meira en á sama tíma í fyrra. Fyrirspurnum frá erlendum fyrirtækjum hefur einnig fjölgað til muna, en flest þeirra koma hingað til þess að taka upp heimildarmyndir, kvikmyndir, auglýsingar og tískuþætti. Staða krónunnar er mjög veik miðað við erlenda gjaldmiðla og það er fyrirtækjum eins og okkar í hag.“ Magnús segir að iðngreinin hafi farið ört vaxandi síðastliðin ár, „Latibær var til dæmis mikil lyftistöng fyrir iðngreinina. Fólk fékk gríðarlega reynslu þar í hágæða háskerpuframleiðslu og þessi kunnátta hefur svo skilað sér aftur út til okkar.“ Í viðtali við Fréttablaðið fyrir skömmu sagði Andrea Brabin hjá Eskimo að hún hafi einnig haft í nógu að snúast síðustu vikur. „Það er brjálað að gera hjá okkur og öllum þeim sem sinna útlendingum. Krónan er svo lág að það kostar fólk svo miklu minna að gera eitthvað hérna,“ var haft eftir Andreu.

ENGIN KREPPA Það er nóg að gera hjá fyrirsætum landsins í kreppunni.

sara@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Jemenmarkaður og -uppboð **Jóhönnu Kristjónsdóttur** heppnaðist vel um helgina. 2,1 milljón fékkst fyrir listaverk **Ólafs Elíassonar**, milljón fyrir landsliðstreyju **Ólafs Stefánssonar** og um 110 þúsund krónur fyrir kjól **Bjarkar Guðmundsdóttur**.

Hádegisverður með **Friðriki Weisshappel** og tveggja tíma leiðsögn hans um Kaupmannahöfn var svo slegið í gegnum síma. Óþekktur kaupandi greiddi 120 þúsund krónur fyrir. Þegar hádegisverðurinn með Friðriki var boðinn upp var lesin upp vísa sem veitingamaðurinn í Kaupmannahöfn samdi af þessu tilefni. Hún var svohljóðandi:

Það var sirka fyrir viku, að ég sagði já
Lofaði blítt að brosa, vera hýr á brá
Að leið-einn landa, út um borg og bý
Draga fram og sýna, hennar fínerí

Svo fór ég að hugsa, bjóða upp
líkamann !?
Tveggja tíma notkun, gæsahúð
ég fann
Ég verð bara að vona : /
Að það kaupi mig kona :)

- hdm

Hlutskarpari en kennararnir

Guðni Björn Valberg átti hlut í vinningstillögunni um Listaháskóla Íslands og skaut þar með kennurum sínum ref fyrir rass. „Að vissu leyti, já. Fjórar af fimm tillögum sem voru í efstu sætunum voru eftir fyrrverandi kennara mína,“ segir Guðni. „En ég vinn líka með fyrrverandi kennara mínum hjá +Arkitektum. Þannig að það má segja að ég hafi skotið þeim öllum ref fyrir rass, nema Páli Hjaltasyni.“

Hann var Páli sem hægri hönd. „Þetta var í raun hópur hérna á Íslandi, en ég og Páll vorum hópstjórar. Svo vorum við með annað teymi í Danmörku sem heitir Adept og kom að þessu með okkur.“

Hvernig tilfinning er það að vinna kennara sína? „Hún er ágæt. Maður verður að passa sig að vera ekki of hrokafullur þegar gamlir kennarar koma við sögu, það voru nú þeir sem kenndu mér það sem ég kann. Þeir eiga því kannski brotabrot í þessari vinningstillögu eftir allt saman.“

Guðni útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands fyrir ári. Hann lætur mastersgráðuna bíða aðeins meðan hann fylgir tillögunni eftir. „Þetta var draumaverkefni fyrir mér, þar sem ég hef mikinn áhuga á Laugaveginum. Ég er að sjálfsögðu tengdur Listaháskólanum og verð það nú enn frekar. Næsta draumaverkefni er að sjá skólann rísa og að fá að kenna þar í framtíðinni.“ **- kbs**

SKAUT ÞEIM REF FYRIR RASS Guðni Björn vann kennara sína í samkeppninni um hús Listaháskólans.

Humanscale™

freedom™

margverðlaunaður skrifstofustóll frá Humanscale

ÞÚ ÞARFT EKKI LEIÐBEININGAR

Freedom stóllinn er einn háþróaðasti stóll sögunnar, þægilegur, styður vel við líkamann og er mjög auðveldur í stillingum.

Þú þarft ekki að velta fyrir þér leiðbeiningum um það hvernig eigi að stilla stólinn svo hann henti þér. Freedom sér um það fyrir þig.

Það eina sem að þú þarft að gera er að sitja!

Tilboð kr. 103.990,-
Fullt verð kr. 189.990,-
Cava áklæði

Viðurkenningar sem Freedom stóllinn hefur hlotið

Hér eru örfá fyrirtæki sem sjá ástæðu til að kaupa eingöngu stóla frá Humanscale:
Abbott Laboratories, ABN AMRO, ADP, AIG, Alliance Bernstein, American Express, AMGEN, AOL, Apple Computer, Bank of NY, Baxter Healthcare, Bloomberg, Boeing, BP, Bristol Myers Squibb, Caterpillar, Chevron Texaco, Chubb, Cisco Systems, Citigroup, Colgate-Palmolive, Deloitte & Touche, Ford, GE, Hewitt Associates, Hewlett-Packard, Hilton Hotels, Honeywell, HSBC, Hyatt Hotels Corporation, Ingram Mirco, John Deere, Johnson & Johnson, JP Morgan Chase/Bank One, Juniper Networks, McKinsey Merrill Lynch, Morgan Stanley, Motorola Mark, Novartis, Nvidia Corporation, Oracle Corporation, Pfizer Pharmecutical, Siemens, Sony.

Bæjarlind 12 - 201 Kópavogur - Sími 568 2828 - www.buumbetur.is

BÚUM BETUR
HÚSGAGNAVERSLUN

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Ilægra verð
Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

BAKÞANKAR
Þráins Bertelssonar

Frumvarp til laga um hæfilega spillingu

1. GREIN: „Láttu ekki standa þig að verki.“

2. GREIN. „Ef þú ert gripinn áttu að biðjast fyrirgefningar án þess að slá til blaðamanna.“ Þér verður fyrirgefið. Það krefst þess enginn að þingmaður hafi óbrenglaða dómgreind.

3. GREIN. „Varðandi ferðalög skaltu forðast að fljúga á Saga Class og kúldrast aftur í gripaflutningadeildinni, nema um sé að ræða langt flug sem hvorki byrjar né endar á íslenskum flugvelli.“

4. GREIN. „Varðandi dagpeninganeyslu maka skaltu forðast að fljúga með maka þínum til og frá landinu í sömu vél og forðast þannig óþarfa kjaftagang.“ Gott er að senda makann deginum áður til að taka upp úr töskunum. Fyrir heimkomu er gott að taka aukadag og fara í gufu og nudd og líta vel út í fjölmiðlaviðtölum um það gífurlega hlutverk sem bíður Íslands í alþjóðaviðskiptum.

5. GREIN. „Varðandi skipanir vina þinna í embætti er lykilatriði að koma á gagnvirku samkomulagi við aðra stjórnmálamenn.“ Þeir skipa þína fulltrúa óskylda sér í embætti og þú launar greiðann með því að gauka góðum póstum að ættingjum þeirra.

6. GREIN. „Mikilvægt er að viðurkenna aldrei fjárhagsleg tengsl við fyrirtæki.“ Hlutabréf eða stofnfé á þínu nafni sem snuðrarar finna samt skaltu útskýra sem tannfé eða skírnargjafir sem þú hafir gleymt og aldrei talið nokkurs virði.

7. GREIN. „Á öllum fundum í kjördæmi þínu skaltu óhikað bjóða upp á góðar veislur og ómælt áfengi.“ Annars halda kjósendur þínir að þú sért valdalaus aumingi.

8. GREIN. „Mútur: Ef einhver klórar manni á bakinu er ráðlegt að mynda hring með fleiri aðilum sem klóra hver öðrum duglega á bakinu. Ef hringurinn er nógu stór er engin leið til þess fyrir blaðasnápa að grafa upp hver sat hvar í hringnum og klóraði hverjum fyrir hvað.“

9. GREIN. „Varðandi laxveiðar og boðsferðir ber að tryggja að veiðibækur og boðslistar komi ekki fyrir almenningssjónir.“

10. GREIN. „Varðandi nauðsynlegar og óhjákvæmilegar embættaveitingar sem allir sjá að eru bara spilling er nauðsynlegt að taka sér frí í hálfan dag og koma veitingunni á staðgengil sinn í ráðherrastarfi.“ Til þess eru staðgenglar.

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 1. september, 245. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	6.11	13.27	20.42
Akureyri	5.50	13.12	20.32

Heimild: Almanak Háskólans

ISUZU D-MAX

ISUZU

3.990.000

MEÐ 35" BREYTINGU

SJÁLFSKIPTUR ISUZU D-MAX* - 35" BREYTTUR

„ER HÆGT AÐ GERA BETRI KAUP Á PALLBÍL?“

3,0 l dísilvél, 163 hestöfl, **3ja tonna dráttargeta**, aksturstölva, loftkæling, skriðstillir, rafmagn í speglum, ljóskastarar í framstuðara, hljómflutningstæki og **35" breyting innifalin. Takmarkaður fjöldi bíla.**

ENNEMM / SÍA / NM34786

*Bíll á mynd er með pallhúsi sem er ekki innifalið í verðinu. Pallhúsið er hins vegar á 200.000 kr. tilboði, málað í lit og komið á bílinn.

Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH INGVAR HELGASON